



**Arfleifð og gersemar
Þjóðlegt handverk í textílmennt frá
1960–2013**

Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs
Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Arfleifð og gersemar
Þjóðlegt handverk í textílmennt frá
1960-2013

Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í faggreinakennslu í grunnskóla með
kjörsviðið textílmennt
Leiðbeinandi: Brynjar Ólafsson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Arfleifð og gersemar. Þjóðlegt handverk í textílmennt frá 1960 – 2013.
Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við
Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2014 Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent ehf.
Reykjavík 2014

Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed - gráðu í Faggreinakennslu í grunnskóla með textílmennt sem kjörsvið frá Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Leiðbeinanda mínum Brynjari Ólafssyni þakka ég fyrir góða leiðsögn og stuðning við verkefnið. Sérfræðingi mínum Sigrúnu Guðmundsdóttur þakka ég góðar ráðleggingar og hvatningu. Viðmælendur mínir spila stórt hlutverk í þessari rannsókn og vil ég færa þeim sérstakar þakkir fyrir að hafa deilt með mér reynslu sinni af textílmenntakennslu. Vonast ég til að rannsóknin nýtist faggreininni textílmennt og verði hvati að fleiri rannsóknum á námsgreininni.

Nánustu fjölskyldu minni þakka ég fyrir ómældan stuðning, hvatningu og aðstoð meðan á náminu hefur staðið. Dætrum mínum þakka ég fyrir að hafa haft ómælda trú á mér og fyrir þolinmæðina. Yngsta dóttir mín Ísabella fær sérstakar þakkir fyrir að hafa sýnt hugðarefni mínu þjóðlegu handverki sérstakan áhuga og fyrir að hafa verið þátttakandi í tilraunavinnunni og ferlinu sem hefur átt sér stað í námi mínu sem verðandi textílkennari og verið hefur undanfari að þessu lokaverkefni.

Ágrip

Viðfangsefni rannsóknarinnar sem þetta lokaverkefni byggir á er þjóðlegt handverk í textílmennt í grunnskólum á Íslandi. Megintilgangurinn var að skoða hvort og þá hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmennt frá árinu 1960. Rannsóknin er eigindleg og fór gagnaöflunin fram í formi viðtala við sex textílkennara í febrúar og mars 2014. Gagna var einnig aflað með athugun á lögum um grunnskóla og aðalnámskrám frá árinu 1960.

Farið verður yfir sögu textílmenntakennslu frá því farið var að kenna hana í grunnskólum ásamt lögum um grunnskóla og námskrár frá útkomu þeirra. Kannað verður hvernig þjóðlegt handverk birtist í aðalnámskrám og lögum um grunnskóla frá árinu 1960 til dagsins í dag, hvort breytingar hafi átt sér stað á þessu tímabili og hvernig það birtist í kennslu sex kennara í textílmennt.

Fram kemur í lögum um grunnskóla að aðalnámskrá sé ætlað að útfæra nánar nám og kennslu í textílmennt. Ekki var farið að tala um íslenskan menningararf og þjóðlegar handverkshefðir sem mikilvægan þátt í námi fyrir en með námskránni frá árinu 1977 og litlar breytingar hafa verið á helstu áherslum um nám og kennslu í útgefnum aðalnámskrám eftir þann tíma. Allir viðmælendur töldu erfitt um vik að kenna allt það sem fram kemur í aðalnámskránni, en töldu þó mikilvægt að reyna það.

Þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í kennslu viðmælenda minna og þá að mestu leyti sem kynning á handverkshefðum og aðferðum að baki þeim. Meirihluti viðmælenda taldi mikilvægt að kenna þjóðlegt handverk og fram kom að textílkennarar töldu að greinin byggði á arfi frá hinu gamla þjóðlega handverki og þá aðallega á þeim þætti hans sem fólk stundaði áður fyrir sér til bjargar. Fram komu ákveðnir þættir sem hindra kennslu á þjóðlegu handverki í textílmennt eins og skortur á tíma og námsefni, kostnaður og minna fjármagn til grunnskólanna.

Abstract

Heritage and treasure. Traditional Icelandic handicraft in textile education in elementary schools from 1960–2013

The main purpose of this research was to find out if and in what way the traditional Icelandic handicraft appears in textile education in Icelandic elementary schools from 1960 – 2013. Using qualitative research method, the study is based on interviews with six textile teachers during February and March 2014. Data was also collected by reviewing the legislation for elementary education and the national curriculum guide from 1960.

Textile education is covered from the time it was first used for teaching in elementary schools and legislation for elementary education and the national curriculum from it was first published. The study looked into how traditional Icelandic handicraft appears in elementary schools and legislation for elementary education and the national curriculum guide from 1960 until today to see if there have been any changes during the period as well as to see how these changes appear in the work of these six textile teachers. The main findings of this research were that the legislation for elementary education states that the role of the national curriculum guide is to develop further the teaching methods in textile education. The traditional Icelandic handicraft was not considered to be a significant part of the textile education until the national curriculum guide was published in 1977. Since then there have only been a few changes made to the curriculum regarding studies and teaching instruction. All the interviewees believed it is almost impossible to teach everything stated in the national curriculum guide. However, they were all willing to try to make the effort. The traditional handicraft appears in textile education in the work of these six textile teachers mainly through introduction of the traditional handicraft heritage and the methods behind it. The majority of the interviewees thought it was important to teach the traditional handicraft and their believe was that the current field is indeed founded on the heritage from the old traditional handicraft and for the most part on the line of handicraft that people used for survival in the early days. The research also revealed that there are certain factors such as lack of time, educational material, and decreased budget that prevents students from receiving the appropriate textile education.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
1 Inngangur	11
1.1 Markmið og tilgangur	11
1.2 Gildi verkefnisins og rök fyrir vali á viðfangsefni	11
1.3 Rannsóknarspurningar	12
1.4 Hugtök og skilgreiningar	13
1.5 Uppbygging ritgerðar	16
2 Fræðilegur bakgrunnur	17
2.1 Þjóðlegt handverk í íslensku samfélagi frá því um aldamótin 1900..	17
2.1.1 Heimilisiðnaðarfélagið	18
2.1.2 Hlín	19
2.1.3 Handverksnámskeið	20
2.1.4 Húsmæðraskólar	21
2.2 Textílmenntakennsla á Íslandi	22
2.2.1 Hugmyndafræðilegt gildi þess að kenna handverk	22
2.2.2 Slöjd – skólaiðnaður	23
2.2.3 Heimilisiðnaður	24
2.2.4 Upphaf textílmenntakennslu á Íslandi	25
2.2.5 Þróun kennaramenntunar í textílmennt	28
2.3 Þjóðlegt handverk í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla	30
2.3.1 Lög um grunnskóla	30
2.3.2 Aðalnámskrár og drög að námskrám	33
2.3.3 Námskráin 1929	33
2.3.4 Drög að námskrám fyrir barna- og gagnfræðaskóla 1948	33
2.3.5 Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri 1960	34
2.3.6 Aðalnámskrá grunnskóla. Mynd- og handmennt 1977	35

2.3.7	Aðalnámskrá grunnskóla - Mynd- og handmennt 1989	36
2.3.8	Aðalnámskrá grunnskóla - Textílmennt 1999	37
2.3.9	Aðalnámskrá grunnskóla - Textílmennt 2007	38
2.3.10	Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti 2011/Greinasvið. 2013	39
2.3.11	Samantekt	40
2.4	Rannsóknir í list- og verkgreinakennslu	41
2.4.1	Kennsluhættir í list- og verkgreinum	42
2.4.2	Menning og verklag fyrri tíma	43
2.4.3	Hvernig tekst til við að uppfylla markmið aðalnámskrár	44
2.4.4	Persónuleg viðhorf list- og verkgreinakennara hafa áhrif á kennsluhætti þeirra	45
2.5	Samantekt	47
3	Framkvæmd rannsóknar	49
3.1	Markmið rannsóknar	49
3.2	Rannsóknarsnið	49
3.3	Val á viðmælendum og trúverðugleiki	50
3.4	Þátttakendur	50
3.5	Gagnaöflun	52
3.6	Úrvinnsla gagna	52
3.7	Siðferðisleg atriði	53
3.8	Afstaða til rannsóknarefnis	54
4	Niðurstöður	55
4.1	Íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk í textílmennt	56
4.1.1	Kennsluhættir á þjóðlegu handverki	56
4.1.2	Menningararfurinn færður áfram í orði	58
4.1.3	Safnakennsla	59
4.1.4	Íslenskur menningararfur birtist í ýmsum myndum	59
4.1.5	Íslenskur menningararfur í kennaramenntun textílkennara	60
4.1.6	Af hverju kennum við um þjóðlegt handverk og menningararfinn okkar?	60
4.1.7	Skortur á námsefni - menningararfurinn - efnisfræði	62
4.2	Kennsluhættir í textílmennt	63
4.2.1	Verkefni þurfa að höfða til nemenda	64

4.2.2 Samfélagsleg áhrif og viðhorf til námsgreinarinnar textílmennnt.....	66
4.2.3 Viðhorf úr æsku lita kennsluhætti textílkennara.....	67
4.3 Aðalnámskráin og vettvangur	68
4.3.1 Rótgróið fag - sami grunnur – breytingar	68
4.3.2 Takmarkaður tími - stórir hópar - breytt verkefni	70
4.3.3 Breytingar taka tíma	71
4.3.4 Þarfir nemenda í fyrirrúmi - skóli án aðgreiningar	72
4.4 Breyttar áherslur í kennaramenntun.....	73
4.4.1 Umhyggja fyrir námsgreininni textílmennnt.....	73
4.4.2 Endurmenntun og handverksnámskeið.....	74
4.5 Samantekt	75
5 Umræða	77
5.1 Lög um grunnskóla og aðalnámskrár frá árinu 1960 til 2013.....	77
5.2 Þjóðlegar handverkshefðir í textílmennnt.....	78
5.3 Kennsluhættir námsgreinarinnar textílmennnt	80
5.4 Aðalnámskráin - breytingar og vettvangur.....	83
5.5 Rannsóknarspurningum svarað.....	85
6 Lokaorð	87
Heimildaskrá.....	89
Viðauki.....	99

1 Inngangur

Rannsókn þessari er ætlað að skoða hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í grunnskólum hér á landi. Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð sem hefur þróast áfram og tekið breytingum í takt við breytta tíma og áherslur í uppeldi og menntun. Fram kemur í nágildandi aðalnámskrá að í list- og verkgreinum fái nemendur einstakt tækifæri á að viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma ásamt því að hlúa að eigin menningararfleifð. Áhugavert verður því að kanna hvort og þá hvernig menningararfurinn og verklag fyrri tíma hið þjóðlega handverk birtist í námsgreininni textílmennt og um leið skoða hvernig textílkennurum tekst að ná fram þeim hæfniviðmiðum sem fram koma um þjóðlegt handverk í aðalnámskrá í textílmenntakennslu. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á því hvernig það sem aðalnámskrá kveður á um fyrir námsgreinina textílmennt birtist í faginu. Er rannsókn þessari ætlað að vera liður í að bæta úr því og vonandi verða faginu textílmennt til framdráttar.

1.1 Markmið og tilgangur

Markmið verkefnisins er að reyna að varpa ljósi á hvort og þá hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í grunnskólum hér á landi frá árinu 1960 til dagsins í dag. Skoðað verður hvernig handverkið birtist í aðalnámskrám og lögum um grunnskóla frá 1960. Fjallað verður um textílmenntakennslu frá því farið var að kenna hana í grunnskólum og einnig verða lög um grunnskóla og aðalnámskrár skoðuð frá upphafi útkomu þeirra. Tekin voru viðtöl bæði við starfandi textílkennara og þá sem látið hafa af störfum sökum aldurs, með það að markmiði að ná fram upplýsingum um þjóðlegt handverk í textílmenntakennslu frá mismunandi tímabilum. Þannig var hægt að fá fram sjónarmið sem spannar tímabilið frá 1960 til dagsins í dag og jafnframt fá þannig betri sýn á það hvernig handverkið hefur birst og hvort vísbendingar sé að finna um breytingar á tímabilinu.

1.2 Gildi verkefnisins og rök fyrir vali á viðfangsefni

Talað er um í aðalnámskrá fyrir list- og verkgreinar að „listir og handverk eru svo sterkelega samtvinnuð daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 140). Þar kemur einnig fram að afrakstur lista og handverks snúist ekki

eingöngu um listviðburði, sýningar og verkstæði heldur að allt umhverfi okkar og daglegt líf mótast af listum og handverki (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu og hefur markmið þeirra bæði snúist um að búa nemendur undir verkleg störf og stuðla að alhliða þroska þeirra. Listir og verkþekking mynda fjölbreyttan atvinnuveg sem byggir á þekkingu sem á rætur í verkmenningu og framfarir á sviði tækni og vísinda eru byggðar á. Verkleg kunnátta hvílir á hefðum tækni og verklagi sem mikilvægt er að koma áfram til komandi kynslóða. Starfs-umhverfi okkar gerir sífellt meiri kröfur til verkfærni, tækniþekkingar og skilnings. Þekking, færni og skilningur sem byggir á rótgrónum hefðum handverks er undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. „Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þessa að hafa áhrif á það“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 152).

Í list- og verkgreinum fá nemendur einstakt tækifæri til þess að kynnst og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma, hlúa að eigin menningararfleifð samhliða því að kynnst öðrum menningarheimum. Áherslur og hugmyndafræði list- og verkgreina eru byggðar á fjórum þáttum sem fléttast saman á órjúfanlegan hátt á mismunandi stigum. Stigin eru þekkingaröflun/hugmyndavinna, framkvæmd, greining og samhengi. Samhengið felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi, þar sem nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Nauðsynlegt er fyrir nemandann að skilja og þekkja fortíð sína til að geta nýtt sér hana í framtíð sinni (Dewey, 2000). Mikilvægt er því að kennsla í textílmennt fari fram í sögulegu og félagslegu samhengi til að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á því menningarlega samhengi sem handverkið og handverkshefðin að baki hinu þjóðlega handverki er sprottið úr. Handverki sem námsgreinin textílmennt byggir grunn sinn á og hefur þróast áfram í takt við breytta tíma og áherslur í uppeldi og menntun.

1.3 Rannsóknarspurningar

Rannsakandi leggur upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar sem leitast verður til þess að svara í verkefninu, þær eru:

Hvernig birtist þjóðlegt handverk í aðalnámskrá um textílmennt og lögum um grunnskóla frá árinu 1960?

Hvernig birtist þjóðlegt handverk í textílmennt í grunnskólanum frá 1960?

Hvernig birtist það sem fram kemur í aðalnámskrá um þjóðlegt handverk í textílmennt í grunnskólanum?

1.4 Hugtök og skilgreiningar

Menningararfur

Þjóð er skilgreind í *Íslenskri orðabók* (2007) sem stór hópur fólks sem á sér að jafnaði sameiginlegt tungumál og menningu, oft sameiginlega sögulega arfleifð og minningar og býr jafnframt oftast á samfelldu landsvæði við gagnkvæm innri tengsl eins og til dæmis íslenska þjóðin. Menningararfur er skilgreindur í *Íslenskri orðabók* (2007) sem þroski mannglegra eiginleika, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur sem venjulega er skapaður af mörgum kynslóðum. Er þar einnig talað um að menningararfur sé rótgróinn háttur eða siður. Smith (2006) fjallaði um í bók sinni *Uses of heritage* að menningararfur gegni því hlutverki að skapa sjálfsmynd fólks eða hópa og stuðli að því að móta sögulega vitund og sjálfsmynd hópsins. Telur hún að menningararfurinn sé til þess fallinn að skapa rætur og minningar sem skapa fortíð og gildi þjóðarinnar. Íslenska þjóðin hefur í gegnum aldirnar safnað að sér menningararfi sem heldur henni saman vegna sameiginlegrar sögu, sameiginlegs uppruna og sama tungumáls (Katrín Jakobsdóttir, 2003).

Verkleg kunnátta og þjálfun hugans er skilgreind sem menningararfur í *Íslenskri orðabók* (2007). Handverkið og gamlar handverksaðferðir eiga sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og eru mikilvægir þættir í menningu okkar. Menningararfur sem tilkominn er vegna þekkingar sem haldist hefur með þjóðinni í gegnum verkþekkingu sem formæður og forfeður okkar hafa komið áfram milli kynslóða (Magnús Guðmundsson, 1988a).

Þjóðlegt handverk

Hugtakið handverk er skilgreint í *Íslenskri orðabók* (2007) sem handverk unnið með höndunum. Í hæfniviðmiðum fyrir textílmennt er það sem flokkast undir handverk skilgreint sem aðferðir og tækni sem stuðli að þekkingu á fjölbreyttum efnum og aðferðum greinarinnar, auk þess sem það skuli efla verkfærni og stuðla að notkun viðeigandi tækja. Í aðalnámskránni segir að námsgreinin textílmennt byggji á rótgróinni handverkshefð sem eigi sér djúpar rætur í sögu okkar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Textílmennt sé þannig ríkur þáttur í íslenskri menningu og að íslenskur útsaumur, tóvinna, prjón og vefnaður sé meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þurfi að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar. Þar kemur einnig fram að handverkið sem var áður

órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar sé nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu (Aðalnámskrá grunnskóla: listgreinar, 2007).

Þjóðlegt handverk verður skilgreint þannig í ritgerðinni að það sé handverkshefðin og textílsagan sem á sér rætur í menningu þjóðarinnar og byggir á arfleifð á þekkingu á efnum og aðferðum sem teljast til textílmenningararfs okkar og er hluti af íslenska menningararfinum. Er þá átt við gamla íslenska útsauminn, tóvinnu, þrjón, vefnað, jurtalítn og íslensku kvenbúningana.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru skilgreindar þannig í *Íslenskri orðabók* (2007) sem námsgreinar eða fræðigreinar. Einnig er talað um að þær séu sú íþrótt að búa til eitthvað fagurt eða eftirtektarvert auk þess sem fjallað er leikni og færni við útskýringu á hugtakinu.

List- og verkgreinar eru margar ólíkar námsgreinar og þrátt fyrir að ýmislegt tengi þessar greinar saman er margt sem aðgreinir þær. Það sem sameinar þær helst er áhersla á verkkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu og tjáningu. Aðferðir og miðlun eru hins vegar ólíkar eftir greinunum og því eru ólíkar nálganir og mismiklar áherslur á framantalda þætti eftir því um hvaða list- og verkgrein ræðir. List- og verkgreinum er skipt í tvo flokka í núgildandi aðalnámskrá sem bera heitin listgreinar og verkgreinar. Listgreinum er síðan skipt upp í sviðlistir, sem eru námsgreinarnar dans og leiklist, tónmennt og sjónlistir sem einnig er talað um sem myndmennt í námskránni. Verkgreinum er skipt í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í bók sinni *Lýðmenntun* sem kom út árið 1903 og markaði tímamót í íslenskri alþýðufræðslu færði Guðmundur Finnbogason rök fyrir mikilvægi þess að kenna beri list- og verkgreinar. Þar segir hann meðal annars að mikilvægt sé að „nemandinn lærir að nota skynfæri, huga og hönd í sameiningu, lærir að vinna með athygli, umhugsun og nákvæmni, lærir að nota vitið til að stýra höndinni, fær verksvit“ (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 102). Hann talar um fagurfræði og gildi, sköpun, tjáningu, verkkunnáttu og tækni sem mikilvæga þætti í verknámi líkt og talað er um í aðalnámskrá grunnskóla 2013. Guðmundur nefndi að það sem sameini greinarnar sé teikning, söngur, dans, smíði, hannyrðir og matreiðsla. Í bókinni *Lýðmenntun* er kafli um handavinnu en þar undir falla námsgreinarnar smíði, hannyrðir og matreiðsla sem í dag eru einnig flokkaðar

saman og skilgreindar sem verkgreinar í aðalnámskrá og heita nú hönnun og smíði, textílmenn og heimilisfræði (Guðmundur Finnbogason, 1994).

Textílmenn

Orðið textíll er alþjóðlegt og viðurkennt sem tökuorð í íslensku máli. Dæmi um notkun orðsins eru Textíildeild Þjóðminjasafnsins og Listaháskólans. Séu erlendar rannsóknir skoðaðar sem fjalla um textílmenn er greinin flokkuð með námsgreinum sem á ensku kallast „craft“ en einnig er talað um hana sem „art and craft“ eða „craft design“ eða jafnvel „art and craft design“ (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011).

Textílmenn er heiti á námsgrein í nógildandi aðalnámskrá grunnskóla og flokkast hún sem verkgrein. Námsgreinin textílmenn er sú námsgrein sem verður helsta viðfangsefni þessa rannsóknarverkefnis en heitið á námsgreininni var fyrst tekið upp í námskránni er tók gildi árið 1999 (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999). Notast verður við orðið textílmenn í rannsóknarverkefninu og textílkennari yfir þá kennara sem kenna greinina. Ekki er hægt að finna skilgreiningu á orðinu textílmenn í *Íslenskri orðabók* (2007) en orðið textíll er skilgreint þannig að það sé hlutur gerður úr trefjaefni eins og þrjóni, hekli og vefnaði.

Námskrá

Orðið „curriculum“ sem merkir á íslensku námskrá, er komið úr latínu og vísar það til brautar til að hlaupa eftir. Er þar verið að vísa til þess að nemendur fylgi ákveðinni braut eða leið til að ná fram lokamarkmiðum sínum í námi (Akker, 2003). *Íslensk orðabók* (2007) skilgreinir orðið námskrá sem áætlun um efni og skipulag náms. Andri Ísaksson (1983) skilgreinir námskrá sem áætlun eða leiðarvísi um hvað skuli gert, lært eða kennt í skólum. Talar hann jafnframt um að hugtakið feli í sér marga þætti og að venjulega feli námskrá í sér fimm meginþætti, námsmarkmið, námsefni, kennslu- og námsaðferðir, námsgögn og kennslutækni og mat á námsárangri og kennslu. Þrátt fyrir að þessir þættir einkenni flestar námskrár er mismikil áhersla lögð á einstaka þætti sem markast af þeirri uppeldisstefnu eða hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar að námskránni hverju sinni.

Í námskrám má greina þær hugmyndir sem endurspeglar ríkjandi hugmyndafræði um markmið menntunar, skipulag, innihald og framkvæmd í skólastarfi á þeim tíma sem hún er samin (Guðrún Geirsdóttir, 1998). Aðalnámskrá er lögð fram af mennta- og menningarmálaráðaherra sem reglugerð og er ákveðið stjórnntæki til að fylgja eftir lögum og fyrirætlum

fræðslufirvalda um sameiginleg markmið skólastarfs í landinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Endurspeglar námskráin því ríkjandi hugmyndafræði um markmið menntunar og þá framtíðarsýn sem er við lýði í samfélaginu á hverjum tíma, breytingar í samfélaginu geta því kallað á breytta námskrá sem getur síðan leitt til breytinga í samfélaginu (Guðrún Geirsdóttir, 1998). Í námskráfræðinni er talað um að námskráin skiptist niður í mismunandi birtingarmyndir. Þeir Marsh og Willis (2003) sögðu að námskráin skiptist í þrjár meginuppsprettur, hina raunverulegu námskrá sem gefin er út af menntayfirvöldum, þá námskrá sem kennd er og stjórnast af því sem kennarar raunverulega kenna og í þriðja lagi hina upplifðu námskrá, það sem nemendur upplifa í kennslunni. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á námskrágerð. Eisner (2002) benti á að þegar námskrá væri samin hefðu þeir sem hana sömdu, yfirleitt menntunarfræðingar eða þeir sem vinna að menntamálum í landinu, ákveðin völd eða áhrif á það hvernig nám færi fram í skólunum og um leið þá þróun hugsunar sem færi þar fram.

1.5 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í nokkra yfir- og undirkafla. Í inngangi er gerð grein fyrir tilgangi og markmiðum verkefnisins, færð rök fyrir vali á viðfangsefni og gildi þess. Hugtök skilgreind og rannsóknarspurningarnar lagðar fram. Annar kafli inniheldur fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar. Komið er inn á þætti er snúa að þjóðlegu handverki og textílmenntakennslu. Umfjöllun er um þjóðlegt handverk á Íslandi frá aldamótum 1900 og hugmyndafræðin og tilurð þess að farið var að kenna handverk reifuð. Farið er yfir sögu textílmenntakennslu frá því farið var að kenna hana í grunnskólum ásamt lögum um grunnskóla og námskrár frá útkomu þeirra og kannað hvernig þjóðlegt handverk birtist í aðalnámskrám og lögum um grunnskóla frá árinu 1960 til dagsins í dag. Einnig er fjallað um rannsóknir er tengjast viðfangsefninu. Þriðji kafli lítur að aðferðafræði rannsóknarinnar en notast var við eigindlega aðferðafræði í rannsókninni. Rannsóknarsnið útskýrt og þátttakendur kynntir. Gerð er grein fyrir gagnöflun og úrvinnslu gagna, siðferðislegum atriðuðum og að lokum er afstaða til viðfangsefnis kynnt.

Í fjórða kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar en gögnin voru greind með opinni kóðun og eru yfir- og undirkaflar með þeim þemum sem komu fram í gögnunum. Í fimmta kafla eru umræður þar sem niðurstöðurnar eru skoðaðar í ljósi fræðilegrar umfjöllunar. Í lokaorðunum er efnið síðan tekið saman, hugleitt hvað betur hefði mátt fara og að lokum settar fram hugmyndir að frekari rannsóknum á þessu sviði.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Hér verður leitað fanga í fræðunum sem liggja að baki rannsóknarverkefninu. Kaflanum er skipt í fjóra kafla með undirköflum. Fyrsti kafli er um þjóðlegt handverk í íslensku samfélagi frá því um aldamótin 1900. Í öðrum kafla er fjallað um hugmyndafræðina og tilurð þess að farið var að kenna textílmennt á Íslandi. Þriðji kafli er um lög um grunnskóla og útgefna námskrár á Íslandi, þar er skoðað hvernig þjóðlegt handverk birtist. Fjórdi kafli fjallar síðan um íslenskar og erlendar rannsóknir er tengjast rannsóknarefninu og í lokin er efni kaflanna tekið saman og reifað.

2.1 Þjóðlegt handverk í íslensku samfélagi frá því um aldamótin 1900

Handverk hefur löngum verið hluti af lífi landsmanna og er þannig hluti af menningararfi og sögu þjóðarinnar. Jónas Jónasson frá Hriflu lýsir lifnaðarháttum Íslendinga á liðnum öldum í bók sinni *Íslenskir þjóðhættir*. Er þar frásagnir af handverki tengdu textílvinnu og sagt frá því að eitt af helstu vetrarstörfum Íslendinga hafi verið ullarvinnan sem fram fór innandyra. Þar er hann að vísa í störfin sem tengdust tóvinnu, vefnaði og þrjóni. Einnig er þar lýst handverki á nytjahlutum sem voru smíðaðir úr viði og málm, silfursmíði og horna- og beinavinnu og bera margir þessara hluta merki þess að um mikla hagleikni og listasmíð sé að ræða (Jónas Jónsson, 1934).

Íslenska ullin og tóvinnan hefur verið veigamikill þáttur í störfum Íslendinga í yfir þúsund ár, án ullarinnar hefði lífsbaráttan hér á landi verið næstum óbærileg. Vaðmál var ofið og nýtt meðal annars í fatnað og var um tíma útflutningsvara. Þrjónles eða þrjónaður fatnaður eins og sokkar og vettlingar sem unnið var á heimilunum var mikilvæg útflutningsvara á 17. öld og tók við á sínum tíma af vaðmáli sem helsta útflutningsvara Íslendinga (Fríður Ólafsdóttir, 1999). Skúli Magnússon landfógeti átti mikinn þátt í að bæta tóskap heimilanna með stofnun Innréttinganna árið 1752 en þá komu til sögunnar ný og afkastameiri áhöld til handverksins. Danskir vefstólar komu í stað kljástainavefstaðarins og rokkað leystu halasnælduna af hendi. Spunaverksmiðjur tóku til starfa hér á landi í lok 17. aldar og er Álafoss verksmiðjan ein þeirra en hún skipaði stóran sess í ullarframleiðslu hér á landi og útflutningi á ullarvörum. Um aldamótin 1900 var farið að vefa dúka í fatnað í verksmiðjum, klæðaverksmiðjur voru stofnsettar hér á landi og við það lagðist vefnaður í heimahúsum af. Gefjun og Álafoss stofnuðu

saumastofur hér á landi í kringum árið 1930 og við það fór saumaskapur á fatnaði að færast frá heimilunum inn á saumastofur. Innflutningur á prjónavélum hófst hér á landi við lok 19. aldar og upp úr því fór að draga úr handprjóni. Á millistríðsárunum fór prjónastofum að fjölga hér á landi en þar voru prjónaðar samskonar flíkur og áður höfðu verið gerðar inni á heimilunum. Hrun varð svo á ullarmarkaði hér á landi vegna seinni heimstyrjaldarinnar (Magnús Guðmundsson, 1988b).

Hugmyndir sem áttu þátt í að upphefja menningu sveitasamfélagsins undir formerkjum þjóðernishyggi má rekja til borgarasamfélagsins. Þaðan kom frumkvæðið að aðgerðum sem miðuðu að því að beina athyglinni að menningu sveitasamfélagsins og voru það menntaðir borgarar samfélagsins sem höfðu að mestu frumkvæðið um aðgerðir í þá átt meðal annars áhugamenn um bókmenntir, rithöfundar, myndlistarmenn og gagnrýnendur. Í einhverjum tilvikum tóku frjálsar félagahreyfingar handverk sveitasamfélagsins upp á sína arma sem viðfangsefni og áttu því þátt í að móta listrænt og táknrænt hlutverk þess (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

2.1.1 Heimilisiðnaðarfélagið

Heimilisiðnaðarfélagið er eitt þeirra félaga sem tekið hefur hið gamla þjóðlega handverk íslenska sveitasamfélagsins upp á sína arma. Með stofnun félagsins fór að gæta aukinna áhrifa á þjóðrækni í samfélaginu og auknum áhuga á íslensku handverki (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

Félagið var stofnað árið 1913 og eru helstu markmið þess í dag þau sömu og við stofnun þess. Helstu markmið og hlutverk félagsins koma fram í lögum þess en þau eru eftirfarandi: að vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað, auka hann og efla, stuðla að vöndun hans og fegurð og vekja áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nytsama hluti er hæfa kröfum nýs tíma með rætur í þjóðlegum menningararfi, meðal annars með því að kynna gildi og gæði heimilisiðnaðar á hvern þann hátt er stjórn félagsins telur vænlegan til árangurs á hverjum tíma. Störf félagsins innihalda meðal annars að:

- Efna til fræðslufunda og sýninga
- Reka heimilisiðnaðarskóla og þjónustudeild
- Gefa út fréttabréf, tímarit og handbækur til fræðslu og leiðbeiningar
- Veita framleiðendum heimilisiðnaðar heimild til að nota viðurkenningarmerki frá Heimilisiðnaðarfélaginu á framleiðslu sína
- Vera réttmætur og virkur þátttakandi í heimilisiðnaðarsamtökum Norðurlanda, Nordens husflidsforbund, svo og öðrum erlendum og

alþjóðlegum heimilis- og listiðnaðarsamtökum er stjórn félagsins telur heppilegt að vera þátttakandi í og aðalfundur samþykkir (Heimilisiðnaðarfélag Íslands, e.d.).

Inga Lára Lárusdóttir (1883-1949) kennari var mikill talsmaður heimilisiðnaðar og ein af stofnendum Heimilisiðnaðarfélags Íslands (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012; Heimilisiðnaðarfélag Íslands, e.d.). Taldi hún að besta leiðin til að vekja athygli og áhuga á vöndun og fegurðar handverksins væri að stuðla að arðvænni sölu á heimilisiðnaði sem farið hefði fram með menntun alþýðunnar. Skrifar hún í *Kvennablaðið* árið 1913 að stofnað hafi verið félag er heitir Heimilisiðnaðarfélagið og þar lýsir hún því að helsti tilgangur félagsins væri að „auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað á Íslandi, stuðla að vöndun hans og fegurðar, og vekja áhuga manna á því að framleiða nytsamlega hluti. Jafnframt skal félagið stuðla að sem arðvænlegstri sölu á íslenskum heimilisiðnaðarafurðum bæði á Íslandi og erlendis“ (Inga Lára Lárusdóttir (1913, bls. 51).

Heimilisiðnaðarfélagið hefur staðið fyrir fjölmörgum sýningum á heimilisiðnaði í gegnum árin og haldið fjöldann allan af handverknámskeiðum. Einnig rekur það verslun þar sem hægt er að fá efni og áhöld til handverksins. Eins hefur félagið staðið fyrir útgáfu tímaritsins *Hugur og hönd* frá árinu 1966 sem er um íslenskt handverk (Heimilisiðnaðarfélag Íslands, e.d.). Árið 2009 gaf félagið út *Sjónabók* í samvinnu við Þjóðminjasafnið en bókin byggir á handritum frá 17. til 19. öld með munstrum sem notuð voru til útsaums og vefnaðar fyrr á öldum (Guðmundur Oddur Magnússon, 2011). Bókin *Faldar og skart - Faldbúningar og aðrir íslenskir þjóðbúningar* kom út á vegum félagsins árið 2013 og þar er búningasögu okkar Íslendinga gerð góð skil (Sigrún Helgadóttir, 2013). Öll þessi rit stuðla að því að vekja áhuga á íslensku handverki og menningararfleifðinni sem liggur í handverkinu.

Áslaug Sverrisdóttir (2011) bendir á að þeir sem hafa verið á námskeiðum á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands undanfarna áratugi, hafa haft við það einhver samskipti eða þekkja til ritsins *Hugur og hönd* geta sammælt um að nú í byrjun 21. aldar stendur Heimilisiðnaðarfélag Íslands vörð um þann þátt íslensks menningararfs sem nú til dags er oftast nefnt þjóðlegt handverk.

2.1.2 Hlín

Tímaritið *Hlín*, ársrit Sambandsfélags norðlenskra kvenna, var gefið út á árunum 1917 til 1961 og sem stakt ársrit árið 1967. Tímaritið var á sínum

tíma mikilvægt mál gagn til að koma að málefnum tengdum íslensku handverki og menntun barna og kvenna. Helstu markmið þess voru að vera málstaður kvenna og veita fræðslu um heimilisiðnað, menntun kvenna og málefnum tengdum heimilum og uppeldismálum (Halldóra Bjarnadóttir, 1917).

Tímaritinu var einnig ætlað að vera tengiliður milli kvenfélaga á landinu. Yfir þann tíma er tímaritið kom út héldust ofangreind markmið sem lagt var upp með í upphafi. Birtar voru greinar um efni er ætlað var að stuðla að bættum hag kvenna og um leið hag heimilanna í landinu, um heimilisiðnaðinn, hjúkrunarmál og hreinlætishætti, garðrækt, uppeldismál, réttindamál kvenna og málefni er hvöttu til aukinnar þjóðrækniskenndar. Einnig voru birt ljóð og smásögur eftir konur. Tímaritinu var fyrst og fremst ætlað að vera mál gagn allra kvenna í landinu og því þurfti ritið að vera ódýrt og áhersla lögð á að það færi sem víðast (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960).

Tímaritið gegnir í dag mikilvægu hlutverki sem heimild um áherslur í handverki á þessum tíma og þá baráttu sem fram fór fyrir bættum hag kvenna varðandi menntun og stöðu þeirra innan veggja heimilisins.

2.1.3 Handverksnámskeið

Námskeiðahald af ýmsu tagi tengt handverki hefur þekkt hér á landi um langt skeið þar sem fólk hefur getað sótt sér menntun bæði í hinu gamla þjóðlega handverki og þeim nýjungum sem komið hafa fram á sjónarsviðið.

Kvenfélög sem stofnuð voru á seinni hluta 19. aldar og í byrjun 20. aldar höfðu það á stefnuskrá sinni að fræða konur um handverk og nýjungar sem gætu stuðlað að því að þær væru færar um að bjarga sér við textílvinnu. Stóðu þau meðal annars fyrir því að kaupa vefstóla og prjónavélar til þess að kynna fyrir konum handverksaðferðir er miðuðu að því að auðvelda þeim framleiðslu til heimilanna þannig að þær yrðu færar um að afla sér aukatekna með sölu á handverki (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

Umferðakennsla var námskeiðahald sem tíðkaðist hér á landi frá því um aldamótin 1900 og fram á miðja öldina. Þá ferðuðust kennarar um sveitir landsins til að kenna það sem talið var þörf á (Guðrún J. Briem, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Sigurðarson, 1927). Umferðakennsla í handverki eins og til dæmis vefnaði var stunduð hér frá um það bil 1930 og fram á miðja öld þegar að það fyrirkomulag námskeiðahalds lagðist af (Sigrún Blöndal, 1936). Halldóra Bjarnadóttir skrifar í *Hlín* árið 1967 að umferðakennslan hafi bæði verið vinsæl og mjög nauðsynleg og að ekki hefði átt að leggja hana niður (Halldóra Bjarnadóttir, 1967).

Þónokkrir aðrir skólar hafa staðið fyrir námskeiðahaldi tengdu handverki hér á landi eins til dæmis Námsflokkar Reykjavíkur, Kvöldskóli Kópavogs, Tómskundaskólinn og Heimilisiðnaðarfélagið (Ragnhildur Vigfúsdóttir, 1990). Námsflokkar Reykjavíkur sem stofnaðir voru árið 1939 voru upphaflega stofnaðir sem próflaus námskeið með það að markmiði að veita fjölbreytta færni ýmist til starfa eða fólki til ánægju. Í tímaritinu *Vera* var skrifuð grein árið 1986 undir heitinu *Námsflokkar endurspeglar samfélagið* en þar kemur fram í viðtali við Guðrúnu Halldórsdóttur, skólustýru Námsflokka Reykjavíkur, að þeir hafi í áratugi boðið upp á námskeið í hinum ýmsu greinum. Þar kemur einnig fram að meirihluti þeirra sem sóttu sér nám í Námsflokkana voru konur og að vinsælustu námskeiðin hafi endurspeglad áherslurnar í samfélaginu. Í kringum árið 1950 hafi útsaumur þannig verið vinsælastur en árið 1986 var það fatasaumurinn (Sigrún Einarsdóttir, 1986).

Myndlista- og handíðaskóli Íslands stóð allt frá stofnun hans árið 1939 fyrir kvöldnámskeiðum bæði fyrir börn og fullorðna þar sem kennt var handverk. Í auglýsingu frá skólanum veturinn 1942 til 1943 má sjá að síðdegis- og kvöldnámskeið sem boðið var upp á voru meðal annars mynsturgerð, leðurvinna, hanskagerð, vefnaður, brúðugerð, teiknun, listföndur og gerð tré- og útskurðamynda (Björn Th. Björnsson, 1979).

Fjölbreytt námskeið tengd handverki hafa í gengum tíðina verið í boði fyrir textílkennara. Námskeið þessi hafa meðal annars verið haldin á vegum Háskóla Íslands og þó nokkur í samstarfi við Félag textílkennara (Háskóli Íslands, e.d.). Símenntunarmiðstöðvar hér á landi hafa einnig boðið upp á námskeið fyrir textílkennara (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, e.d.) og eins býður Heimilisiðnaðarfélag Íslands upp á námskeið sem textílkennarar hafa nýtt sér (Heimilisiðnaðarfélag Íslands, e.d.). Enn fremur stóð Myndlista- og handíðaskóli Íslands um tíma fyrir endurmenntunarnámskeiðum á sumrin fyrir handavinnukennara í barnaskólum og fyrir þá kennara sem störfuðu í húsmæðraskólum landsins (Björn Th. Björnsson, 1979).

2.1.4 Húsmæðraskólar

Húsmæðraskólar voru stofnaðir víðsvegar um landið upp úr 1920. Á áratugnum 1940 til 1950 stundaði tæplega fimmtungur allra stúlkna á aldrinum 17 til 18 ára nám í húsmæðraskólum landsins (Loftur Guttormsson, 2008a). Námið miðaðist að því að gera stúlkurnar hæfar til heimilishalds og stunduðu þær handavinnunám sem aðallega miðaði að því að hafa hagnýtt gildi fyrir heimilishaldið. Þjóðlegu handverki var þó haldið á lofti í

húsmæðraskólunum og stunduðu stúlkurnar meðal annars vefnað, útsaum og einhverjar stúlkanna saumuðu sér íslenska þjóðbúninginn (Sigrún Hrafnadóttir, 1982; Eyrún Ingadóttir, 1992). Eitt af markmiðum Húsmæðraskólans á Blönduósi var sem dæmi að vekja áhuga stúlkanna á heimilisstörfum, styrkja siðferðis- og viljaprek þeirra og glæða þeim tilfinningu fyrir þjóðlegri heimilismenningu og ágæti sveitalífsins (Guðrún J. Briem, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Sigurðarson, 1927).

Kennt var eftir samræmdu kerfi samkvæmt lögum um húsmæðraskóla þar sem textílvinnu og handverk skipuðu stóran sess og því mætti draga þá ályktun að þetta hafi á einhvern hátt litað þær handverksaðferðir og haft áhrif á það handverk sem konur hér á landi stunduðu á þessum tíma.

2.2 Textílmenntakennsla á Íslandi

2.2.1 Hugmyndafræðilegt gildi þess að kenna handverk

Rekja má fyrstu hugmyndir þess að farið var að kenna handverk í skólum til Pestalozzi (1746-1827) en hann er gjarnan þekktur sem upphafsmaður að uppeldisstefnu í handverki og verklegri þjálfun í skólastarfi (Jón Þórarinnsson, 1891). Þróaði hann hugmyndir sínar út frá hugmyndum Rousseau í ritinu *Emil*. Helstu markmið uppeldisstefnu Pestalozzis gengu út á að bæta líf fátækra nemenda í gegnum verknám og taldi hann mikilvægt að stundað væri fjölbreytt nám og benti jafnframt á að einstaklingar sem stunduðu of einhæft nám væru lítils virði fyrir þjóðfélagið (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009). Pestalozzi kenndi ekki sjálfur eftir eigin hugmyndum heldur var það Fröbel (1781- 1852) sem kom hugmyndunum í framkvæmd í smábarnaskóla sínum. Þar fór námið fram á verklegan hátt, börnunum voru fengin verkefni þar sem hugurinn og líkaminn voru í stöðugri samvinnu og þannig myndi hið eiginlega nám barnanna eiga sér stað (Jón Þórarinnsson, 1891). Finnski skólamaðurinn Dr. Uno Cygnæus (1810 – 1888), einn helsti hvatamaður þess að stofna almenningsskóla í Finnlandi, hélt síðan áfram að þróa og vinna meðal annars með hugmyndir Fröbels. Kom hann fram með uppeldisfræðileg rök fyrir því að handverk (*slöjd*) skyldi gert að skyldunámi í Finnlandi (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009).

Upphaf alþýðumenntunar má rekja til hinnar vestrænu iðnvæðingar á 19. öld og þeirra breytinga í samfélaginu sem komu samhliða henni. Var það hin breytta samfélagsgerð þess tíma sem kallaði á nýjar framleiðsluaðferðir og -afurðir og þar með skapaðist þörfin fyrir að koma þekkingunni til alþýðunnar, hinnar vinnandi stéttar. Jafnframt voru menntafrömuðir þess

tíma farnir að tala fyrir um mikilvægi þess að hafa handmennt í alþýðumenntun (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011).

2.2.2 Slöjd – skólaiðnaður

Slöjdstefnan kom fram á sjónarsviðið í lok 19. aldar og á rætur sínar að rekja til Norðurlandanna. Upprunaleg merking hugtaksins slöjd er lagtækur eða hagur og vísar til handverks. Menntunarlega vísar hugtakið til umræðu uppeldisfræðinga þessa tímabils um gildi handverks fyrir menntun barna (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011).

Slöjd er uppeldiskerfi sem miðar að því að verkleg þjálfun sé notuð til að efla almennan þroska nemenda. Helsta markmið kerfisins var að handverkið átti að hafa bæði líkamlegt og andlegt uppeldisgildi fyrir nemandann. Uppeldiskerfið slöjd tengdist sérstaklega trésmíði og saumum eða prjónaskap þar sem nemandinn öðlaðist almennan þroska með því að búa til nytsama hluti með höndunum og það átti síðan að nýtast sem undirbúningur fyrir lífið í formi náms er æfði bæði hug og hönd (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012; Jón Þórarinnsson, 1891).

Helstu frumkvöðlar að hugmyndafræðinni slöjd voru Finninn Uno Cygnæus, Sviinn Otto Salomon og Daninn Aksel Mikkelsen. Var það vegna áhrifa frá skólum þeirra að kennsluáferðir er miðuðust kerfisbundið að því að kenna handverk eftir uppeldismiðuðum aðferðum breiddust út um allan heim. Áhrifa frá skóla Salomons í Nääs í Svíþjóð gætti þó mest þar sem skóli hans var alþjóðlegur (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012). Miðuðust hugmyndir Salomons að því að handverkið ætti að vera einfalt og laust við allt skreyti, þrátt fyrir að mikil handverkshefð sé í Svíþjóð, þar sem handverkið ber merki þess að vera listasmíð með listrænu yfirbragði líkt og þjóðlegt handverk á Íslandi (Guðrún Helgadóttir, 2001).

Hugmyndafræði slöjd barst til landsins með þeim Íslendingum er numið höfðu við skóla þeirra Mikkelsens eða Salomons og þeirra einstaklinga sem kynntu sér helstu áherslur þeirra (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012). Fyrstur til að kynna slöjd fyrir Íslendingum var Jón Þórarinnsson skólastjóri og alþingismaður en hann hafði ferðast til Norðurlandanna í því skyni að kynna sér skólamál. Jón tók þátt í námskeiði í slöjdkennslu sumarið 1890 í skóla Mikkelsen í Danmörku (Gunnar M. Magnússon, 1939). Þar hreifst hann af slöjdkennslunni sem hann kaus að kalla skólaiðnað og notaði hann það hugtak til aðgreiningar frá heimilisiðnaði og til að undirstrika hið uppeldislega gildi þess að kenna slöjd. Hugtakið skólaiðnaður náði hins vegar ekki almennri fótfestu í málinu og var hugakið slöjd notað til jafns við skólaiðnað í íslenskum texta (Áslaug Sverrisdóttir, 2011). Kynnti hann

hugmyndafræðina fyrir kennarastétt landsins árið 1890 er hann hélt fyrirlestur í hinu Íslenska Kennarafélagi og mælti hann fyrir því að sú stefna yrði tekin upp í skólum hér á landi (Jón Þórarinnsson, 1891). Á árunum 1886 til 1900 starfaði Jón sem alþingismaður og á þeim tíma reyndi hann að sannfæra stjórnvöld um mikilvægi handmenntunar sem hluta af alþýðumenntun (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011).

Guðmundur Finnbogason var einnig ötull talsmaður þess að kenna skyldi handverk í skólum hér á landi um aldamótin 1900. Hann hlaut tveggja ára styrk frá Alþingi til að kynna sér alþýðumenntun erlendis og í því skyni ferðaðist hann um Norðurlöndin á árunum 1901 - 1902. Markmiðið var að koma með tillögur um hvernig slíkri menntun skyldi hagað á Íslandi (Gunnar M. Magnússon, 1939). Á þeim tíma var uppeldisleg smíði og hannyrðir orðin hluti af alþýðumenntun á Norðurlöndum og uppeldismiðað handverk kennt bæði stúlkum og drengjum (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011; Guðmundur Finnbogason, 1994).

Guðmundur skrifaði í kjölfar ferðar sinnar bókina *Lýðmenntun* þar sem hann setti fram tillögur sínar af því hvernig alþýðumenntunin skyldi fara fram og hvaða námsgreinar væri mikilvægt að kenna og var handavinna að hans mati ein þeirra. Í bókinni talaði hann jafnframt fyrir mikilvægi þess að kenna skólaiðnað í alþýðuskólum á Íslandi og benti á uppeldisleg gildi hans og jafnframt á það að skólaiðnaður væri jafn mikilvægur og menntandi fyrir stúlkur sem og drengi og að víða á Norðurlöndum tækju þær þátt í honum (Guðmundur Finnbogason, 1994). Formlega kennsla í uppeldismiðaðri smíði hófst fyrst í gagnfræðaskólanum Flensborg árið 1890 undir stjórn Jóns Þórarinnssonar (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012).

2.2.3 Heimilisiðnaður

Heimilisiðnaður er samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2007) skilgreindur sem hlutir sem gerðir eru á heimilum. Helstu markmiðin með heimilisiðnaði eru að framleiða hluti til eigin nota eða til að afla aukatekna fyrir heimilið með því að selja handverk (Magnús Guðmundsson, 1998). Á þriðja áratug síðustu aldar skilgreindi heimilisiðnaðarfrömuðurinn Halldóra Bjarnadóttir heimilisiðnað þannig að það væri það sem landsmenn væru að vinna til eigin nota eða til sölu úr þeim efnum sem tilfallandi væru hér á landi eða úr erlendu efni væri ekki annað að hafa (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

Hluti af menningararfi okkar Íslendinga byggir á handverkinu sem unnið var á heimilum og haldist hefur mann fram af manni. Ásgerður Sverrisdóttir (2011) bendir á að þrátt fyrir að tryggð við íslenska menningararfinn og þjóðlegt handverk hafi verið meðal þess sem varð til þess að

Heimilisiðnaðarfélag Íslands var stofnað, hafi í raun helsti hvatinn verið viljinn til framfara. Að átök hafi ríkt hér á landi á milli fastheldni og framfara fram eftir 20. öldinni og að heimilisiðnaðarfélögin hér á landi hafi verið hluti af þeim aðgerðum sem brúðu bilið á milli frumstæðra verkátta og nútímalegrar iðnvæðingar. Hefur því heimilisiðnaður hér á landi staðið bæði fyrir því að varðveita og vekja áhuga á þjóðlegu handverki og jafnframt stuðlað að nýjungum í handverki og framleiðslu á þeim innan heimilanna.

Áhuga gætti fyrir því meðal landsmanna á fyrri hluta 20. aldar að endurvekja heimilisiðnaðinn í landinu. Grein birtist í *Skólablaðinu* árið 1908 þar sem bent var á að besta leiðin til þess að endurvekja áhugann væri í gegnum barnaskólann með því að kenna öllum unglingum handavinnu og að þaðan myndi þekkingin breiðast út um sveitir landsins (Heimilisiðnaður, 1908). Halldóra Bjarnadóttir var einnig þeirrar skoðunar að handavinna í barnaskólum væri hentug leið til að styðja við heimilisiðnaðinn í landinu (Halldóra Bjarnadóttir, 1912).

2.2.4 Upphaf textílmenntakennslu á Íslandi

Kennsla í handavinnu eða textílmennt hófst hér á landi löngu áður en greinin varð lögbundin námsgrein í barnaskólum eða grunnskólum eins og þeir heita í dag. Árið 1873 var skrifað í ritið *Víkverja* (1873) að starfræktur hefði verið saumaskóli í Reykjavík það sumar og að ekkja ein hefði fengið afnot af barnaskólanum og fengið til liðs við sig ungar stúlkur til að kenna stúlkubörnum saum. Handavinnukennsla drengja og stúlkna hófst í Barnaskóla Reykjavíkur (síðar Miðbæjarskóli) árið 1901 (Ármann Halldórsson, 2001). Guðrún Sigurðardóttir handavinnukennari í Miðbæjarskólanum greindi frá því í tímaritinu *Hugur og hönd* að hún hefði verið nemandi í skólanum árin 1914 til 1919 og að hún hefði stundað nám í handavinnu frá 3. bekk til 8. bekkjar þrátt fyrir að handavinnukennsla hefði ekki verið gerð að skyldunámsgrein fyrr en árið 1936 (Guðrún Sigurðardóttir, 1938). Kennsla hófst í greininni í Barnaskóla Akureyrar árið 1908 þegar Halldóra Bjarnadóttir tók við sem skólastjóri (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960).

Námsgreinin breiddist hægt út á komandi árum og hefur það ráðist bæði af áhuga skólamanna á hverjum og einum stað og einnig hvort kennarar hafi fengist til starfsins. Kostnaður fyrir bæði skólana og heimilin hefur einnig hindrað útbreiðslu greinarinnar ásamt aðstöðuleysi (Ólafur Rastrick, 2008). Kennsla í námsgreininni textílmennt var í upphafi nánast alltaf kynjaskipt þar sem drengir lærðu smíði en stúlkur hannyrðir. Þó var á því undantekning í Barnaskólanum á Akureyri á árunum 1908 til 1918 er Halldóra Bjarnadóttir var þar skólastjóri (Ólafur Rastrick, 2008). Halldóra

(1919) skrifaði í *Hlín* árið 1919 að deildir í handavinnu skiptust þannig að drengir og stúlkur væru aðskilin í handavinnunni nema í yngstu deildinni þar sem drengir lærðu líka að þrjóna og sauma.

Halldóra Bjarnadóttir kennari og skólastjóri var einn harðasti talsmaður þess að handavinna yrði gerð að skyldugrein í barnaskólum landsins. Hún barðist ötullega fyrir því að koma markmiðum sínum á framfæri og í baráttu sinni lagði hún áherslu á mikilvægi heimilisiðnaðarins og á menntun og samstöðu kvenna. Halldóra flutti erindi fyrir kennara árið 1911 þar sem hún benti á mikilvægi þess að gera greinina handavinnu að skyldugrein í barnaskólum. Þá myndu börnin fá hvatningu í gegnum handverkið og læra að verða iðin og sjálfstæð og um leið fær um að leggja til heimilisins (Halldóra Bjarnadóttir, 1912). Árið 1919 réttlætti Halldóra greinina handavinnu í *Hlín* og færði fram þau rök að hún æfði bæði hug og hönd, þroski smekk og fegurðartilfinningu nemenda og myndi stuðla að eftirtekt hans fyrir verklegum störfum. Með því að kenna bæði bóklega og verklega kennslu yrði námið ekki eins einhæft og myndi höfða til fleiri nemenda. Einnig benti hún á að kennslan þyrfti að hafa samræmd markmið eða „að vissir hlutir verði að vera gerðir í hverri deild og allir að gera sömu hlutina“ annars verði kennslan ómarkviss (Halldóra Bjarnadóttir, 1919, bls. 30). Halldóra skrifaði um mikilvægi handavinnunnar árið 1926 í ritið *Hlín* að greinin þroskaði ekki síður vitsmuni barnanna en hið bóklega nám og ítrekaði það að skólar yrðu að hafa fastmótaða stefnu í öllum deildum til að fara eftir og skyldi greinin kennd í tvær samfleyttar kennslustundir á viku að lágmarki (Halldóra Bjarnadóttir, 1926). Sendi hún fræðslumálastjóra tillögur og rökstuðning fyrir því að handavinnan yrði gerð að skyldugrein (Halldóra Bjarnadóttir, 1929). Ekki náðu tillögur hennar fram að ganga. Leitaði Halldóra því til Kennarasambands Íslands eftir stuðningi við tillögur sínar og sendi sambandinu greinargerð um þær og fór fram á að kennaraþingið kysi nefnd til að leggja fram tillögur fyrir fræðslumálastjóra um námskrá í handavinnu fyrir kaupstaða- og sveitaskóla (Halldóra Bjarnadóttir, 1931).

Sýningar á verkum nemenda tíðkuðust í námsgreininni handavinnu og voru þær gjarnan á vorin. Handavinnusýningar gegndu ákveðnu hlutverki í greininni og var þeim ætlað að sýna fram á afrakstur nemenda, stuðla að vandvirkni og vekja athygli á greininni (Halldóra Bjarnadóttir, 1929). Guðjón Guðjónsson, alþingismaður, flutti mál á Alþingi árið 1925 þar sem hann taldi nauðsynlegt að auka verklegt nám drengja og stúlkna til þess að þroska hug og hönd og í því samhengi var rætt á Alþingi að setja þyrfti á laggirnar almennar handavinnusýningar sem gætu hvatt til aukins áhuga fyrir verklegum greinum (Gunnar M. Magnússon, 1939).

Námsgreinin textílmennt varð loks gerð að lögbundinni skyldugrein í barnaskólum landsins árið 1936 með lögum um fræðslu barna. Þó var þar einungis fjallað um að börnin skyldu hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju (Lög um fræðslubarna nr. 94/ 1936). Það var ekki fyrr en með drögum að námskrá í handavinnu frá árinu 1948 að námskrá fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla var formleg gefin út, eins og Halldóra hafði barist fyrir.

Halldóra lagði ávallt mikla áherslu á að kenna ætti handverk heimilisiðnaðarins í skólunum og kemur það glöggt fram í tillögnum sem hún sendi fræðslumálastjóra árið 1929. Handavinnan átti að hafa hagnýtan tilgang og tengjast hinu daglega lífi (Halldóra Bjarnadóttir, 1929). Framan af hafði handavinnukennslan í barnaskólum að mestu hagnýtan tilgang þar sem stúlkum var ætlað að læra að búa til fatnað og nytjahluti. Áður en námsgreinin varð gerð að skyldugrein þurftu nemendur sjálfir að bera kostnaðinn við efniskaupin og hefur því þurft að réttlæta hann. Breyttist það ekki fyrr en námsgreinin varð að skyldugrein og skólarnir fóru að bera kostnaðinn við skyldustykki nemenda.

Ekki fór að bera á breytingum á verkefnum í námsgreininni fyrr en á áttunda áratugnum með útkomu aðalnámskráar frá 1977 (Guðrún Sigurðardóttir, 1983). Verður útgefnum námskrám í textílmennt frá upphafi útkomu þeirra gerð betri skil í kaflanum 2.3 Þjóðlegt handverk í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla.

2.2.4.1 Halldóra Bjarnadóttir, heimilisiðnaður og handavinnukennsla

Halldóra Bjarnadóttir var einn helsti talsmaður heimilisiðnaðar á Íslandi og gerðist hún að eigin frumkvæði ráðunautur almennings í heimilisiðnaðarmálum og fékk til þess styrk til frá Alþingi á árunum 1925 til 1955 (Áslaug Sverrisdóttir, 2011). Halldóra stundaði kennaranám við Nissens pigeskoles seminarium í Kristjaníu í Noregi á árunum 1896 til 1899. Hún starfaði sem barnaskólakennari í Noregi á árunum 1901 til 1908 en þar kynntist hún mikilvægi þess að kenna handavinnu. Á þeim tíma voru Norðmenn búnir að gera handavinnu í barnaskólunum að skyldunámsgrein og var það hennar skilningur að helsta markmið handavinnukennslunnar væri að vernda handmenntaarfinn frá forfeðrunum í kjölfar mikilla breytinga vegna iðnbyltingarinnar. Hafði hún áhyggjur af því að slíkt hið sama myndi gerast á Íslandi (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960).

Á árunum 1908 til 1918 starfaði Halldóra sem skólastjóri og kennari í Barnaskólanum á Akureyri. Þar var hún frumkvöðull að því að farið var að kenna handavinnu við skólann og lagði hún áherslu á að kenndur yrði heimilisiðnaður og að handverkið hefði hagnýtt gildi (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960). Halldóra flutti erindi á námskeiði fyrir kennara árið

1911 þar sem hún talaði fyrir því að kennd yrði handavinna í barnaskólum. Hafði hún jafnframt áhyggjur af því að heimilisiðnaði hefði farið aftur í landinu, að handverkskunnáttan væri að tapast niður og taldi hún því að besta leiðin til að viðhalda vönduðu handverki væri að gera það í barnaskólunum í samvinnu við heimilin (Halldóra Bjarnadóttir, 1912).

Árið 1922 tók Halldóra til starfa í kennaraskólanum og starfaði þar til ársins 1930. Með komu hennar voru gerðar þær breytingar á handavinnu-kennslunni að hætt var að kenna skólasmíði og handavinnukennslu kvenna og þess í stað farið að kenna heimilisiðnað (Gunnar M. Magnússon, 1939). Breytingar þessar leiddu til þess að handverkskennsla í barnaskólum þróaðist frá því að vera skólaiðnaður yfir í það verða heimilisiðnaðarmiðuð. Áherslur á heimilisiðnaðinn lutu þó að lokum í lægra haldi fyrir menntandi áhrifum skólaiðnaðarins með komu námskrána inn í skólastarfið (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2012).

Heimilisiðnaður og mikilvægi hans fyrir íslensku þjóðina var Halldóru hugleikinn og helgaði hún honum líf sitt. Hún ferðaðist mikið um landið, fræddi landsmenn og hélt námskeið í heimilisiðnaði. Starfaði hún einnig mikið fyrir Heimilisiðnaðarfélag Íslands og kom að stofnun fjölda kvenfélaga víðsvegar um land. Einnig stóð hún fyrir og hafði aðkomu að fjölda sýninga á heimilisiðnaði. Halldóra var ritstjóri ársritsins *Hlín* sem kom út á árunum 1917 til 1961 en þar skrifaði hún meðal annars greinar um menntun kvenna, handavinnukennslu í barnaskólum og mikilvægi heimilisiðnaðarins. Árið 1946 stofnaði hún tóvinnuskóla að Svalbarði við Eyjafjörð sem hún starfrækti til ársins 1955 og árið 1966 gaf hún út, þá komin á tíræðisaldur, ritið *Vefnaður á íslenskum heimilum*, sem fjallaði um gömlu verkhættina í tóvinnu (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

2.2.5 Þróun kennaramenntunar í textílmennt

Með lögum um fræðsluskyldu barna sem sett voru á árið 1880 kom fram umræða um að mennta þyrfti kennara. Hið íslenska kennarafélag var stofnað árið 1889 í kjölfar krafna um að koma á menntun fyrir kennara hér á landi. Kennaranám fór fyrst fram á Íslandi árið 1892 í Flensborgarskólanum þegar Jón Þórarinsson kennari og alþingismaður hélt þar vörnámskeið fyrir kennara og var ein af kennslugreinunum sem kennd var þar uppeldisiðnaður eða slöjd. Vörnámskeiðin voru kennd allt til ársins 1896 þegar kennaraskólinn var gerður að heilsársskóla (Gunnar M. Magnússon, 1939). Með lögnum frá 1907 um Kennaraskóla Íslands lengdist námið í þrjú ár og í kjölfarið var Kennaraskóli Íslands stofnaður við Laufásveg árið 1908 en við það lagðist kennaramenntunin af í Flensborgarskólanum (Helgi Elíasson,

1945). Kennnd var skólasmíði og handavinnukennsla eða hannyrðir í hinum nýja sjálfstæða Kennaraskóla en breytingar urðu á því þegar Halldóra Bjarnadóttir kom til starfa við skólann árið 1920 að kennsla í skólaiðnaði var lögð niður og tekin upp kennsla í heimilisiðnaði í staðinn (Gunnar M. Magnússon, 1939).

Halldóra Bjarnadóttir taldi mikilvægt að handavinnukennarar hlytu sérhæfða menntun til starfa sinna. Hafði hún sjálf sótt sér kennaramenntun til Noregs eftir að hafa sinnt farkennslu barna í 5 ár á Íslandi á árunum 1890 til 1895 þar sem meðal annars var krafist af henni að hún hefði kunnáttu í að sauma fatnað. Þá þótti henni ófært að halda áfram kennslu án þess að öðlast frekari menntun og hafa þá kunnáttu er til þurfti við kennsluna (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960). Taldi hún mikilvægt að kennaranámið færi fram á Íslandi til að viðhalda mætti hinu séríslenska yfirbragði sem íslenska handverkið hefði (Halldóra Bjarnadóttir, 1928). Framan af sinnti kennaraskólinn ekki sérmenntun handavinnukennara og voru greinarnar handavinna, teikning og söngur á stundaskrá skólans en einungis sem almennar kennslugreinar (Loftur Guttormsson, 2008b).

Árið 1934 voru samin ný lög um kennaraskólann og bættist þá fjórða árið við námið. Gefin var út reglugerð um sérstakt kennarapróf árið 1937 fyrir söng, handavinnu, leikfimi, teikningu og matreiðslu og gátu nemendur þar með sérhæft sig í einni grein. Skilyrðin sem sett voru fyrir inntöku í handavinnudeildina voru að hafa sótt nám einn vetur í kennaraskólanum og að nemandi gæti lagt fram sýnishorn af eigin handverki (Helgi Elíasson, 1944).

Með lögum um Kennaraskóla Íslands er komu út árið 1943 var farið að krefjast tveggja ára gagnfræðaprófs til að komast inn í skólann (Loftur Guttormsson, 2008b). Kennaraskólanum var svo breytt í Kennaraháskóla Íslands með lögunum frá 1971 og við það varð námið þrjú ár á háskólastigi og inntökuskilyrðin voru stúdentspróf eða jafngildi þess (Lýður Björnsson, 1981). Handíðakennaradeild var stofnuð við Kennaraskólann árið 1951 þar sem undirbúningi fyrir handavinnukennara þótti ábótavant. Var reynt að bæta úr því með stofnun undirbúningsdeildar fyrir sérnám og var námstíminn tvö ár sem veitti svo rétt til að setjast að í handavinnudeildinni en með því var reynt að færa menntun verkmenntakennara nær þeirri menntun er almennu kennararnir nutu (Helgi Skúli Kjartansson, 2008 og Lýður Björnsson, 1981).

Árið 1962 flutti bóknámshluti Kennaraskólans í núverandi húsnæði í Stakkahlíð en kennsla í verklegum greinum fór fram í gamla skólahúsinu við Laufásveg (Lýður Björnsson, 1981). Kennsla í list- og verkgreinum fer í dag

fram í List- og verkgreinahúsi Háskóla Íslands í Skipholti. Er því sérhæfða hluta verklegs náms textílmenntakennslu og þeirra kjörsviða er heyra undir list- og verkgreinar enn haldið að hluta til aðskildu frá því bóklega með kennslu í öðru húsnæði.

Með lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87 frá árinu 2008 breyttist kennaranámið og frá árinu 2011 varð grunnskólakennaramenntunin að fimm ára námi; þrjú ár í grunnnámi og tveggja ára meistaranám. Textílkennaranámið er því í dag fimm ára nám sem fer fram í Háskóla Íslands við Menntavísindasvið í kennaradeild og heyrir undir kjörsviðið textílmennt. Námið gefur einnig full réttindi til að starfa sem almennur grunnskólakennari.

Fleiri skólar en Kennaraháskólinn hafa staðið að kennaramenntun í handavinnukennslu á grunnskólastigi eða hliðstæðri menntun. Húsmæðra-kennaraskóli Íslands var stofnaður í kjölfar laga nr. 65 frá árinu 1941 um húsmæðraskóla í kaupstöðum og tók til starfa haustið 1942. Helsta markmiðið var að veita stúlkum kunnáttu til að geta orðið kennarar við húsmæðraskóla landsins, þar á meðal við handavinnu (Helgi Elíasson, 1945).

Myndlista- og handíðaskóli Íslands tók til starfa árið 1939 og sinnti um tíma kennaranámi fyrir handavinnukennara og árið 1947 var stofnuð kennaradeild í handavinnu kvenna. Einnig var þar starfrækt sérstök námsleið í handavinnu fyrir Kennaraskóla Íslands og sameinaðist sú deild síðan handíðadeild Kennaraskólans árið 1951. Haustið 1959 var stofnuð föst vefnaðardeild við kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans en árið 1970 var svo stofnuð textíldeild við skólann og vefnaðardeildin felld inn í hana (Björn Th. Björnsson, 1979).

2.3 Þjóðlegt handverk í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla

2.3.1 Lög um grunnskóla

Lög um grunnskóla ná yfir grunnskóla á vegum sveitarfélaga og sjálfstætt rekna grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum til að kenna viðurkennt nám á grunnskólastigi. Þeir skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar. Er það í höndum menntamálaráðuneytisins að hafa eftirlit með að lögum sé framfylgt. Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir kveða á um í aðalnámskrá grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í þessum kafla verða grunnskólalögin og lög um fræðslu barna skoðuð út frá textílmennt.

Guðmundur Finnbogason skrifaði skýrslu árið 1903 sem hann nefndi *Lýðmenntun* og markaði sú skýrsla tímamót í íslenskri alþýðumenntun þar sem hann lagði fram hugmyndafræðilegan grunn að hinni fyrstu löggjöf um barnafræðslu á Íslandi (Loftur Guttormsson, 2008c). Fyrstu löggin um fræðslu barna voru samþykkt á Alþingi árið 1907 og kváðu þau á um skólaskyldu fyrir börn á aldrinum 10 til 14 ára í tvo mánuði á ári. Ekki er minnst á handavinnu í þessum fyrstu lögum um fræðslu barna (Lög um fræðslu barna, nr. 59/1907). Ný lög um fræðslu barna voru gefin út árið 1926 og þar er heldur ekki minnst á handavinnu (Lög um fræðslu barna, nr. 40/1926).

Með lögum um fræðslu barna er komu út árið 1936 varð handavinna loks formlega að skyldunámi í barnaskólum og kemur fram í 5. gr. laganna að þeirrar kunnáttu sem krafist er af barni er hlýtur fullnaðarpróf 14 ára, sé að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju. Ekki er um að ræða útskýringu á hvernig það skuli útfærast eða um hvers konar handiðir löggin vísuðu í (Lög um fræðslu barna, nr. 94/1936). Þrátt fyrir að handavinna hafi fyrst orðið skyldugrein með lögnum árið 1936 hófst kennsla í hannyrðum í skólum hér á landi mun fyrr.

Í lögnum frá 1946 var talað um að kenna skyldi handavinnu og þar kom jafnframt fram að nánari ákvæði um skiptingu námsefnis og niðurröðun þess skyldi sett í námskrá er fræðslumálastjóri gefur út (Lög um fræðslu barna, nr. 34/ 1946). Er það fyrst í kjölfar laganna frá 1946 og með drögum að námskrá er kom út árið 1948 að inntak handmennta var skilgreint sérstaklega og var þá handmenntum skipt í skólasmíði pílta og handavinnu stúlkna. Skyldu stúlkunnar sauma en drengirnir vinna með tré (Brynjar Ólafsson, 2009).

Fyrstu lög um grunnskóla komu út árið 1974 en við það urðu löggin mun ítarlegri en frá árinu 1946. Í fyrsta kafla er fjallað um markmið og skólaskyldu en þar er talað um að ríki og sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir börn á aldrinum sjö til sextán ára. Með tilkomu laganna var farið að tala um grunnskóla í stað barnaskóla. Jafnframt var talað um að hlutverk grunnskólans væri í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun og að grunnskólinn skyldi leitast við að haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla ætti að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Með lögnum var því farið að leggja meiri áherslu á þarfir nemandans.

Menntamálaráðuneytinu var falið að setja grunnskólanum aðalnámskrá þar sem nánar væri kveðið á um uppeldishlutverk skólanna og þá meginstefnu í kennslufræði og kennsluskipan er skyldi fara fram og sinna eftirlitsskyldu um að lögnum væri framfylgt. Í 42. gr. laganna um námsefni

og kennsluskipan kom fram að nemendur skyldu hljóta þjálfun í þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum. Þar var einnig talað um að nemendur skyldu hljóta verknám og eiga kost á bæði verklegum og bóklegum valgreinum í efstu bekkjum grunnskólans (Lög um grunnskóla nr. 63/1974).

Með gildistöku grunnskólalaganna árið 1991 lengdist skólaskylda um eitt ár og varð þá skólaskylda frá sex ára aldri til sextán ára aldurs líkt og hún er í dag. Með löggjöfinni árið 1991 var farið að tala um að í öllu starfi skólans skyldi leggja áherslu á skapandi starf og að jafnvægi skyldi vera milli verklegs og bóklegs náms. Í kaflanum um meginmarkmið og skipulag náms var talað um listgreinar í fyrsta sinn í löggjöfinni og voru námsgreinarnar mynd- og handmennt, tónmennt, leiklist og dans skilgreindar sem listgreinar (Lög um grunnskóla nr. 49/ 1991).

Helstu breytingar á lögum um grunnskóla með nýrri löggjöf árið 1995 voru að með þeim fluttist rekstur og ábyrgð á grunnskólunum frá því að vera í höndum ríkis og sveitarfélaga yfir í að vera eingöngu á ábyrgð sveitarfélaga en það var þó enn menntamálaráðherra sem hafði eftirlit með því að lögnum væri fylgt eftir sem skildi. Þær breytingar voru einnig gerðar með lögnum frá árinu 1995 að grunnskólinn varð einsetinn. Ekki var talað sérstaklega um handmennt í lögnum en í stað þess voru list- og verkgreinar nefndar og þess getið að í aðalnámskrá væri að finna inntak og skipulag námsgreinanna sem heyrðu undir þær. Nýjung í lögnum var námssviðið upplýsinga- og tæknimennt. Hönnun og smíði heyrðu því ekki lengur undir list- og verkgreinar heldur tæknimennt (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Gildandi lög um grunnskóla voru sett árið 2008 og hafa lögin breyst og þróast í takt við breyttar áherslur í samfélaginu frá því að þau voru sett fyrst árið 1974. Megininntak 2. gr. laganna um helstu markmið þeirra eru hins vegar þau sömu og í fyrstu lögnum frá árinu 1974, það er að segja að grunnskólinn í samvinnu við heimilin skuli stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Ráðherra fer enn með yfirstjórn þeirra málefna er lögin varða og aðalnámskrá er ætlað að útfæra nánar hvernig inntak og skipan náms fer fram. Ekki er lengur talað um list- og verkgreinar í lögnum en þar er talað um frjótt og skapandi starf, nýsköpun og að jafnvægi skuli vera milli bóklegs og verklegs náms (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Eftir að hafa skoðað lög um fræðslu barna og grunnskólalögin kom í ljós að ekki er talað sérstaklega um þjóðlegt handverk í þeim lögum sem gefin hafa verið út hingað til. Þar hefur hins vegar verið fjallað um nám í list- og

verkgreinum. Fyrsta skiptið sem nám er tengdist textílmennt var nefnt í lögnum var árið 1936 þegar handavinna var gerð að skyldunámsgrein en þar kom fram að barn sem hlýtur fullnaðarpróf 14 ára skuli hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju. Í lögnum frá árinu 1946 kom fram að kenna skuli um handavinnu. Í fyrstu grunnskólalögnum frá árinu 1974 var talað um að nemendur skyldu hljóta þjálfun í þroska fagurskyns, listhneigðar og hagleiks með kennslu í tónmennt, myndlist og handiðum og að jafnframt skyldu nemendur hljóta verknám og eiga kost á bæði verklegum og bóklegum valgreinum í efstu bekkjum grunnskólans. Með lögnum frá árinu 1991 var í fyrsta sinn farið að tala um list- og verkgreinar og er námsgreinin textílmennt skilgreind þar sem slík og einnig í lögnum frá árinu 1995. Með lögnum sem komu út árið 2008 og eru í gildi í dag er ekki lengur talað um list- og verkgreinar heldur er einungis talað um frjótt og skapandi starf, nýsköpun og að jafnvægi skuli vera á milli bóklegs og verklegs náms. Aðalnámskrá er svo ætlað nánari útfærslu á því hvernig námið í textílmennt og list- og verkgreinum skuli fara fram.

2.3.2 Aðalnámskrár og drög að námskrám

Helsta hlutverk aðalnámskrár er að vera rammi utan um skólastarfið og gefa leiðsögn um tilgang og markmið þess. Birtir hún heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu er felst í lögum um grunnskóla (Aðalnámskrá 2011). Námskrár og drög að námskrám verða skoðuð út frá textílmennt með tilliti til þess hvort þjóðlegt handverk sem er hluti af íslenska menningararfinum birtist í þeim og þá hvernig það birtist.

2.3.3 Námskráin 1929

Námskrá var fyrst gefin út á Íslandi árið 1929 en áður höfðu reglur um barnapróf komist næst því að gegna hlutverki námskrár (Loftur Guttormsson, 2008d). Ekki var talað um textílmennt eða handavinnu eins og greinin var nefnd á þessum árum í námskránni frá 1929. Talað var um handavinnu stúlkna í skýrslu um Barnaskóla Reykjavíkur (1926) fyrir skólaárið 1924 – 1925. Teikning var hins vegar nefnd í námskránni frá 1929 og kemur þar fram að á sjötta og sjöunda ári teiknikennslunnar skuli kennslan fara fram í tengslum við handavinnukennslu, væri það mögulegt (Helgi Elíasson, 1944).

2.3.4 Drög að námskrám fyrir barna- og gagnfræðaskóla 1948

Með drögnum að námskrá fyrir barna- og gagnfræðaskóla er kom út árið 1948 breyttist námsgreinin handavinna yfir í að vera handavinna stúlkna og

skólasmíði drengja (Fræðslumálastjórnin, 1994). Með drögunum varð sú kynjaskipting innan námsgreinanna sem þegar var við lýði í barnaskólum fest enn betur í sessi (Brynjar Ólafsson, 2009). Skipuð hafði verið nefnd sérfróðra manna til að gera tillögur eða drög að handavinnunámskrá er gefin var út. Með útgáfunni af drögunum var í fyrsta sinn komin formleg skilgreining á inntaki handavinnu. Helsti tilgangur eða markmið handavinnunámsins í barna- og framhaldsskólum var að veita nemendum alhliða þroska og gera þá færa um að sauma einfaldan fatnað og hirða hann, kenna þeim að nota saumavél og umgangast hana ásamt því að kenna aðferðir við ýmsar greinar handavinnunnar svo sem þrjón, hekl og útsaum (Fræðslumálastjórnin, 1948). Ekki var talað sérstaklega um menningararfinn eða þjóðlegt handverk í drögunum en lögð var áhersla á að kenna aðferðir sem tengjast þeim eins og ullarvinna, þrjón og útsaumur. Nefndin sem samdi drögin að handavinnunámskránni lagði jafnframt til að fjórðungur af allri handavinnukennslu skyldi vera útsaumur (Fræðslumálastjórnin, 1948). Drögin tóku ekki gildi sem eiginleg námskrá en var fylgt eftir að miklu leyti sem slík (Helgi Skúlason, 2008).

2.3.5 Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri 1960

Árið 1960 var gefin út námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri og hefur greinin textílmennt þar enn heitið handavinna stúlkna. Námskráin inniheldur heildaryfirlit yfir námsefnið á öllum stigum þess í hverri námsgrein fyrir sig. Markmiðin með handavinnu stúlkna í námskránni voru að æfa hug og hönd og kenna þeim að bera virðingu fyrir líkamlegri vinnu. Stúlkurnar áttu að læra að meta fagra og vandaða vinnu, hvort sem um var að ræða nauðsynjamuni eða muni sem ætlaðir voru til skrauts og fegrunar á heimili. Námskráin var mjög stýrð, áhersla lögð á vandvirkni og innihélt hún nánari útskýringar á útfærslu á námsefninu en um var að ræða í drögunum frá því 1948. Námsefnið fyrir 11 ára stúlkur í námskránni var sem dæmi „kennt að þrjóna slétt og brugðið með fimm þrjónum. Kennt að taka upp lykkju. Þrjónað til dæmis vettlingar eða húfa“ (Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, bls. 53 1960). Ásdís Skúladóttir (1970) benti á að mikil mismunun ætti sér stað innan skyldunámsins sem endurspegladist í verklegum greinum. Benti hún á að með námskránni frá 1960 væri drengjum meira beint inn á að hugsa og vinna sjálfstætt að verkefnum sínum og nýta sér ýmiskonar efnivið, en að stúlkur þyrftu að læra að meta fagra og vandaða vinnu.

Í námskránni var talað um að æskilegt væri að kennslan færi að miklu leyti fram sem hópkennt og útlistað þannig að kennarinn útskýrði

verkefnið fyrir nemendum sínum öllum í einu og sýndi þeim hvernig ætti að vinna það. Nemendum var síðan gert að vinna sjálfstætt undir leiðsögn kennarans og var aðferð þessari ætlað að þroska athygli nemandans og sjálfstæði (Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldaldri, 1960). Var það nýtt í námskránni að getið var til um hvaða kennsluaðferð skyldi notast við, ásamt rökstuðningi fyrir gildi hennar fyrir nemandann. Ekki var talað um menningararfinn í námskránni, stúlkunum var ætlað að læra að þrjóna og sauma út en ekki talað um að þær skyldu læra um ullarvinnslu eins og ætlast var til í drögum árið 1948.

2.3.6 Aðalnámskrá grunnskóla. Mynd- og handmennt 1977

Með nýrri námskrá árið 1976 og 1977 varð sú breyting á að með lögum um grunnskóla 1974 breyttist heiti hennar í aðalnámskrá en lögin gerðu jafnframt ráð fyrir því að þarfir nemandans yrðu í fyrirrúmi og að ákveðnum uppeldis- og kennslufræðum yrði framfylgt (lög um grunnskóla nr. 63/1974). Markaðist hin nýja aðalnámskrá af því og urðu um leið ákveðin tímamót í skólakerfinu. Gefin var út mjög ítarleg námskrá í mörgum heftum, eitt fyrir hverja námsgrein, með kennslufræðilegum nýjungum sem kennarar áttu að tileinka sér. Almennur hluti aðalnámskrár var gefinn út í júní 1976 og námsgreinaheftin eitt af öðru í kjölfarið. Nýmæli var í námskránni að námsgreinum var fækkað með sameiningu og farið var að fjalla um tengsl innan námsgreina í námsgreinaheftunum (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008).

Aðalnámskrá grunnskóla, mynd- og handmennt var gefin út árið 1977 og greinin textílmennt bar þar heitið hannyrðir. Fram kom í inngangskafli að mynd- og handmenntir væru samþætt námsgrein sem fæli í sér hannyrðir, smíði, teiknun og vefnað sem þá var tengdur áðurnefndum greinum í samræmdu námi í 1. og 2. bekk og einnig sem valgrein í 8. - 10. bekk. Rökin fyrir því að greinarnar fengju sameiginlegt heiti voru þau að þær væru á margan hátt mjög skyldar, hefðu sömu heildarmarkmið og styddu hvor aðra. Jafnframt var bent á að mikilvægt væri að greinarnar héldu sjálfstæði sínu og tileinkuðu sér undirstöðuatriði hvernar greinar. Námsmat nemenda með sérþarfir var þá einnig getið í námskránni (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977). Athyglisvert er að vefnaður var þá í fyrsta sinn nefndur í námskrá um handavinnu og fékk þónokkuð vægi.

Námskráin markaði tímamót í sögu handavinnukennslu á Íslandi að því leyti að með henni átti að leitast við að koma til móts við það markmið að gefa öllum einstaklingum tækifæri á að uppgötva og þroska þá hæfileika er þeir byggja yfir. Því til samræmis skyldi hætt að aðgreina hannyrða- og

smíðanáám eftir kynjum en með þeirri breytingu fækkaði kennslustundum í hvorri grein um helming. Voru nemendur áður í einni grein yfir heilt skólaár en með hinu nýja fyrirkomulagi skiptist sá tímafjöldi niður á tvær greinar. Eitt af meginmarkmiðum handavinnukennslunnar var að þroska og þjálfa hug og hönd nemandans til að tjá eigin hugmyndir, þekkingu og reynslu, efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977).

Fram kom í námskránni frá 1977 um mynd- og handmennt að leggja bæri áherslu á að kenna um íslenska menningararfinn og þjóðlegt handverk í hannyrðum og rætt var um að kenna bæri aðferðir eins og vefnað, útsaum, prjón ásamt eiginleikum ullar og aðferðum við vinnslu hennar. Eitt af meginmarkmiðum námskráarinnar var að vekja áhuga og auka þekkingu á verkmenningu, listum og öðrum menningarverðmætum. Kom þar fram að „sérstaka áherslu ber á að kynna íslenska verkmenningu og list, forna og nýja, sameiginlegan menningararf sem allir landsmenn eiga jafnan rétt til að nýta og njóta“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977, bls. 5) og að nemendur skyldu fræddir um gildi og sögu verkmenningar og eins var fjallað um að safnakennsla væri vel til þess fallin að kynna nemendum menningararfinn (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977).

Bent var á í námskránni að fram að þessari öld hafi hvert heimili verið vettvangur verkkunnáttu þar sem fatnaður og flestir hlutir til heimilisins hafi verið unnir. Mikilvægt væri að viðhalda verkkunnáttu þar sem hún tengdist flestum atvinnugreinum þjóðfélagsins. Með hannyrðanámi væri reynt að viðhalda algengum vinnubrögðum er hefðu haldist með þjóðinni og að verkþæfnin væri enn mikilvæg fyrir þjóðina og stuðlaði að sköpun menningarverðmæta. Meðal þeirra valgreina sem ætlaðar voru fyrir 7. - 9. bekk voru listasaga þar sem nemendur skyldu fá kennslu í íslenski lista- og verkmenningarsögu. Vefnaður var meðal valgreina þar gafst nemendum færi á að læra um undirstöðupætti og möguleika vefnaðar, ásamt því að læra um sögu vefnaðar á Íslandi og það gildi sem hann hefði í sögulegu samhengi (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977).

2.3.7 Aðalnámskrá grunnskóla - Mynd- og handmennt 1989

Næsta aðalnámskrá hafði ekki miklar breytingar í för með sér í textílmennt en helstu markmiðin voru að innihaldi þau sömu. Mynd- og handmennt var enn yfirheitið á námsgreinunum hannyrðir, smíði og myndmennt og vefnaður var enn tengdur greinunum. Áherslan á skapandi tilraunastarf, sjálfstæði og sköpunarþáttinn sem kom með námskránni frá 1974 var enn til staðar í enn meira mæli en áður og talað var um að mikilvægt væri að

hverjum nemanda ætti að bjóða verkefni er vektu áhuga hans og að hann fengi að fara eigin leiðir að lausn þeirra enda væru það mikilvægir þættir í átt að auknum þroska hans. Námskráin innihélt ekki eins skýr markmið um þau verkefni sem nemendum var ætlað að vinna eins og var í áður gildandi námskrá. Valnámskeið voru samkvæmt námskránni fyrir 8. – 10. bekk til viðbótar við grunnám í greininni (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989).

Svipaðar áherslur voru um íslenska menningararfinn og þjóðlegt handverk og var að finna í námskránni frá 1974. Eitt af meginmarkmiðunum var að leggja grunn að sjálfstæðu gildismati nemenda, vekja áhuga og auka þekkingu á verkmenningu, listum og öðrum menningarverðmætum. Kafli um list- og verkmenningarsögu var í námskránni en þar kom fram að reynt skyldi að fella umræður og athuganir á verkmennt og myndlist inn í námið. Í kaflanum um hannyrðir fyrir 3. – 8. bekk kom fram að „nemendur þurfi að fá fræðslu um gildi og sögu íslenskra verkmennta og eru þá ferðir í söfn og á sýningar afar gagnlegar“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 93). Þjóðlegar handverksaðferðir sem talað var um í námskránni voru vefnaður, prjón og útsaumur en sérstaklega var talað um að kynna ætti gamlar íslenskar útsaumsgerðir (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989). Má því greina að meiri áhersla var lögð á að kenna um þjóðlega handverkið í aðalnámskránni frá 1989 en gert var í þeirri er út kom árið 1977.

2.3.8 Aðalnámskrá grunnskóla - Textílmennt 1999

Aðalnámskráin sem kom út árið 1999 var gefin út í tólf heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og ellefu sérstaka greinahluta sem fjölluðu um tiltekin námssvið. Með því varð sú breyting að smíði féll þá undir upplýsinga- og tæknimennt og fékk þá heitið hönnun og smíði. Greinin hannyrðir féll þar undir námsviðið listgreinar sem innihélt námsgreinarnar myndlist, textílmennt og tónmennt. Leikræn tjáning og dans voru settar fram sem þverfaglegar greinar og áttu að samþættast öðrum námsgreinum eða í formi valgreina, líkt og gert var með vefnað í fyrri námskrá. Með þessum breytingum breyttist nafnið á greininni úr hannyrðum yfir í textílmennt eins og hún heitir í dag (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999). Innihald og kennsla greinarinnar breyttist ekki mikið með komu nýrrar námskrár og við það að vera færð undir listasvið. Helstu áherslur fyrir greinina miðuðu að því að hún gegndi mikilvægu hlutverki þegar kæmi að uppeldisþáttum, þroska, handverki og hönnun.

Markmiðin í nýrri námskrá voru sett fram í þremur flokkum og á mun ítarlegri hátt en áður. Lokamarkmið sem var ætlað að gefa heildarmynd af þeirri kennslu er stefnt var að í einstaka námsgreinum. Lokamarkmiðin voru

síðan greind niður í áfangamarkmið og svo loks þrepamarkmið þar sem nánari útlitun á markmiðunum var að finna fyrir hvert aldurstig. Þrepamarkmiðunum var skipt niður í lögmál og aðferðir, sögulegt og félagslegt samhengi, og fagurfræði og rýni. Skyldunám var fyrir 1. til 8. bekk samkvæmt námskránni en nám í textíl í 9. og 10. bekk var val og voru sett fram áfangamarkmið og þrepamarkmið fyrir aldurstigin (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

Þá voru áherslur um að kenna bæri um íslenska menningararfinn og þjóðlegt handverk að finna í námskránni og var lögð áhersla á það í inngangi að textílmennnt að handverk og handverksaðferðir fortíðarinnar væru þjóðinni mikilvægar samfélags- og efnahagslega. Mun skýrari framsetningu var að finna í markmiðum aðalnámskrár frá 1999 á því hvað nemendum var ætlað að hafa lært um menningararfinn og þjóðlegt handverk að loknu námi. Hugtakið heimilisiðnaður kom þá fram í fyrsta sinn í námskrá og var rætt um það sérstaklega í inngangi að „handverkið á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, heimilisiðnaðinum, þar er unnið út frá hefð og rótgróinni þekkingu á efnum og aðferðum“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, bls. 34). Nytjahlutir til heimilis og handverk þeim tengdum hafði þó verið getið í öllum þeim námskrám sem gefnar höfðu verið út um greinina textílmennnt. Þá kom fram í þrepamarkmiðum fyrir 7. bekk að nemandinn ætti að geta tengt áhrif frá þjóðlegum íslenskum munum og mynstrum inn í eigin verk. Talað var um útsaum, vefnað, þrjón, ull og ullaráhöld sem notuð voru áður fyrir í námskránni og tóvinna var þá í fyrsta sinn nefnd. Athygli vekur að þá var í fyrsta sinn talað um að nemendur skyldu læra um helstu dýrgripi íslenskrar textílsögu og um íslenska þjóðbúninga og var því hægt að merkja það í aðalnámskránni frá 1999 að þjóðlegt handverk og textílsagan væri talin mikilvæg fyrir þjóðina (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

2.3.9 Aðalnámskrá grunnskóla - Textílmennnt 2007

Ný aðalnámskrá tók gildi árið 2007 en helstu breytingar hennar voru að stuðla skyldi að auknu sjálfstæði skóla og meiri sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu ásamt áherslu á einstaklingsmiðaða kennslu (Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti, 2007). Ekki var um að ræða miklar breytingar á innihaldi á námskrá fyrir textílmennnt, greinin heyrði enn undir listgreinar og markmiðin þau sömu (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 2007).

Birting íslenska menningararfsins kom fram á svipaðan hátt og í fyrri námskrá frá árinu 1999 en í inngangi að textílmennnt kom fram að textílmennnt væri „ríkur þáttur í menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin

þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 2007, bls. 16). Kom jafnframt fram að handverkið sem áður var órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar væri nú vaxandi atvinnuvegur „og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 2007, bls. 16).

Íslensku þjóðbúningarnir komu fyrir í aðalnámskránni og var í fyrsta sinn minnst á jurtalitun en fram kom í þrepamarkmiðum fyrir 5. bekk að nemandi skyldi gera „tilraunir með að lita ullargarn með náttúrulegum litum úr jurtaríkinu“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 2007, bls. 60).

2.3.10 Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti 2011/Greinasvið. 2013

Núgildandi aðalnámskrá hefur mótast í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Út frá því hafa verið þróaðir sex grunnþættir er mynda kjarna þeirrar menntastefnu sem hún inniheldur en almennur hluti hennar kom út árið 2011. Grunnþættirnir sex eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og sköpun og skulu þeir fléttast inn í allt skólastarf og starfshætti grunnskólanna.

Í aðalnámskrá kemur fram að eitt af meginmarkmiðunum sé að stuðla að alhliða þroska og almennri menntun einstaklingsins. Með því að skilgreina þá hæfni sem að er stefnt frá upphafi skólagöngunnar er grunnurinn lagður að heildstæðri almennri menntun. Hæfniviðmið eru því skilgreind og útfærð innan hvers námssviðs og hvernar námsgreinar ásamt hæfniviðmiðum yfir það sem ætlast er til að náist við lok grunnskóla. Nýjar útfærslur á námsmarkmiðum er því að finna í núgildandi aðalnámskrá þar sem sett eru fram hæfniviðmið sem byggja á þekkingu og leikni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Aðalnámskrá - almennur hluti og greinasvið kom síðan út árið 2013 í einni bók. Sú breyting varð á að nú tilheyrir textílmennt list- og verkgreinum. Greinasviðið skiptist í listgreinar sem eru sviðslistir, sjónlistir og tónmennt og verkgreinar sem eru heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt. Nám í textílmennt er val fyrir 8. til 10. bekk og lögð er áhersla á að jafnvægi skuli vera milli bók- og verknáms sem hafa skuli í huga við skipulagningu valnámskeiða og skuli allt að helmingur þess bundinn list- og verknámi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Textílnámi er í núgildandi námskrá, líkt og áður, ætlað að stuðla að alhliðaþroska og uppeldi nemenda í gegnum handverkið. Helstu áherslur og meginmarkmið eru að mestu leyti óbreytt og er greinin handverksmiðuð

sem fyrr. Er þess getið í inngangskafli að list- og verkgreinum að nemendum gefist tækifæri í gegnum námsgreinarnar að viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma og að listir og handverk séu sterklega samvinnuð okkar daglega lífi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Sameiginleg hæfniviðmið eru sett fram fyrir list- og verkgreinar sem viðkoma menningarläsi nemenda fyrir námsgreinarnar. Hæfniviðmiðum í textílmennit er skipt í þrjú flokka: handverk, aðferðir og tækni, sköpun, hönnun og útfærsla og að lokum menning og umhverfi. Hæfniviðmiðin eru leiðbeinandi með almennum markmiðum og gefa því ekki eins nákvæma skilgreiningu á útfærslum og um ræddi í þrepamarkmiðum í aðalnámskránum frá árunum 1999 og 2007 (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Þjóðlegt handverk og handverksaðferðir birtast því á mun almennari hátt en í námskránum frá árunum 1999 og 2007. Talað er fyrir mikilvægi handverksins og menningararfsins og það sem fyrr talið mikilvægt fyrir þjóðina. Birtist það sem hæfniviðmið í floknum menning og umhverfi og er talað um að við lok 7. bekkjar skuli nemandi geta fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni og að hann eigi að geta sett textílvinnu og textílværk í samhengi við sögu og samfélag. Við lok 10. bekkjar eiga nemendur að hafa öðlast skilning á sérkennum íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Samkvæmt núgildandi aðalnámskrá á greinin textílmennit að byggja á handverki og hönnun og fela í sér verkfærni á fjölbreyttum sviðum og stuðla að sköpunarkrafti, samhæfingu huga, hjarta og handar. Greinin á jafnframt að stuðla að því að gera nemendur að betri þjóðfélagsþegnum. Textílmennit byggir á rótgróinni handverksaðferð sem á sér djúpar rætur í menningarsögunni og skal henni miðlað áfram til komandi kynslóða og ásamt því að þróa hana í takt við breytta tíma og áherslur í menntun og uppeldi hvers tíma (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Handverkinu er því enn ætlað að gegna uppeldislegu hlutverki líkt og í upphafi þegar farið var að innleiða slöjd eða skólaiðnað í handverkskennslu í byrjun 20. aldarinnar þegar hugmyndir um skólastarf voru að þróast hér á landi.

2.3.11 Samantekt

Við athugun á því hvernig íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk birtast í drögum að námskrám og aðalnámskrám fyrir textílmennit kom í ljós að ekki var farið að nefna íslenskan menningararf og þjóðlegt handverk sem mikilvægan þátt í námi fyrr en með aðalnámskránni árið 1977. Ítarlegustu útfærslurnar á því hvað af íslenskum menningararfi skyldi kenna og hvað teldist til menningararfs var að finna í námskránum frá árunum 1999 og

2007. Þjóðlegar handverksaðferðir sem teljast til íslensks menningararfs eins og útsaumur, þrjón og ullarvinna hefur þó verið að finna í námskrám allt frá árinu 1948 og talið var mikilvægt að læra handverk sem nýta mátti til heimilisins eða til skrauts.

Við skoðun á aðalnámskrám sem lúta að innihaldi og markmiðum námsgreinarinnar textílmennt kom í ljós að greinin byggir að miklu leyti á sama grunni og markmiðum í núgildandi aðalnámskrá og var í upphafi þegar fyrstu námskrárnar komu út fyrir námsgreinina. Talað er um að námsgreinin byggir á rótgróinni handverksaðferð sem á sér djúpar rætur í menningarsögunni og talið er mikilvægt að koma aðferðinni áfram til komandi kynslóða og þróa í takt við breytta tíma og áherslur í menntun og uppeldi hvers tíma. Með námskránni frá árinu 1977 breyttust áherslur greinarinnar úr því að vera með mikla stýringu í verkefnavali og þeim aðferðum sem unnið var eftir í þá átt að huga betur að þörfum nemandans. Þá fór sköpunarþátturinn að koma inn í greinina og nemendur áttu að hafa áhrif á verkefnaval, tjá sig um eigin hugmyndir og var náminu jafnframt ætlað að auka sjálfstraust og sjálfstæði. Sú breyting átti sér einnig stað að með námskránni varð námsgreinin gerð að skyldugrein fyrir drengi.

Námsgreininni er því enn ætlað að gegna uppeldislegu hlutverki líkt og í upphafi þegar farið var að innleiða slöjd eða skólaiðnað í handverkenskenslu í byrjun 20. aldarinnar og hugmyndir um skólastarf voru að þróast hér á landi. Áhrifa heimilisiðnaðarins og hugmynda Halldóru Bjarnadóttur gætir enn í textílmennt þar sem námsgreininni er ætlað að undirbúa nemendur fyrir lífið og gera þá færa um að bjarga sér með handverkinu.

Námsgreinin textílmennt hefur í gegnum tíðina borið heitin handavinna stúlkna, hannyrðir og textílmennt og verið flokkuð með mismunandi námsgreinum. Hún hefur tilheyrt mynd- og handmennt og listgreinum en tilheyrir í dag greinasviðinu list- og verkgreinar. Heyrir textílmennt undir verkgreinar ásamt hönnun og smíði og heimilisfræði og hafa menn því í dag sömu hugmyndir um flokkun námsgreinanna er tilheyra verkgreinum og Guðmundur Finnbogason (1994) hafði í byrjun 20. aldar þar sem hann talaði um handavinnu og fjallaði í því samhengi um smíði, hannyrðir og heimilisfræði í bók sinni *Lýðmenntun*.

2.4 Rannsóknir í list- og verkgreinakenslu

Fáar rannsóknir er að finna hér á landi er beinast að kennslu í list- og verkgreinum og hvernig eða hvort unnið er út frá grunnskólalögum og aðalnámskrá í list- og verkgreinum. Hið sama virðist eiga víðar við að því er fram kemur í skýrslu sem byggir á niðurstöðum heimsráðstefnu UNESCO frá

árinu 2006 um listfræðslu. UNESCO stóð fyrir heimsráðstefnu um listfræðslu í Lissabon í mars árið 2006 þar sem meginmarkmiðið var að kanna tækifærin sem felast í listfræðslu og mæta hugmyndum og kröfum um mikilvægi sköpunar og menningar á 21. öldinni. Var í kjölfarið gefin út skýrsla eða vegvísir sem byggir á samþykktum ráðstefnunnar sem ætlað var að stuðla að sameiginlegum skilningi á heimsvísu á mikilvægi listfræðslu, skapa samstöðu um að búa til skapandi og menningarlega meðvituð samfélög og stuðla að því að auðvelda aðgengi að fjármagni og mannauði til að tryggja hlut listfræðslu í menntakerfum og skólum (UNESCO, 2007).

Nefna má til þrjár rannsóknir á list- og verkgreinakennslu hér á landi. Árið 2008 til 2009 var staðið að umfangsmikilli úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi á vegum menntamálaráðuneytisins og var það Anne Bamford, próffessor, sem stýrði rannsókninni. Skoðað var bæði formlegt og óformlegt framboð á list- og menningarfræðslu í skólakerfinu og aðgengi að námi og kennaramenntun einnig rannsakað. Helstu niðurstöður voru þær að listfræðsla á Íslandi telst góð á alþjóðlegum mælikvarða og nýtur víðtæks stuðnings frá almenningi og samfélaginu (Bamford, 2011). Rannsóknin tengdist alþjóðlegri úttekt á listfræðslu sem gerð var árið 2006 á vegum UNESCO.

Reykjavíkurborg gaf út skýrslu árið 2009 þar sem gerð var úttekt á kennslu í listfræðslu í grunnskólum borgarinnar. Helstu markmiðin voru að gera úttekt og skoða kennsluna í listgreinum sem kenna ber samkvæmt aðalnámskrá í listgreinum og var textílmennnt meðal þeirra námsgreina (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2009).

Árið 2009 var settur af stað sérstakur rannsóknarhópur í tengslum við yfirgripsmikla rannsókn á starfsháttum í grunnskólum hér á landi sem framkvæmd var í 20 grunnskólum. Í rannsókninni var meðal annars skoðað hvernig samræmið var á milli þeirrar stefnu sem búið var að móta um kennslu í list- og verkgreinum og sett var fram í aðalnámskrá og hvernig hún var framkvæmd í grunnskólunum. Skoðað var meðal annars að hvaða leyti list- og verkgreinakennarar nýttu sér aðalnámskrá og hvort mun væri að finna á milli list- og verkgreinakennara og annarra kennara í því sambandi (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011).

2.4.1 Kennsluhættir í list- og verkgreinum

Bamford (2011) komst að því að nemendur þroski færni sína í list- og verkgreinum, að leitast væri við að koma til móts við þarfir nemenda og að frelsi og sveigjanleiki væri í listfræðslunni. Í skýrslu Reykjavíkurborgar kom fram að meðal þess sem kennarar teldu mikilvægt að kenna í listgreinum í

grunnskólum væri að nemendur lærðu að vinna með höndunum og að þeir lærðu að nota fjölbreyttari leiðir við lausn verkefna og sköpun. Einnig kom þar fram að textílkennarar teldu að námsefni vantaði fyrir greinina (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

Garber (2002) rannsakaði innihald handverkskennslu í grunnskólum í Finnlandi og komst hún að því að helstu forsendur fyrir því að kenna bæri verklegar greinar væru að nemendur lærðu grunntækni til að bjarga sér, að þeir myndu læra að leita lausna og vinna á skapandi hátt og öðlast sjálfstraust og ánægju í náminu. Viðhorf og væntingar nemenda á unglingsstigi í grunnskóla til námsgreinarinnar textílmennt var að þeir upplifðu námsgreinina ánægjulega, að þeir vildu hafa áhrif á verkefnaval og teldu að greinin hefði hagnýtt gildi (Erla Dís Arnardóttir, 2013). Textílkennarar í rannsókn Guðrúnar Hannele Henttinen (2000) töldu mikilvægt að verkefni væru að höfða til nemenda. Einnig kom þar fram að að skortur væri á námsefni fyrir námsgreinina og að samfélagslegra áhrifa gæti á verkefnavali. Fram kom í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* að list- og verkgreinakennarar legðu meira upp úr verklegum þáttum en þeirra sem kröfðust bóklegs náms eða munnlegrar tjáningu nemenda. Einnig kom þar fram að möguleiki gæti verið að það væri á kostnað þátta sem skilgreindir væru í aðalnámskrá sem greining, mat eða þekking á sögu og samfélagslegu samhengi námsgreinnanna og að þetta þyrfti að rannsaka (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011). Fram hefur komið að nemendum í grunnskólum á Íslandi skortir færni til að tjá sig um vinnu sína í listgreinum (Bamford, 2011).

2.4.2 Menning og verklag fyrri tíma

Fram kemur í gildandi aðalnámskrá að nemendur fái einstakt tækifæri í list- og verkgreinum til að kynna og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma um leið og þeir hlúa að eigin menningararfleifð (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Grimstad (2001) rak sögu textílmenntakennslu í Noregi og benti á að tímabært væri að námið sem færi fram í gegnum verklega vinnu myndi öðlast þá virðingu sem því bæri og benti á í því samhengi að ekki væri nóg að nemendur aðeins töluðu um menningararfinn heldur væri einnig mikilvægt að nemendur fengju tækifæri á prófa sig áfram og vinna með þær aðferðir sem lægju að baki handverkshefðunum.

Fram kom í rannsókn Mason (2005) á handverki í Bretlandi að á sama tíma og list- og verkgreinakennsla hefði minnkað í skólum þar í landi hefði áhugi almennings aukist á handverki. Taldi hún mikilvægt að samtvinna

gamla handverkshefðir, sem stundaðar hefðu verið inn á heimilum, við skólastarfið í list- og verkgreinakennslu á unglíngastigi grunnskólans og benti einnig á að mikilvægt væri að nemendur kynntust og öðluðust skilning á menningarlegum bakgrunni handverksins. Séríslenskir menningarþættir eru gjarnan hluti náms um þjóðararfinn eins og í textílmennt sem er námsgrein sem á sér djúpar rætur í handverkshefðinni (Bamford, 2011). Í skýrslu Reykjavíkurborgar kom fram að mikilvægt væri að viðhalda handverkskunnáttu sem hluta af menningararfinum (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

Garber (2002) rannsakaði stöðu innihalds og samfélagslegra áhrifavalda á handverkskennslu í grunnskólum í Finnlandi. Komst hún að þeirri niðurstöðu að staða handverkskennslu væri sterk meðal annars vegna mikillar menningararfleifðar þeirra í handverki og hönnun og að kennarar teldu mikilvægt að viðhalda finnskum handverkshefðum sem byggðu á menningu og arfleifð frá sveitasamfélaginu. Þegar menningararfurinn kom til tals hjá viðmælendum í rannsókn Guðrúnar Hannele Henttinen (2000) var það helst þrjónið sem bar á góma og að það væri farið að öðlast sess sem mikilvægur hluti af verkmenningu Íslendinga og því bæri að viðhalda. Benti Guðrún á að baráttan sem hefði verið höfð til bjargar heimilisiðnaðinum á Íslandi á þriðja áratug 20. aldar og sú leið sem farin var að nýta skildi handavinnukennslu til að kenna vinnubrögð til að koma í veg fyrir að þau glötuðust, hefði á þeim tíma haft þjóðfélagslegt gildi en í dag hefðu þessi sömu vinnubrögð orðið menningarlegt gildi.

2.4.3 Hvernig tekst til við að uppfylla markmið aðalnámskrár

Lítið hefur verið rannsakað hér á landi hvernig viðmið í aðalnámskrá eru uppfyllt í list- og verkgreinum og textílmennt en þó hefur það verið gert. Bamford (2006) sagði frá því í rannsókn sinni á kennslu í listgreinum sem náði yfir 60 lönd að niðurstöður gæfu til kynna að stórt bil væri á milli opinberrar stefnu sem hefði háleit markmið fyrir listir og þess náms sem raunverulega færi fram í skólum.

Í skýrslu Reykjavíkurborgar kom fram að samróma álit kennara væri að aðalnámskráin væri mjög yfirgripsmikil og því erfitt að uppfylla allt sem lagt væri fyrir í henni. Helstu kostir væru að hún gæfi rými til að viðhafa sjálfstæða skipulagningu á kennslunni en það gæti hins vegar stuðlað að því að það yrði kennurum ofviða og þá sérstaklega óreyndum kennurum (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2009). Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* kom fram að list- og verkgreinakennarar teldu erfitt um vik að vinna að öllum þeim markmiðum sem fram kæmu í aðalnámskránni. Kom í ljós að

einungis 59% list- og verkgreinakennara studdust að öllu eða miklu leyti við aðalnámskrá við undirbúning sinn fyrir kennslu í byrjun skólaársins og að þeir studdust síður við hana en aðrir kennarar skólanna. Þess má þó geta að 35% af list- og verkgreinakennurum sögðust auk þessara 59% styðjast við aðalnámskrá að töluverðu eða nokkru leyti. Greina má út frá svörum list- og verkgreinakennara í hópviðtölum að þeir teldu ógerlegt að vinna að öllum þeim markmiðum sem fram kæmu í aðalnámskránni meðal annars vegna ónægs tíma sem greinunum væri ætlað en einnig kom sterkt fram hjá þeim að óraunhæft væri að samræma að öllu leyti hina formlegu námskrá og þá sem framkvæmd væri í skólanum (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011). Fram kom hjá Guðrúnu (2000) í rannsókn á starfi textílkennara og viðhorfum þeirra til eigin námsgreinar að textílkennarar teldu mikilvægt að reyna að fylgja námskránni eins og kostur væri.

2.4.4 Persónuleg viðhorf list- og verkgreinakennara hafa áhrif á kennsluhætti þeirra

Guðrún Helgadóttir (1997) skoðaði viðhorf íslenskra handmenntakennara til eigin kennslugreina, hvernig þau samvinnuðust eigin lífsviðhorfum og hvaða áhrif sjálfsmynd þeirra hefði á viðhorf þeirra til námskrárinnar. Komst hún að þeirri niðurstöðu að viðhorfin sem kennarar öðluðust í uppeldinu hefðu mikið að segja um þau viðhorf sem þeir hefðu til greinar sinnar og hvað þeir ákvæðu að kenna. Talaði Guðrún um að viðhorfin væru mikilvægur þáttur í ljósi þess að aðalnámskráin væri einungis rammi til að fara eftir í kennslunni og því gætu kennarar að einhverju leiti skapað sína eigin námskrá. Einnig komst Guðrún að því með rannsókn sinni frá árinu 1989 þar sem hún rannsakaði meðal annars viðhorf list- og verkgreinakennara gagnvart námskránni, kennsluháttum og þeirra persónulegu og samfélagslegu þátta er hefðu áhrif á kennsluhætti í list- og verkgreinum. Að áhrif sem gætti frá þeim persónulegu viðhorfum sem kennarar öðluðust í kennaranámi sínu og að samfélagslegra áhrifa gætti þegar kæmi að því hjá kennurum að velja það námsefni sem þeir kysu að kenna (Guðrún Helgadóttir, 1989).

Niðurstöðurnar í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* gáfu til kynna að list- og verkgreinakennarar þróuðu að einhverju leyti eigin námskrá og að þeir færu eigin leiðir í kennslu. Fram kom að kennarar skoðuðu aðalnámskrána vel í byrjun kennsluferils en flettu henni meira til áminningar þegar liðið væri á starfsferilinn. Eins kom fram að þeir nýttu sér eigið mat á því því hvað þeir telja gagnast best fyrir nemendur til að ákvarða þær áherslur og leiðir sem þeir fara í kennslunni (Kristín Á. Ólafsdóttir,

2011). Áður höfðu komið fram vísbendingar þess efnis meðal annars í rannsókn Guðrúnar Helgadóttur (1989) að kennararnir fylgdu ekki eingöngu hinni opinberu námskrá, heldur að þeir þróuðu jafnframt sína eigin persónulegu námskrá. Í rannsókn á starfsháttum í sænskum grunnskólum frá 2013 í námsgreinunum textílslöjd og tré- og mámlslöjd kom fram að ákveðið bil væri á milli þess sem kæmi fram í námskránni og þess sem fram færi á vettvangi. Mætti rekja það til þess að kennarar kæmu með sína eigin túlkun á námskránni (Johansson og Hasselskog, 2003).

Skoðað var í íslenskri rannsókn hvernig það sem kæmi fram í aðalnámskrá birtist í kennslunni út frá námsgreinunum íslensku og náttúrufræði. Þar kom fram að „þeir efnisþættir námskránna sem mestan svip setja á virku námskrána eru þeir sem auðveldast er að kenna og gera minnstar kröfur til kennslufræðilegrar fagþekkingar kennara“ (Rúnar Sigþórsson, 2008, bls. 282). Einnig hefur verið rannsakað hvernig náttúrufræðikennurum tekst að tengja saman sérfræðikunnáttu sína og fagvitund til þess að uppfylla þarfir allra í nemendahópnum, samhliða því að uppfylla kröfur ytri leiðarljósa, það er að segja aðalnámskrá grunnskóla að kröfunum í skólastofunni. Niðurstöðurnar bentu til þess að spenna fylgdi því hjá faggreinakennurum að reyna að uppfylla og samræma þessar ytri og innri kröfur (Allyson Macdonald, Meyvant Þórólfsson og Eggert Lárusson, 2007).

Kristín Á. Ólafsdóttir (2011) velti upp ástæðum þess að list- og verkgreinakennarar þróuðu að einhverju leyti sína eigin námskrá og færu sínar eigin leiðir í kennslu. Benti hún á að Eisner (2002) talaði um að fagmennska kennara gerði það að verkum að þeir aðlöguðu námskrána að raunverulegum aðstæðum og að þeir væru sjálfstæðar fagmanneskjur. Benti hún jafnframt á það sem möguleika að þær áherslur sem þeir veldu að nýta í kennslunni gætu ráðist af því sem væri auðveldast að kenna eins og Rúnar Sigþórsson (2008) komst að í rannsókn sinni en að einnig hefðu kennarar bent á að erfitt væri að velja og hafna bæði vegna tímaskorts fyrir greinarnar og að aðalnámskráin væri mjög umfangsmikil og því einfaldlega ekki hægt að koma því við að kenna allt sem þeim bæri. Loks benti hún á að skýringarnar gætu verið þær að kennurum þættu þeir ekki hafa alla þá færni og þekkingu sem til þarf til að sinna öllum þeim þáttum sem aðalnámskrá kvæði á um.

Í skýrslu um *List - menningarfræðslu á Íslandi* kom fram að dregið hefði úr hinum verklega þætti í menntun list- og verkgreinakennara. Kennarar þættu almennt hæfir en talið væri að of litlum tíma væri varið í listir og menningu í menntun kennara og að margir lykju námi án þeirrar þekkingar sem til þyrfti til að ná árangri sem listgreinakennarar og að einnig gætti

þeirra viðhorfa að dregið hefði úr listfræðslu í kennaramenntun (Bamford, 2011). Hið sama kom fram hjá Garber (2002) að áhyggjur væru af því að nýútskrifaðir kennarar hefðu ekki nægjanlega faglega kunnáttu til að verða sterkir í sínu fagi. Fram hefur komið að eldri kennarar hafi sterkari fagvitund en yngri kennarar betri þekkingu á kennslufræði (Guðrún Hannele Henttinen, 2000). Einnig hefur komið fram að textílkennarar teldu að vöntun væri á námskeiðum fyrir kennara (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

2.5 Samantekt

Handverk er hluti af menningararfi og sögu landsins og var mikilvægur þáttur af lífsbaráttu fólks á árum áður. Farið hefur verið yfir hugmyndafræðilegt gildi þess að farið var að kenna handverk hér á landi. Fjallað hefur verið um slöjd eða skólaiðnað, stefnu sem kom fram á sjónarmiðið í lok 19. aldar og á rætur að rekja til Norðurlandanna. Miðaði stefnan að því að handverk hefði uppeldislegt gildi og að nemendur myndu öðlast almennan þroska í gegnum handverkið. Var stefnan notuð sem rök fyrir því að hefja skyldi kennslu á handverki í skólum hér á landi í kringum aldamótin 1900 af menntafrumkvöðlunum Jóni Þórarinssyni og Guðmundi Finnbogasyni.

Gerð hefur verið grein fyrir baráttu Halldóru Bjarnadóttur, helsta frumkvöðli þess að námsgreinin textílmennt var gerð að skyldugrein í grunnskólum hér á landi, tengingu hennar við heimilisiðnaðinn og hvernig heimilisiðnaðurinn tengdist textílmenntinni. Upphaf þess að farið var að kenna textílmennt hér á landi var skoðað. Kennsla í námsgreininni hófst hér á landi löngu áður en það varð lögboðið með lögum um fræðslu barna árið 1936 og hefur verið farið yfir baráttuna fyrir því og tilurð þess að farið var að kenna textílmennt í grunnskólum. Einnig hefur verið komið lítillega inn á þróun kennaramenntunar textílkennara sem tekið hefur töluverðum breytingum frá því að hún hófst.

Lög um grunnskóla og aðalnámskrá frá upphafi þeirra hafa verið könnuð út frá námsgreininni textílmennt. Aðalnámskrár voru jafnframt skoðaðar út frá því hvernig þjóðlegt handverk sem er hluti af hinum íslenska menningararfi birtist þar og hvort breytingar sé þar að finna. Ekki var farið að telja íslenskan menningararf og þjóðlegar handverkshefðir sem mikilvægan þátt í námi fyrr en með námskránni frá árinu 1977 og litlar breytingar hafa verið gerðar síðan þá á helstu áherslum um nám og kennslu í útgefnum aðalnámskrám.

Fáar íslenskar rannsóknir er að finna er beinast að kennslu í list- og verkgreinum og hvernig eða hvort unnið sé út frá grunnskólalögum og aðalnámskrá. Niðurstöður þeirra sem hafa þó verið gerðar benda til þess að

listfræðsla á Íslandi teljist góð á alþjóðlegum mælikvarða og að hún nýti víðtæks stuðnings frá almenningi og samfélaginu. Meðal þess sem kennarar töldu mikilvægt í kennslu á listgreinum í grunnskólum var að nemendur lærðu að vinna með höndunum, lærðu að nota fjölbreyttar leiðir við lausn verkefna, að nemendur væru að skapa og viðhalda handverkskunnáttu sem hluta af menningararfinum. Rannsóknir fundust um að íslenskur menningararfur væri kenndur hér á landi í textílmenn. Rannsókn sem fram fór á listfræðslu í yfir 60 löndum gefur til kynna að stórt bil sé á milli opinberrar stefnu sem hafi háleit markmið fyrir listir og þess náms sem raunverulega fer fram fer í skólum. Lítið hefur verið rannsakað hér á landi hvernig viðmið í aðalnámskrá eru uppfyllt í textílmenn en þó hefur það að einhverju leyti verið gert. Rannsóknir hér á landi gefa til kynna að textílkennarar fari ekki að öllu leyti eftir hinni opinberu námskrá heldur þrói að einhverju leyti sína eigin persónulegu námskrá. En þó telja þeir að mikilvægt sé að reyna að fylgja námskránni eins og kostur er.

3 Framkvæmd rannsóknar

Rannsóknir eru gerðar til þess að finna sjónarhorn á veruleikann, til að leitast við að ná því marki er hægt að fara margar ólíkar leiðir. Ætli menn að túlka og greina gögn sem byggja á skoðunum og upplifun einstaklinga á veruleikanum er besta leiðin að notast við eigindlega aðferðafræði (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Í rannsókninni er notuð eigindleg aðferðafræði og byggja megingögn hennar á upplýsingum úr viðtölum sem byggja á reynslu viðmælenda sem textílkennarar. Í þessum kafla verður skýrt frá aðferðafræði rannsóknarinnar, framkvæmd, úrvinnslu, markmiðum, vali á viðmælendum og þátttakendur kynntir, komið inn á siðferðisleg atriði rannsókna og að lokum verður afstaða til viðfangsefnis kynnt.

3.1 Markmið rannsóknar

Markmiðið með rannsóknarverkefninu var að athuga hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í skólastarfi. Kannað var hvernig þjóðlegt handverk kæmi fram í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla og það skoðað hvernig textílmennt í grunnskólanum frá árinu 1960 til dagsins í dag fór og fer enn fram.

Rannsóknarspurningarnar eru þessar:

Hvernig birtist þjóðlegt handverk í aðalnámskrá um textílmennt og lögum um grunnskóla frá árinu 1960?

Hvernig birtist þjóðlegt handverk í textílmennt í grunnskólanum frá 1960?

Hvernig birtist það sem fram kemur í aðalnámskrá um þjóðlegt handverk í textílmennt í grunnskólanum?

3.2 Rannsóknarsnið

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eiga sér rætur í heimspeki fyrri alda og hafa þróast yfir í að verða tilteknar rannsóknaraðferðir á síðari hluta 20. aldar. Aðferðirnar eiga það flestar sameiginlegt að lýsa ákveðnum mannlegum fyrirbærum, þar sem lögð er áhersla á að ná fram heildarmynd af einhverju ákveðnu fyrirbæri og tengsla innan sérstaks kerfis eða menningar (Sigríður Halldórsdóttir, 2013a). Fela þær í sér sveigjanleika í rannsóknarsniði og framsetningu, rannsóknaraðferðirnar eru huglægar og byggja á að hægt sé að kafa verulega djúpt í viðfangsefnið sem rannsakandinn velur sér.

Eigindlegar rannsóknir fela í sér að hægt sé að skoða hlutina eins og þeir koma fyrir ásamt því að rannsaka viðfangsefnið í sínu eðlilega umhverfi, þar sem hægt er að ræða við einstaklinga um upplifun og reynslu af ákveðnu fyrirbæri og setja sig inn í hugarheim þeirra (Lichtman, 2013 og Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Markmið eigindlegra rannsókna er ekki að alhæfa um niðurstöður líkt og í megindlegum rannsóknum, heldur er um að ræða lærdóm af reynslu annarra þar sem kafað er djúpt í viðfangsefnið til að öðlast betri skilning á því til að álykta út frá (Lichtman, 2013).

Tilfellarannsóknir (e. *case studies*) eru rannsóknir þar sem sú grundvallarhugsun liggur að baki að ekki sé endilega meðaltal tilfella sem sé best til þess fallið að dýpka skilning okkar heldur er það ekki síður hið sérstæða eða óvenjulega. Rannsóknaraðferðin getur ýmist tekið til einstaklinga eða hópa. Í sumum tilfellum er byggt á fyrri rannsóknum til að skoða eitthvað nánar eða með nýjum hætti en í öðrum tilfellum eru ný fyrirbæri skoðuð. Aðferðin hefur mikið verið notuð í ýmsum fræðigreinum eins og til dæmis í félagsvísindagreinum til að öðlast skilning á raunverulegum tilfellum og aðstæðum (Ársæll Már Arnarsson og Rúnar Helgi Andrason, 2013).

3.3 Val á viðmælendum og trúverðugleiki

Gæði og trúverðugleiki rannsóknarinnar byggir á gæðum úrtaksins og er því mikilvægt að huga að þáttum eins og hvort þátttakendur í rannsókninni séu nógu margir til að geta leitað svara við rannsóknarspurningunni. Jafnframt þarf að gæta samræmis milli þeirra gagna sem aflað er og þeirra svara sem leitað er með rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Þátttakendur eru valdir með hentugleikaúrtaki, þá eru þeir valdir því þeir henta fyrir rannsóknina (Lichtman, 2013). Þátttakendur rannsóknarinnar voru valdir eftir ábendingum um hentuga viðmælendur fyrir rannsóknina frá fyrrum kennara við textíleild kennaradeildar við Háskóla Íslands. Mikilvægt getur reynst fyrir ákveðin rannsóknarsnið í eigindlegum rannsóknum að þátttakendur hafi persónulega reynslu af því sem verið er að rannsaka og að þeir hafi áhuga á að lýsa reynslu sinni (Kristín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Á það við í þessari rannsókn þar sem þátttakendur eru textílkennarar sem allir hafa menntað sig á sínu sérsviði.

3.4 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni eru sex textílkennarar sem allir menntuðu sig við kennaradeild Háskóla Íslands á sínu sérsviði á árunum 1962 til ársins 2000. Tveir kennaranna hafa látið af störfum sökum aldurs og fjórir kennaranna eru enn starfandi textílkennarar í grunnskóla. Haft var samband

við viðmælendur til að óska eftir þátttöku ýmist símleiðis eða með tölvupósti. Viðmælendurnir fengu allir gervinöfn sem tengjast þeim ekki á nokkurn hátt og fyllsta trúnaðar er gætt.

Viðmælendur eru:

María útskrifaðist árið 1963 frá handavinnudeildinni í Kennaraskólanum. Hún kenndi textílmennt í 43 ár í grunnskóla en hefur látið af störfum sökum aldurs. Hún kenndi einnig við handavinnudeild Kennaraskólans í nokkur ár samhliða því að kenna textíl í grunnskóla.

Lára útskrifaðist árið 1969 frá handavinnudeild Kennaraskólans. Áður hafði hún lokið vefnaðarkennaraprófi frá Myndlista- og handíðaskólanum. Hún starfaði sem textílkennari í grunnskóla í 28 ár en hefur látið af störfum í dag sökum aldurs.

Brynja útskrifaðist árið 1969 frá handavinnudeild Kennaraskólans. Hún hefur starfað sem textílkennari í grunnskóla í um 35 ár með hléum og er enn við störf í faginu.

Margrét útskrifaðist árið 1970 frá handavinnudeildinni í Kennaraskólanum, hún hefur starfað sem textílkennari í grunnskóla í 33 ár með hléum og er enn starfandi sem slíkur. Margrét kenndi textíl í húsmæðraskóla í 5 ár áður en hún hóf kennslu í grunnskóla.

Kolbrún útskrifaðist árið 1979 frá kennaraháskólanum með B.Ed. gráðu með textíl sem val, hún hefur starfað sem textílkennari í 28 ár og er enn við kennslu í greininni.

Guðbjörg útskrifaðist 1981 frá kennaraháskólanum með B.Ed. gráðu með líffræði og sögu sem val og svo aftur árið 2000 frá Kennaraháskóla Íslands með textílmennt sem val. Hún hefur starfað sem textílkennari frá árinu 2004 og stundar jafnframt nám við Háskóla Íslands á meistarastigi í sínu fagi.

3.5 Gagnaöflun

Tekin voru hálfopin óstöðluð einstaklingaviðtöl við viðmælendur. Tilgangur óstaðlaðra viðtala er að lýsa og leita skilnings á fyrirbærum í lífi fólks til að leitast við að skilja reynslu og upplifun frá ólíku sjónarhorni og ganga þau út á að ná fram upplýsingum um lýsingar fólks á eigin reynsluheimi (Helga Jónsdóttir, 2003). Opin viðtöl eru algeng gagnaöflun í eigindlegum rannsóknum, þau gefa færi á að farið sé dýpra í efnið heldur en gefst með stöðluðu viðtali þar rannsakandinn aflar gagna eftir fyrirfram ákveðnu kerfi þar sem stuðst er við ákveðna viðtalsáætlun (Helga Jónsdóttir, 2003; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Ákveðið markmið er með viðtalinu sem tengist rannsóknarspurningunni og aðferðafræðilegum forsendum rannsóknarinnar. Rannsakandinn er búin að ákveða meginþema eða meginspurningar í gegnum viðtalið og stjórnar hann ferðinni, en viðmælandinn ræður miklu um hvernig það þróast. Með hálfopnum spurningum gefst viðmælanda tækifæri á að tjá sig frjálst um viðfangsefnið og gefa þær möguleika á að ná fram meiri dýpt í þá reynslu sem verið er að rannsaka (Helga Jónsdóttir, 2003). Viðtölin í rannsókninni voru tekin upp og afrituð að fengnu leyfi þátttakenda og fóru þau ýmist fram á heimilum eða í textílstofum viðmælanda. Viðtölin voru framkvæmd á tímabilinu 30. janúar til 25. febrúar 2014 og voru mislöng, það stysta 37 mínútur og það lengsta 117 mínútur.

Gagna fyrir rannsóknina var einnig aflað með skoðun á lögum um grunnskóla og aðalnámskrám frá árinu 1960 til ársins 2013 út frá textílmenn. Megináhersla var lögð á að skoða útgefnar námskrár um námsgreinina textílmenn.

3.6 Úrvinnsla gagna

Rannsóknargögn í eigindlegum rannsóknum eru sökum eðli rannsókna viðamikil og getur verið erfitt að greina þau og reynir því á færni og nákvæmni rannsakanda í rannsóknarvinnunni. Gagnagreiningin hefur því mikið að segja um gæði rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Úrvinnsla gagna í rannsókninni fór þannig fram að viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt og flokkuð eftir þeim sem myndast. Notast var við almenna nálgun við greiningu gagnanna, svokallaða opinkóðun, sem felur í sér að þá eru gögnin greind vandlega og búnir til flokkar sem þróast í þema og mynstur sem notuð eru til að greina sameiginleg gögn í nótunum (Lichtman, 2013).

Greining niðurstaðna fór þannig fram að lesið var yfir afritun viðtalanna tvisvar til þrisvar. Mikilvægt er að kynnast heildarmyndinni á því sem viðmælandinn hefur að segja, reynslu hans og upplifun á því sem verið er að rannsaka með því að lesa vel yfir gögnin áður en farið er að flokka gögnin og merkja við það sem talið er mikilvægt til að finna út sameiginlega kóða eða þemu sem unnið er út frá í rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2013b).

Gögnin voru því næst flokkuð niður í fjóra yfirflokka sem hver fékk sinn lit og í nokkra undirflokka sem tóku breytingum í ferlinu með margendurteknum yfirlestri gagnanna við greininguna, nýir flokkar mynduðust og aðrir dattu út. Að lokum varð þróunin sú að yfirflokkarnir urðu þessir:

- Menningararfur í textílmennt
- Kennsluhættir í textílmennt
- Aðalnámskráin og vettvangur
- Breyttar áherslur í kennaramenntun

Úrvinnsla gagna um lög um grunnskóla og aðalnámskrár fór þannig fram að kannað var hvernig þjóðlegt handverk birtist í aðalnámskrám og lögum um grunnskóla frá árinu 1960 til dagsins í dag. Einnig var kannað hvort breytingar hefðu átt sér stað á þessu tímabili og hvernig þær birtust í kennslu þeirra sex kennara í textílmennt sem eru þátttakendur í rannsókninni.

3.7 Siðferðisleg atriði

Rannsókn þarf að uppfylla siðferðislegar kröfur ekki síður en aðferðafræðilegar. Þeim sem eiga beina aðild að rannsókn má skipta í tvo hópa, rannsakendur og þátttakendur. Rannsakendur eru þeir aðilar sem framkvæma rannsóknina en þátttakendur eru þeir einstaklingar sem gögnin fjalla um í rannsókninni. Komi fram persónugreinanlegar upplýsingar í rannsókn um einkahagi þátttakenda gæti reynst erfitt að gera eigindleg gögn ópersónuleg og reynir því á að rannsakandinn gæti trúnaðar og varkárni í meðferð viðtala. Upplýsa þarf þátttakendur um rannsóknina og gera ljóst að frjálst sé að hætta þátttöku í henni. Upplýst samþykki er leið rannsakandans til að sýna fram á að fyllsta traust sé gætt og að hugað sé að siðferðilegum atriðum í rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2003). Ekki var leitast eftir viðkvæmum persónuupplýsingum í þessari rannsókn og að lokinni skráningu gagna verður ekki hægt að persónugreina gögnin. Rannsóknin var tilkynnt til persónuverndar.

3.8 Afstaða til rannsóknarefnis

Í eigindlegum rannsóknum er það rannsakandinn sem er mælitækið, mikilvægt er því að rannsakandinn sé meðvitaður um viðhorf sín, þær fyrirframgefnu hugmyndir sem hann hefur um það sem hann rannsakar og að hann gæti hlutleysis (Sigríður Halldórsdóttir, 2013a). Textílmennt byggir á grunni íslenskra handverkshefða og handverkskunnáttu sem hefur þróast áfram og tekið inn nýjar áherslur í takt við breytta tíma og áherslur í menntun og menningu og telur rannsakandi að halda beri handverkshefðinni á lofti innan greinarinnar.

Í framhaldsnáminu hefur rannsakandi sótt námskeiðið Aðferðafræði rannsókna – eigindleg aðferðafræði á mastersstigi og hefur hann þar á leiðandi þekkingu á aðferðafræðinni sem er nauðsynleg til þess að framkvæma eigindlega rannsókn sem þessa. Einnig gerði rannsakandi viðtalsverkefni í námskeiðinu Gildi list- og verkgreina í mastersnáminu þar sem rannsóknarspurningin var: Hvert er gildi list- og verkgreinakennslu? Verkefnið var unnið út frá sjónarhorni textílmenntar og þess hugmyndafræðilega bakgrunns að farið var að kenna verkgreinar í grunnskólum á Íslandi í uppeldismiðuðum tilgangi. Notuð var eigindleg nálgun og var gagna aflað með viðtali við starfandi textílkennara.

Lokaverkefni höfundar til B.Ed. gráðu fjallaði um textílmenntakennslu í sögulegu og félagslegu samhengi með megináherslu á að skoða útsaum í því samhengi. Greinargerðinni fylgdu kennsluverkefni þar sem sýnt var fram á og settar fram hugmyndir um hvernig hægt væri að auka áhuga nemenda á íslenskri textílarfleifð í gegnum verkefni. Var markmiðið að benda á mikilvægi textílarfleifðar okkar Íslendinga og að finna hentuga leið til að glæða áhuga grunnskólanema á íslenskri textílsögu og handverkshefðinni. Hefur höfundur því mikinn áhuga á að kanna hvernig íslenskur menningararfur og hið þjóðlega handverk birtist í skólastarfi. Með rannsókninni gefst tækifæri til að vinna áfram með efnið og skoða hvernig menningararfurinn þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í grunnskólanum. Niðurstöðum úr rannsókninni er ekki ætlað að alhæfa um hvernig hið þjóðlega handverk birtist í textílmennt í grunnskólum á Íslandi, enda er það ekki markmið með eigindlegum rannsóknum, heldur aðeins að leita vísbendinga.

4 Niðurstöður

Hér verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar en kaflinn skiptist í fjóra undirkafla og samantekt um helstu niðurstöður í lokin. Í undirköflunum verður greint frá niðurstöðum úr viðtölum við sex textílkennara þar sem leitast var við að skoða hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmennt. Kaflarnir skiptast niður út frá þeim flokkum sem mynduðust við greiningu gagnanna og eru: íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk í textílmennt, kennsluhættir í textílmennt, aðalnámskrá og vettvangur og breytar áherslur í kennaramenntun.

- Íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk í textílmennt
 - Kennsluhættir á þjóðlegu handverki
 - Menningararfurinn færður áfram í orði
 - Safnakennsla
 - Íslenskur menningararfur birtist í ýmsum myndum
 - Íslenskur menningararfur í kennaramenntun textílkennara
 - Af hverju kennum við um þjóðlegt handverk og menningararfinn okkar?
 - Skortur á námsefni - menningararfurinn – efnisfræði
- Kennsluhættir í textílmennt
 - Verkefni þurfa að höfða til nemenda
 - Samfélagsleg áhrif á og viðhorf til námsgreinarinnar textílmennt
 - Viðhorf úr æsku lita kennsluhætti kennara
- Aðalnámskráin og vettvangur
 - Rótgróið fag – sami grunnur – breytingar
 - Takmarkaður tími - stórir hópar – breytt verkefni
 - Breytingar taka tíma
 - Þarfir nemenda í fyrirrúmi – skóli án aðgreiningar
- Breyttar áherslur í kennaramenntun
 - Umhyggja fyrir námsgreininni textílmennt
 - Endurmenntun og handverksnámskeið

4.1 Íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk í textílmennt

Í viðtölum við textílkennarana kom fram að allir höfðu kennt um bæði íslenska menningararfinn og þjóðlegar handverkshefðir. Handverkið og handverkshefðir eins og tóvinna, þrjón, útsaumur og vefnaður voru þar í aðalhlutverki. Kennslan fór að mestu fram sem kynning á aðferðunum en minni áhersla var lögð á gersemarnar á Þjóðminjasafninu eins og íslenska útsauminn og kvenbúningana eða handverkshefðina sem ber með sér meira listrænt yfirbragð. Kom fram að það væri erfiðara um vik að koma þeim hluta íslenska menningararfsins til skila í kennslunni þar sem um væri að ræða flóknara og fínlegra handverk og meiri dýrgripi. Einn viðmælenda, Guðbjörg, orðaði það þannig „þegar þú talar um gersemarnar á Þjóðminjasafninu þá játa ég mig sigraða“ og benti jafnframt á að auðvitað væri hægt að koma því að í valinu og vera með kynningu á því „en þá er það þetta með upplifunina, það er ekki hægt“. Lára talaði um að hún hefði alltaf verið með blöð um búningana uppi og að nemendur hjá henni hefðu alveg verið meðvitaðir um að þetta væri til en „þetta er svo mikið gull og gersemar og erfitt að fá þetta lánað“.

4.1.1 Kennsluhættir á þjóðlegu handverki

Allir viðmælendur kenndu að einhverju leyti um handverksaðferðirnar og þjóðlega handverkið og birtist það helst í formi kynningar á aðferðunum og að nemendum væru sýndar aðferðirnar og þá helst þær sem tengdust tóvinnunni. Voru þeir sammála um að ekki væri viðkomandi að fara að kenna sjálfar handverksaðferðirnar í textílmenntakennslunni eins og hún væri í dag.

Allir textílkennararnir höfðu kennt útsaum og kom fram að hann væri mikið notaður í verkefnum í dag. Gömlu íslensku útsaumsgerðirnar virðast hins vegar lítið vera kenndar þó að það hafi verið gert áður fyrr. Brynja talaði um að hún hefði haldið gömlu útsaumsgerðunum á lofti eins og augnsaumnum og refilsaumnum. Kolbrún talaði um að hún hefði kennt refilsauminn hér áður fyrr en gerði það ekki lengur. Lára benti á að ekki væri rými eða næði til þess að fara í fíngerða vinnu eins klaustur- og svartsaum og allar hinar gömlu útsaumsaðferðirnar. Þær íslensku útsaumsgerðir sem helst væru kenndar í grunnskólanum í dag væru aðallega krosssaumur, þó væri ekki um hinn séríslenska krosssaum að ræða, einnig aðferðir eins og varpleggur og lykkjuspör sem einnig er nefnt steypilykkja.

Allir textílkennararnir kenna nemendum undirstöðuatriðin í þrjóni en fram kom að þróunin væri orðin sú að verkefni væru orðin einfaldari og að

einungis lítt hluti nemenda næði því í dag að læra tæknina við að þrjóna sokka og vettlinga sem væri stór þáttur í íslenskum menningararfi. Lopapeysur komu til tals og Margrét talaði um að nemendur hefðu þrjónað lopapeysur hjá sér þegar hún var að byrja kennslu í kringum árið 1980 og fram til ársins 1990. Benti hún á að það væri auðvitað hluti af menningararfi okkar. Lára talaði um að nemendur í valáfanga í textíl hefðu fram undir það síðasta þrjónað hjá henni lopapeysur og tekið það fram yfir vélsaum.

Vefnaðarkennsla í vefstólum fer ekki fram hjá viðmælendum og Lára benti á að „það er erfitt að umgangast vefstól, hann má ekki við hnjaski“. Vefnaðarkennslan færi þannig fram að vefnaður í vefstólum er kynntur fyrir nemendum og nemendur fá síðan að vefa á litlar trégrindur eða pappaspjöld og fá þannig tilfinningu fyrir því hvernig vefnaður verður til. Algengast væri að nemendur lærðu vefnaðinn í yngstu bekkjum grunnskólans. Margrét sagði „við vefum í 6 ára bekk, það er að vísu bara litlir svona pappavefstólar og gerður einfaldur vefnaður, ég held ég hafi alltaf séð til þess þar sem ég hef verið að kenna að það hafi verið gert“.

Allir textílkennararnir kenna um íslensku ullina og eiginleika hennar og mikilvægi hennar fyrir þjóðina áður fyrr. Brynja sagði „í 3. bekk þá sýni ég þeim myndband um ullina og vinnubrögð, þau voru læra um þetta í bekknum sínum, þau hafa þæft en maður er náttúrulega ekkert að kenna þessi gömlu handbrögð, bara svona sýna þeim hvernig þetta var gert, kynna þetta fyrir þeim“. María talaði um að hún hefði verið með kamba sem hún átti og að hún hefði notað þá til að sýna nemendum en þeir hefðu ekki prófað sjálfir aðferðirnar við kamba og spinna. Hún hefði hins vegar prófað að láta þau þæfa „ég gerði ekkert mikið af því, mér fannst þetta ekkert höfða til þeirra en svo fór það að koma í tísku að þæfa utan um steina, þá fór það að vekja áhuga“.

Fram kom að þegar nemendur lærðu um námsefnið *Ísland áður fyrr* í 3. eða 4. bekk væri það í einhverjum skólum samþætt við textílmenntina og kæmu því bekkjarkennararnir einnig að kennslunni um íslenska menningararfinn. Margrét benti á að í skólanum þar sem hún kennir væri kennt um landnámið og að bekkjarkennararnir væru með sérlega gott prógramm sem þær væru að vinna eftir, að til væri ullarkista með tóvinnuáhöldum og rokkur í skólanum til að vinna með. Guðbjörg talaði um að hún hefði unnið að þróunarverkefni í þrjú ár um landnámið með bekkjarkennurum í grunnskólanum þar sem hún starfaði. Verkefnið gekk út á að kenna um Ísland áður fyrr og um daglegt líf fólks. Í verkefninu hefðu konur og störf þeirra verið orðin sýnileg og talaði hún um að það hafi verið mjög gaman að flétta þetta saman við textílmenntakennsluna. Nemendur

hefðu komið til hennar í litlum hópum og að hún hafi meðal annars kennt þeim sérstaklega um ullina og að þeir hafi þæft skó og að hún hefði á þessum tíma fengið lánaðan ullarkassann frá Þjóðminjasafninu. Þar hefði skapast tækifæri á að leyfa nemendum að spinna. Einnig var hún með verkefni þar sem nemendur lærðu að vefa efni eins og notað var í klæði áður fyrr. En því miður hafi þróunarverkefnið hætt, samvinnan rofnað og kassann frá Þjóðminjasafninu fái hún ekki lánaðan lengur því kostnaðurinn er talinn of mikill.

Einungis einn viðmælenda talaði um jurtalitun og þá í formi kynningar á aðferðinni. Tveir viðmælenda töluðu um að hafa kynnt íslensku búningana fyrir nemendum sínum í valáfanga í textíl. Aðallega var talað um að kynna íslenska menningararfinn fyrir nemendum og voru textílkennararnir sammála um að erfitt væri að kenna sjálfar handverksaðferðirnar. Þær aðferðir sem textílkennararnir minntust helst á í sambandi við þjóðlegar handverksaðferðir voru tóvinna og ullarferlið, prjón, gömlu íslensku-útsaumsgerðirnar og vefnaður.

4.1.2 Menningararfurinn færður áfram í orði

Helmingur viðmælenda talaði um að þeir legðu sérstaka áherslu á að kenna um menningararfinn í orði með því að segja áhugaverðar sögur og kenna þeim málshætti og orðatiltæki sem tengdust orðaræðu námsgreinarinnar. Margrét talaði um að henni fyndist skipta mjög miklu máli að færa menningararfinn áfram í orði bæði á áhöldunum og ekki síður gömul máltæki eins og:

Að fitja upp á einhverju og það er stuttur í þér þráðurinn og öll þessi gömlu máltæki sem eru runnin úr okkar grein. Alveg eins og sum eru runnin úr sjómannamáli og þau skilja ekki okkar máltæki eins og með þegar þau renna á hnút lukkuhnút eða djöflahnút. [...] Þá segi ég þeim söguna um af hverju þetta heitir djöflahnútur eða lukkuhnútur, því þau elska að maður sé að segja þeim sögur þegar þau eru að vinna.

Benti hún á að með breyttri samfélagsgerð væru nemendur ekki lengur eins mikið með eldra fólki sem væri að miðla til þeirra og áður var frekar vaninn og að þannig hefðu nemendur ekki eins greiðan aðgang að menningararfinum og áður fyrr og því væri mikilvægt að kennarar sæju um þann þátt. Talaði hún um að mikilvægt væri að koma efninu inn á réttan hátt þannig að nemendur litu meira á þetta sem skemmtun en formlega fræðslu og að þannig sæti meira eftir hjá þeim. María sagðist hafa notað orðatiltæki eins

og faðma og spönn í stað sentímetra þegar það átti við í kennslunni hjá sér alveg þangað til hún hætti kennslu og að nemendur hefðu haft gaman af því.

4.1.3 Safnakennsla

Fram kom að meirihluti textílkennaranna fer ekki með nemendur á söfn og sýningar til að skoða íslenska menningararfinn. Ástæðurnar sem nefndar voru þær að ekki væri nægur skilningur fyrir því hjá skólagfirvöldum og eins var það nefnt að það væri mikið mál og erfitt að koma því við vegna stundatöflu. Guðbjörg talaði um að hún hefði farið með nemendur á Þjóðminjasafnið og sýnt þeim kljástainsvefstólinn „og þau fengu að finna hvað þetta er þungt, að þurfa alltaf að lyfta þessu upp og það er bara dásamlegt að fá að vera með þeim í þessu“. Á þeim tíma hefði hún lagt mikið upp úr því í kennslunni að kenna þeim um uppistöðuþráð og ívaf og tengt það inn í annað námsefni.

Einn viðmælanda hafði hins vegar allan sinn kennsluferil eða í 28 ár farið með nemendur í textílvali í tvær til þrjár vettvangsferðir á hverjum vetri þar sem farið var í Þjóðminjasafnið og á sýningar tengdar textíl og hönnun og kom fram hjá henni að nemendum hefði fundist misgaman í þeim ferðum. Talaði hún um að lítið mál hefði verið að koma því við í kennslunni „það gekk alltaf við hnikuðum bara til og fórum með fleiri nemendur saman á sýningar og söfn, bara spurning um að finna tíma og vilja“.

4.1.4 Íslenskur menningararfur birtist í ýmsum myndum

Fram kom að menningararfurinn hefði hin ýmsu birtingarform í textílmennt. Margrét sagði frá verkefni þar sem nemendur myndskreyta eigin verk út frá veggskreytingum í skólanum eftir listamann með það að markmiði að kenna og vekja upp áhuga á sögunni. „Þetta tengist líka beint menningararfinum, hún skreytti skólann fyrir 60 árum, hún er listamaður sem er hluti af sögu okkar og hefur myndskreytt víða“. Margrét talaði einnig um að í kringum 1970 hafi hún verið að kenna frjálsan útsaum eftir hugmyndum Sigrúnar Guðmundsdóttur. Þar hafi hún látið nemendur sauma utan um steina þar sem unnið var með gömlu útsaumssporin og notaður var efniviður eins og eingirni í bland við aðrar garntegundir og kom þæfing þar einnig við sögu. Kolbrún talaði um að núna væri hún á kafi í að flétta saman sköpun, tækni og sjálfbærni, þá verður eitthvað annað útundan og hún benti á að það væri ekki hægt að gera allt saman:

Og svo af því þú komst með þetta íslenskur menningararfur, og þá getum við spurt okkur að því sjálfbærni er alveg partur af menningararfi, ég er mjög upptekin af því að skoða það núna og eins með umhverfisvernd, það er líka menningararfur og að sjá hluti verða til og hugsa um hvaðan þeir koma.

4.1.5 Íslenskur menningararfur í kennaramenntun textílkennara

Fram kom hjá textílkennurunum að kennt hefði verið um þjóðlega handverkið í textíleildinni í kennaranáminu og að þó nokkur áhersla hefði verið lögð á að kenna handverkspáttinn er við kom hinu þjóðlega handverki hjá þeim viðmælendum sem útskrifuðust fyrir árið 1980. María var í handavinnudeildinni í kennaraskólanum á árunum 1962 til 1963 og talaði hún um að þær hefðu lært gamlar útsaumsgerðir, að baldera og farið í safnaheimsóknir. Benti hún á að ekki hefði verið látið duga að kenna þeim um aðferðirnar heldur hafi þær orðið að gera prufur með aðferðunum, eins og til dæmis með gamla íslenska krosssaumnum og að baldera prufur í sambandi við þjóðbúninga. Ekki hefði þó verið ætlast til að þær kenndu þennan handverkspátt menningararfsins í grunnskóla. Nemendur sem útskrifuðust úr handavinnudeildinni á árunum 1960 til rúmlega 1970 útskrifuðust einnig með réttindi til að kenna textíl í framhaldsskóla og húsmæðraskóla og var því krafist aukinnar kunnáttu til þeirra umfram það sem kenna átti í grunnskólanum. Kom fram í viðtölunum að þær hefðu meðal annars þurft að vera í skólanum á laugardögum til að uppfylla þessi skilyrði.

4.1.6 Af hverju kennum við um þjóðlegt handverk og menningararfinn okkar?

Fram kom hjá viðmælendum að þær töldu að greinin byggði á arfi frá hinu þjóðlega handverki og þeim menningararfi sem byggir að baki þess að fólk hafi áður fyrr stundað handverk sér til bjargar og að það hafi verið stór partur af lífsafkomu þjóðarinnar. Því sögðust textílkennararnir leggja meira upp úr því að kenna handverksarfinn að baki alþýðuhandverkinu og það uppeldislega gildi sem handverkið hefði að segja fyrir nemandann, heldur en gersemar eins og búningana og íslenska útsauminn sem er að finna á þjóðminjasafninu.

Þegar textílkennararnir voru spurðir af hverju þeir kenndu um þjóðlegt handverk komu fram þrjú mismunandi ástæður. Þrjú þeirra kenndu um það af því þeir teldu það vera mikilvægt að miðla því áfram. Brynja talaði um að það væri nauðsynlegt því það væri það sem maður byggði alltaf á, leitaði

alltaf aftur í fortíðina í munstur og annað. Guðbjörg talaði um að hún hefði ástríðu fyrir því að kenna um þjóðlega handverkið og íslenskan menningararf. Að kenna um hvernig við gerðum hlutina áður fyrr og að viðhalda því. Hún var alin upp við útsaum og sagði að móðir hennar hefði ávallt verið að gera handavinnu. Hún talaði um að hún hefði á tímabili reynt að afneita textílnum:

Ég fann að ég hef reynt að ýta textílnum frá mér, var að gera textíl sem krakki og ætlaði ekki að vera svona mamma sem væri að gera körfur og útsaum. Ég fattaði ekki fyrr en mörgum árum seinna þegar hún var að taka þetta upp og sortera [Handavinna móður hennar]. Gersemarnar sem voru fólgnar í þessu, þakklaetið fyrir það og svo auðvitað varð ég að svara fyrir það því maður hefur þetta í sér.

Hún talaði um að hún notaði ýktar sögur sem tengdust textíl í kennslunni:

Maður er svolítið að berjast við þetta og því verður maður að segja svona ýktar sögur til að ná til þeirra. Stundum finnst mér það takast það vel, en hvað situr svo eftir og hvað erum við að bröлта með þetta, þessa gömlu handverkshefð. Er þetta mikilvægt, eigum við að vera að kenna þetta? Eða eigum við að vera hætt eins og á hinum Norðurlöndunum. Já, þetta er ógeðslega mikilvægt.

Margrét talaði um að það væri nauðsynlegt að við týndum ekki niður menningararfi okkar og að hún sjái núna á síðustu árum ótal tækifæri þar sem íslenskir hönnuðir væru að búa til alls konar nytjalist úr gömlum mynstrum. Það væri áhugavert að sjá það sem maður væri búinn að horfa á síðan maður man eftir sér og ekki séð fyrir sér að hægt væri að nýta á annan og fjölbreyttan hátt eins og verið væri að gera með áttablaða rósina og laufbrauðsmunstrið.

Tveir textílkennarar nefndu ástæðuna af því það stæði í aðalnámskránni „það náttúrulega stendur í námskránni og eftir henni eigum við að fara, það náttúrulega liggur ljóst fyrir“. Einn viðmælandi talaði um að það hefði verið lögð á hersla á að það væri mikilvægt að kenna um íslenska menningararfinn í handavinnudeildinni þegar hún var að læra. Einnig að hún hefði alist upp við að það væri nauðsynlegt að kunna að bjarga sér og í dag væri það þannig að nemendur hefðu ekki endilega einhvern sem stæði þeim nærri sem gæti kennt þeim handverk og um íslenska menningararfinn.

4.1.7 Skortur á námsefni - menningararfurinn - efnisfræði

Viðmælendur mínir töluðu um að almennt væri skortur á námsefni fyrir námsgreinina og að þær þyrftu að búa það til sjálfar. Það sama átti við er tengdist námsefni sem við kom textílsögunni og þjóðlegu handverki. Fram kom að erfitt væri að fá lánað efni frá Þjóðminjasafninu vegna fjárskorts skólanna.

Kolbrún talaði bæði um aðstöðuleysi í textílstofunni og að ekki væri aðstaða fyrir hendi til að fara með nemendur á söfn „það er ekki til peningur og stórmál að labba á söfn“. Jafnframt talaði hún um að hún hefði hér áður fyrr reynt að sýna nemendum myndbönd um gömlu aðferðirnar við ullarvinnsluna en að ekki væri aðstaða til að framkvæma það í textílstofunni svo að á endanum hefði hún gefist upp á því. „Þú þarft að hafa svolítið fyrir því að gera þetta, gerir þetta nokkrum sinnum og svo hættirðu því“. Margrét benti á að það hefði ekki verið fyrr en árið 1985 sem loksins kom út kennslubók og að það hefði staðið greininni fyrir þrifum að ekkert efni hefði verið til fyrr en á allra síðustu árum. Talaði hún um að allan sinn kennsluferil hefði hún búið til sitt eigið efni og að þegar hún kenndi út á landi hefði hún séð öllum textílkennurunum í nærliggjandi byggðalögum fyrir kennslufni því „annars hefðu þær ekki haft neitt“.

Töluðu textílkennararnir einnig um að það vantaði kennslufni fyrir grunnskólann til að kenna efnisfræðina. Jafnframt kom fram að þeir töldu sig ekki sinna henni nægjanlega og báru við að ekki væri til aðgengilegt efni sem höfðaði til nemenda. Fram kom að lítil þolinmæði væri meðal nemenda „þau hafa ekki þolinmæði til að hlusta, maður verður bara að grípa þetta inn í svona með því sem þau eru að gera“. Efnið þyrfti því að vera mjög myndrænt og skýrt. Töluðu þeir um að það litla sem til væri höfðaði ekki til nemenda í dag „það er ekkert til um þetta nema örfá ljósrituð blöð, gott ef þau eru ekki frá 1960 í svarthvítu og ekkert skemmtilegt við þetta“.

Brynja talaði um að í dag vildu nemendur bara vinna og að þeir hefðu ekki þolinmæði til að sitja undir fyrirlestri og að því yrði að setja efnið fram á markvissari hátt. Benti hún jafnframt á að nemendur hefðu áhuga á að vita úr hvaða efnum flíkurnar sem þau gengju í væru og hvernig práðurinn yrði til. Kolbrún talaði um að hún kenndi efnisfræðina þannig að hún kæmi henni mikið inn í námið í gegnum flíkurnar sem þau sjálf gengju í „þau eru mikið í bómull, ull og flís, svona þannig að þau helst hafi pínulitla glóru um hvaðan fötin sem þau eru í koma“. Hún benti einnig á að það vantaði námsefni:

Nú er komið svolítið inn á Námsgagnastofnum, en það vantar eins og í efnisfræðinni og í því sögulega fyrir grunnskólana og um búninginn og útsauminn, það er til ýmislegt en þá er maður að nota ljósrit og tína þetta til hér og þar, það vantar efni og það mætti vera meira um útsaum fyrir börn eða handverk sem væri meira hægt að sýna þeim og núna með netinu væri hægt að gera verkefni.

4.2 Kennsluhættir í textílmenn

Það sem viðmælendur töldu að væri það mikilvægasta fyrir nemendur að læra í textílmenn væru grunnatriðin í greininni og að þeir lærðu að bjarga sér með handverkinu og bera virðingu fyrir því og skapa jákvæða sýn á námsgreinina. Mikilvægt væri að námið innihéldi sköpun, væri fjölbreytt og höfðaði til nemenda og umfram allt að þeir upplifðu námið þannig að það væri skemmtilegt og stuðlaði að því að nemendur gætu hugsað sér að leita í handverkið síðar meir. Helmingur af viðmælendum töldu að grunnurinn væri það mikilvægasta til að geta byggt ofan á og nýtt sér greinina til að vinna og skapa. Á meðan talaði hinn helmingurinn um að fyrst og fremst væri mikilvægt að nemendur hefðu ánægju af námsgreininni og að þeir finndu hjá sér þörf fyrir að skapa og vinna að verkefnum.

María taldi að aðalatriðið væri að kenna nemendum grunnatriðin og að þeir sem kynnu það gætu leitað sér upplýsinga til að vinna áfram með tæknina „eins og til dæmis með þrjón, þá getur maður bjargað sér, farið á vefinn og séð hvernig þetta er gert á netinu og fengið bækur og náð því betur, ef maður kann grunninn getur maður spilað áfram“. Brynja talaði um að mikilvægt væri að nemendur lærðu að bera virðingu fyrir handverkinu, ekki síst þessu gamla sem þetta byggðist allt á. Að þeir lærðu að umgangast efni, áhöld og vinnubrögð, að þeir lærðu að bjarga sér með handverkinu, útbúa nytjahluti og að skapa. Margrét talaði um að mikilvægt væri að nemendur lærðu að verða sjálfbjarga og að þeir fengju tækifæri til þess að upplifa gleðina við að skapa og ljúka þeim verkefnum sem þeir byrjuðu á og þann sigur sem fylgir því:

Það eru þrír af mínum gömlu nemendum sem hafa farið í hönnun og ég er alveg viss um það að það sem þau lærðu hjá mér hefur eitthvað með það að segja. Ég hefði getað slökkt á þessum stelpum en þær höfðu þessi efni og þess vegna fóru þær þessa leið.

Guðbjörg taldi mikilvægt að það sem nemendur lærðu snerti þá og að þeir lærðu þannig að þeir gætu tekið upp verkfærin og bjargað sér og þannig öðlast það frelsi sem fylgir því að vera sjálfbjarga með að hanna og skapa og búa til það sem þeir hefðu áhuga á og hefðu þörf fyrir. Það þyrfti að kenna þeim neytendafræðslu þannig að þeir öðluðust skilning á því hvað það væri og að þeir myndu læra að bera virðingu fyrir uppruna hlutana. „Ótrúlega mikilvæg og að við kennum þeim það í textíl að ekkert verður til úr engu og bera virðingu fyrir að hlutirnir komi einhvers staðar frá“.

Textílkennararnir töldu mikilvægt að nemendur hefðu rými til að skapa og hanna í náminu. Lára talaði um að nemendur yrðu að hafa ánægju af því að skapa og að ef það væri fyrir hendi í náminu kæmi hitt á eftir. Nauðsynlegt væri að nemendur finndu tilgang og fengju rými til að skapa því annars yrði ekki nein þróun í náminu. Kolbrún talaði um að nauðsynlegt væri að kenna þeim ákveðna tækni svo að hægt væri að sleppa þeim örlítið lausum til að vinna verkefni og gera þau að sínum. Guðbjörg talaði um að mikilvægt væri að rannsóknar- og hugmyndavinna færi fram í náminu:

Það er líka að greina hlutina og rannsaka hvernig eru augun á ljóninu og ætlaðu að gera leðurblöku og hvernig er leðurblaka og hvernig fer þetta út í vængina. Gerðu fyrst búkinn hugsaðu bara um hann og svo gerum við hitt síðar, ekkert verður til af engu, ég er ekki komin hingað til að koma með einhvern pakka, þú ert að fara í ferðalag og ég er búin að negla niður þetta ferðalag. Hins vegar eru margar ferðir farnar í ferðalaginu og svo er ég með lausn fyrir þá sem vita ekki hvaða leið þeir eiga að fara.

4.2.1 Verkefni þurfa að höfða til nemenda

Viðmælendur töluðu allir um að mikilvægt væri að verkefni höfðu til áhugasviðs nemenda. Nauðsynleg væri fyrir textílkennara að fylgjast með nýjungum og að aðlagja verkefni í takt við breyttar áherslur í samfélaginu og þróa þau eftir þörfum nemenda. Huga þyrfti að því að námsgreinin yrði ekki hallærisleg og að textílkennarar lokuðust ekki inn í þröngum hópi kvenna eða „þurfum að hafa verkefni þannig að þau kaupi þetta“. Einnig kom fram að aðalnámskráin frá því 1977 kallaði á breytingar á þeim verkefnum sem notuð voru til kennslu þegar farið var að kenna drengjum textíl í grunnskólanum.

Fram kom að námsgreinin hefði verið talin hallærisleg á árunum frá 1960 til um 1975. Margrét greindi frá því að það hefði verið rétt eftir lok haftanna

sem að ríkið hefði verið með miðstöð þar sem allir textílkennarar í grunnskólum keyptu inn hjá. Það hefði stýrt því hvaða efni væri verið að nota í kennslunni á þessum tíma:

Það voru keypt heil ósköp af bláröndóttu efni og garn og það stýrðist svolítið af því að þeir voru að kaupa mjög ódýrt hráefni og það loddi svolítið við handavinnunna að hún væri svolítið leiðinleg því það var allt svo ljótt sem verið var að láta gera eða á meðan það var ekki almennileg þróun.

Þetta hefði hins vegar lagast þegar það fóru að vera námskeið hjá Kennaraháskólanum í kringum árið 1975 og að eftir það hafi þetta farið að þróast í rétta átt.

María talaði um að mikilvægt væri að verkefnin höfðuðu til nemenda og að hafa þyrfti í huga að þau höfðuðu til beggja kynja, þó að textílkennurum fyndist ekki endilega allt fallett eða smart sem nemendur óskuðu eftir að gera. Tískan væri hluti af námsgreininni og því þyrftu textílkennarar að vera tilbúnir að aðlaga verkefnin í greininni að henni á hverjum og einum tíma. Á hippatímanum hefðu nemendur hennar saumað mussur með allskyns mynstrum „takmarkið hjá mér var að þau lærðu á saumavél og það þýddi ekkert að vera með eitthvað sem höfðuðu ekki til þeirra“. Hún hefði einnig reynt að nálgast garn til að leyfa þeim að þrjúna eitthvað hippalegt og að þetta væri bara eins og með aðra tísku. „Þú kannski saumar þér kjól í dag sem er stuttur en fyrir nokkrum árum var hann síður. Það bara breytist eins og annað þá verða skólarnir líka að fylgja, þú ferð ekki að láta nemendur sauma eitthvað sem er ekki í tísku“.

Margrét talaði um að það yrði að vera með verkefni sem nemendur upplifðu að væru skemmtileg og að þau höfðuðu til áhugasviðs þeirra. „Þú getur ekki þvingað nemendur í dag til að gera verkefnin en þú getur haft heilmikið að segja um þann áhuga sem þeir hafa á verkefnunum“. Kolbrún talaði um að hún hefði verið með verkefni sem hún væri búin að vera með í um 15 ár af því að það hentaði svo vel fyrir drengina en að það hefði þróast með breyttum efnum og þeim áherslum sem nemendur kæmu með inn. Talaði hún um að það kæmu tískusveiflur í handavinnu. Einu sinni voru allir að hnýta og svo allir að þæfa og svo pappírstímabilið „og þó maður vilji handverk og gamalt þá þarf að koma með þetta nýja líka. Hægt að taka það með inn í verkefnin, eins og þegar pappírinn kom inn þá var hann bakgrunnur á mynd og blandað saman“. Benti hún á að nota þurfti nýjar aðferðir til að grípa áhuga nemenda á greininni.

Fram kom hjá öllum viðmælendum mínum að nemendur vilji að verkefnin hafi hagnýtt gildi og mikilvægt væri að þeir að fengju að ráða verkefnunum að einhverju leyti og setja þannig mark sitt á þau og að þannig kæmi hönnunar- og sköpunarþátturinn inn í verkefnin. Brynja talaði um að nemendur vildu frekar verkefni sem hafa hagnýtt gildi og þau gætu notað það sem þau gerðu og að þeir hefðu ánægju af því að fara heim með eitthvað sem þau gætu gefið. Einnig talaði hún um að það veitti henni gleði að nemendur notuðu þær flíkur sem þau gerðu hjá henni í textílmenntinni. Kolbrún talaði einnig um að nemendur vildu fremur gera eitthvað sem þau sjálf gætu notað eða gefið öðrum.

4.2.2 Samfélagsleg áhrif og viðhorf til námsgreinarinnar textílmennt

Fram kom í viðtölunum að samfélagslegra áhrifa hefði gætt á tímabilinu sem um ræðir í rannsókninni og er um að ræða bæði neikvæð viðhorf sem unnu gegn henni og jákvæð viðhorf sem unnið hafa með greininni. Textílkennararnir telja viðhorfin mun jákvæðari í dag en þau voru og að foreldrar væru almennt jákvæðir gagnvart greininni. María talaði um viðhorf foreldra á þeim tíma til breytingarinnar sem kom með námskránni frá árinu 1977 þegar báðum kynjum var gert skylt að stunda nám í textílmennt:

Já, það var viðhorfið. Ég var stundum að leyfa þeim að fara heim með verkefnin að þrjóna og svo biðu strákarnir hálf skælandi við dyrnar hjá mér og sögðu hann pabbi segir að ég sé eins og gömul kerling að þrjóna. Svo ég hætti að leyfa þeim að fara heim með verkefnin. Það var allt í lagi ef þeir fóru heim með tilbúinn bolta til að sýna ef þeir þurftu bara ekki að sitja heima eins og gömul kerling að æfa sig, foreldrarnir gátu verið mjög erfið við mann, viðhorfið var að þeir væru að gera kerlingahluti.

Margrét talaði um að áður fyrr hefði verið erfiðara að fá nemendur til að skapa og hanna og búa til eigin mynstur. En í dag væru þau vön því að allir væru að skapa og hanna í þjóðfélaginu. Benti hún á að þjóðfélagið hefði unnið með greininni undanfarin 10 ár. Að fyrir svona 10 árum hefði ekkert þýtt að reyna að kenna þeim að læra að hekla, en að nú til dags væri það allt annað og síðan þrjón fór að koma svona mikið í tísku þá væri orðið miklu auðveldara að kenna þrjón í grunnskóla því það væru allir að þrjóna og allir að selja. Jafnframt benti hún á að þegar menningaráhrifin væru svona mikil í hönnun þá endurspegladist það í viðhorfum nemenda sem sjálf

gengju mikið í útprjónuðum lopa- eða eingirnijkólum, lopapeysum, lopasokkum og vettlingum. Nemendur segðu henni með miklu stolti frá mömmu sinni og ömmu sem væru að prjóna og að þau vildu læra að prjóna til að geta prjónað með þeim.

4.2.3 Viðhorf úr æsku lita kennsluhætti textílkennara

Fram kom að viðhorf úr æsku textílkennara hafa áhrif á hvernig kennsluhætti þeir notuðu í kennslunni. María talaði um bæði þætti úr eigin skólagöngu og skólagöngu föður síns sem áhrifavalda á hennar kennsluhætti. Hún hefði sem dæmi upplifað það að samnemandi hennar hefði orðið fyrir niðurlægjandi reynslu í grunnskóla vegna stífra reglna um klósettferðir. Því ákvað hún á sínum kennsluferli skyldi hún ekki rengja nemendur heldur leyfa þeim að njóta vafans. Faðir hennar var örvhentur og þvingaður til að skrifa og vinna með hægri hönd. Lagði hún því mikið upp úr því að vera sjálf faglega fær um að sinna örvhentum nemendum sínum og lagði áherslu á þann þátt í handavinnudeildinni þegar hún starfaði þar sem kennari.

Margrét talaði um að hún hefði þurft að vinna eftir drögum að námskrá sem kom út árið 1948 sem barn. Þá hefði hún upplifað það sem nemandi að fá ekki að hafa áhrif á verkefnin sem hún átti að vinna og að hún hefði þurft að gera verkefni sem voru henni ofviða. Þetta voru verkefni eins og að hekla blúndu utan um koddaver og að sauma út í það óviðráðanlegt munstur með örfínu bródergarni og prjóna utan um herðatré:

Á þessum sama tíma þá átti ég pínulitla systur og mig langað svo til að prjóna handa henni lamb og ég spurði af hverju má ég ekki prjóna það og mamma var búin að finna handa mér uppskrift en ég mátti það ekki. Svo ég prjónaði lambið heima en herðatréð í skólanum og grét undan koddaverinu.

Talaði hún um að þessi reynsla hefði markað hana og að hún hefði þarna séð hversu óviðráðanlegt þetta væri fyrir börn á þessu þroskastigi að vinna verkefni eins og hún hafi verið látin gera. Benti hún á að á þessum tíma hefði verið að kenna með tækjum og tólum sem ekki hefðu verið neinar rannsóknir á bakvið um hvað hentaði þroska barna. „Eins og með koddaverið, fín nál, fínt bródergarn, óviðráðanlegt munstur og mislöng spor, eitthvað sem börn á þessu þroskastigi ráða bara ekki við og láta okkur svo rekja upp, hvaða kennsla er það“.

4.3 Aðalnámskráin og vettvangur

Textílkennararnir voru sammála um að breytingar hefðu orðið á aðalnámskránni þau ár sem þeir hefðu verið starfandi kennarar. Textílkennararnir sem byrjuðu að kenna eftir námsskránni frá því á árinu 1960 upplifðu miklar breytingarnar þegar aðalnámskráin frá 1977 kom út. Voru þeir sammála um að með aðalnámskrám sem komu á eftir hefðu ekki komið róttækar breytingar sem hefðu haft áhrif á innihald kennslunnar og að breytingarnar hefðu fremur snúist um framsetningu og leiðirnar að markmiðum. Allir voru þeir sammála um að ekki væri hægt að komast yfir að kenna allt það sem bæri samkvæmt aðalnámskránni.

Einungis einn viðmælenda talaði sérstaklega um breytingarnar sem komu með núgildandi aðalnámskrá frá 2011, það er að segja um grunnstoðirnar sex sem ætlað er að flétta inn í allt nám sem fer fram í grunnskólanum. Guðbjörg talaði um að það væri grundvallarbreyting sem kæmi með hinni nýju aðalnámskrá og að það væri skömm að því hvað kennurum væri ætlaður lítil tími til að kynna sér og tileinka sér hana. Benti hún á að sjálfbærnin væri að koma ný inn og allar grunnstoðirnar sem þyrfti að flétta inn í námið. Kennarinn þyrfti að geta tileinkað sér þessa hluti með mikilli meðvitund og jafnframt vera inni í mörgum þáttum er sneru að kennslunni. Það væri margt undir í hinni nýju aðalnámskrá, hún væri hátt uppi og að kennarar þyrftu að ná henni:

Þú hristir þetta ekkert fram úr erminni og þetta tekur tíma og þú þarft samt að gera allt annað um leið, þú ert að skara gömlu námskrána og hugsa þessa nýju og búa til nýja og henda hinni gömlu út og um leið að þróa verkefnin þín að hinni nýju námskrá.

4.3.1 Rótgróið fag - sami grunnur – breytingar

Textílkennararnir voru sammála um að textílmennt væri rótgróið fag sem byggði á ákveðnum grunnaðferðum og tækni sem ekki breyttist þó það kæmi út ný aðalnámskrá:

Textílmennt er í sjálfu sér rótgróið fag, þú þarft að kenna ákveðnar reglur eins og í íslensku, þú sleppir því ekkert að kenna n og nn regluna, þú þarft náttúrlega að kenna ákveðnar grunnaðferðir og tækni. Þú kannski getur lagt þær fram á mismunandi hátt eftir því sem kröfurnar í námskránni eru og auðvitað þarf maður að fylgjast með.

Töluðu þeir um að námskráin hafi ýmist verið opin eða takmörkuð. Lýstu þeir áhyggjum yfir því að núverandi námskrá væri svolítið opin og að það gæti leitt til þess að námsefni sem textílkennarar teldu sig ekki ráða við dytti, út eins og til dæmis þrjón og hekl.

Fram kom að textílkennararnir hefðu skoðun á þeim breytingum sem ætlast væri til að gerðar væru með nýrri aðalnámskrá. Margrét talaði um að henni hefði lærst það á löngum ferli að þegar kæmi út ný námskrá þyrfti að íhuga breytingarnar vel, stundum væru þær það opnar að ekki þyrfti að gjörbreyta öllu:

Mér hefur fundist ágætt þegar það hefur komið ný námskrá að þá á maður stundum að hoppa alveg inn á þær hugmyndir og mér hefur nú lærst það að mjög líklega kemur út ný námskrá eftir svona um fjögur til átta ár og stundum dregur maður aðeins lappirnar ef manni líst ekki á breytingar.

Þeir viðmælendur sem byrjuðu að kenna eftir námskránni frá 1960 töluðu um hún hefði verið mjög stýrð og að þar hefði komið mjög skýrt fram hvaða verkefni skyldi kenna. Miklar breytingar hefðu komið með aðalnámskránni frá 1977 þegar það varð lögbundið að kenna skyldi bæði stúlkum og drengjum textíl og hönnun og smíði. Við það hefðu verkefnin breyst og sköpunarþátturinn komið meira inn.

Margrét talaði um að henni þætti námskráin hafa breyst mikið frá því að hún hafi byrjað að fylgjast með námskrám, að þá hafi allt verið niðurnjörvað. María talaði um að grunnurinn hefði verið sá sami og að hún hefði ekki upplifað neitt sem henni hefði ekki fundist í lagi að breyta. Mundi hún eftir því að í kringum 1980 hafi sköpunarþátturinn farið að koma inn og verkefnin farið að breytast. Lýsti hún einu slíku verkefni:

Það var eitt verkefni sem ég hafði lengi, ég var með ullarjava sem ég keypti og nemendur saumuðu út í. Þau teiknuðu sjálf myndirnar og svo máttu þau ráða sjálf. Ég var með kambgarn og ýmislegt annað garn og þau gátu skemmt sér að vinna með mislöngum sporum og þetta var rosalega flott hjá þeim. Margar fallegar og skemmtilegar myndir, setti það svo á blindramma fyrir þau og það varð engin eins mynd.

Brynju fannst eins og hún væri komin í hringi í kennslunni á þessum næstum 40 árum í kennslu og talaði hún um að henni fyndist námskráin núna svolítið háleit, líkt og Guðbjörg talaði um og benti á að „ekki væri hægt

að fara eftir öllu sem hún segir, maður myndi ekki ráða við allt sem er sagt þar, það gengur ekki upp“ Kolbrún hafði ekki upplifað neinar sérstakrar kollsteypur. „Ég veit ekki með námskrána, ég hef ekki tekið neina u-beygju, nýtt læðist inn og maður sorterar úr“. Hún talaði um að það væri ákveðið frelsi innan hennar svo hún veldi það sem hentaði henni og nemendum hennar best út frá því hvernig hóparnir væru sem kæmu til hennar. Benti hún á að það væri ekki hægt að komast yfir allt á einum vetri og að kennarar yrðu bara að reyna að komast yfir að láta nemendur gera sem mest af því sem þeim bæri eins og að „fara í vélsaum, útsaum og svolítið prjón“.

4.3.2 Takmarkaður tími - stórir hópar - breytt verkefni

Viðmælendur voru sammála um að of litlum tíma væri ætlað í textílmenntakennsluna. Fram koma að með þeim breytingum á aðalnámskránni frá árinu 1977 að strákarnir fóru að stunda nám í textíl og stúlkur í hönnun og smíði, hefði tíminn sem ætlaður var fyrir hvort kyn í textílmenntakennslunni verið skorinn niður um helming sem hefði haft mikil áhrif á námið sem fram fór í textílnum og „svo var farið að skipta yfir í að bæði kynin fóru að vera í handavinnu og smíði og þá er þetta ekki hægt, því það er svo lítill tími“. María sem byrjaði að kenna árið 1965 benti á það hefði átt að vera tímabundið og að til hefði staðið að bæta við tíma fyrir námsgreinarnar en að það hefði ekki gengið eftir. Leiddu þessar breytingar til þeirrar þróunar að verkefnin sem nemendur í textílmennt gera nú til dags hefðu breyst og væru einfaldari en þau voru fyrir námskrána 1977. Einnig kom fram að of margir nemendur væru í hópunum í textílmennt sem að hluta til mætti rekja til sparnaðar í skólakerfinu og að það hefði þau áhrif að erfiðara væri að ná fram markmiðum aðalnámskrár.

María talaði um að hún hefði reynt eftir bestu getu að fara eftir námskránni þau ár sem hún var við kennslu. Þegar hún byrjaði kennslu í textílmennt hefði hún farið eftir námskránni frá 1960 og látið nemendurna vinna verkefnin eftir henni. Eitt verkefnið sem hún lét nemendur í 10 ára bekk gera var koddaver úr fínu lérefti sem var skreytt með útsaumi og heklud blúnda í kring. Greindi hún frá því að það hafi reynst nemendum erfitt. „Það var alveg skelfilegt að reyna að kenna þeim að hekla blúnduna með fínni nál, það voru sum sem voru góð og höfðu fengið aðstoð heima og er eins og ég heyri bara enn hljóma, já hún mamma hjálpaði mér eiginlega með að hekla allt“. Nemendur prjónuðu líka sokka og vettlinga hjá henni á þessum tíma. Síðar hefði þróunin orðið sú að verkefnin breyttust og voru

aðlöguð betur af nemendum. Hefði hún sem dæmi farið að láta nemendur þrjóna sér griplur í stað vettlinga.

Margrét kenndi einnig eftir námskránni frá árinu 1960 og talaði um að miklar kröfur hefðu verið gerðar til nemenda í henni „þá er ég að tala um fáránlega hluti eins og að kenna 10 ára barni að þrjóna á þrjóna númer 2 ½.“. Benti hún á að enn væri verið að miða við og bera saman verkefni sem gerð voru á þessum tíma, þegar námsgreinin hafði helmingi meiri tíma, við þau verkefni sem gerð væru í textílmennit í dag. „Þú kennir ekki jafn mikið á helmingi minni tíma, það hefur aldrei almennilega verið sett samasem merki þarna á milli, bara verið talað um að kennslan sé orðin verri“. Benti hún einnig á að ekki væri lengur rými til að kenna tæknina jafn markvisst og að henni hafi lærst með tímanum að ekki væri hægt að gera sömu kröfur til nemenda „við getum ekki boðið nemendum í dag upp á að sitja heilan vetur og þrjóna sokka, það verður að viðhafa fjölbreytni í kennslunni“.

Brynja talaði um að lítil tími væri ætlaður fyrir námsgreinina og að námið yrði að fara þannig fram að þau byggðu upp á tæknina á milli ára. Einnig benti hún á að hóparnir væru orðnir allt of stórir þegar nemendur væru orðnir 14 til 15. Margrét benti einnig á að hóparnir væru orðnir of stórir og að ekki einu sinni reynslumiklir kennarar réðu við að kenna undir álaginu sem því fylgdi að kenna 14 nemendum í einu „maður ræður ekki við nemendur sem koma eftir tólfta nemandann, það fer eftir samröðun nemenda eftir tólf hvort maður ræður við þetta. Guðbjörg talaði um að verkefnin hjá sér hefðu þróast mikið og hún væri ávallt með þessa hugsun að koma að bæði handverkinu og sköpun. Núna væri hún meira að vinna markvisst með verkefnin og að nemendur framkvæmdu meiri rannsóknarvinnu í verkefnum sínum „það er miklu meira ferli í náminu og mun stýrðara af mér, þó það sé meiri sköpun“.

4.3.3 Breytingar taka tíma

Fram kom að mikil breyting varð á námsgreininni með komu drengjanna inn í textílinn og þegar stúlkurnar fóru að læra smíði með námskránni frá árinu 1977. Rætt var um að námsgreinin og textílkennararnir hafi ekki verið undir það búin að taka á móti drengjunum. Ekki hafi allir skólar verið tilbúnir að taka þetta skref og drógu það fyrst um sinn. Eins hafi ekki allir hugsað út í það að drengirnir væru ekki tilbúnir að láta segja sér þegjandi og hljóðalaust hvað þeir áttu að gera eins og stelpurnar hefðu gert. Því hefði skapast togstreita á milli drengjanna og kennaranna í einhverjum tilvikum. Fram kom að þeir textílkennarar sem hefðu verið lengi að störfum áður en breytingin átti sér stað hefðu átt í erfiðleikum með að aðlagast

breytingunum. Þeir hefðu haldið fast í að kenna þau verkefni sem ávallt hefðu verið kennd og að leggja hefðu þurft mikla áherslu á vandvirknina og að þær hefðu þar af leiðandi lent í vandræðum með að ná til drengjanna. Margrét greindi frá því að svo hefðu farið að koma námskeið „það voru mjög duglegar og drífandi konur í kennaradeildinni, þá ég man að ég fór á námskeið og man eftir grillhanska sem þær komu með og varð óvenju vinsælt og hentaði vel fyrir strákana“.

Lára talaði um að það hefði tekið langan tíma að þróa þetta almennilega til að það gengi vel fyrir sig en að svo hefði þróunin innan námsgreinarinnar farið að komast í réttan farveg upp úr árinu 1985 „það var að koma vakning með verkefnin og ekki lengur þessi stífu verkefni, handavinnupokar og hekludu blúndurnar, það fór að breytast sem betur fer“.

María talaði um að hún hefði gert sér grein fyrir því að breytingarnar tækju tíma og að mikilvægt væri að þær færu fram á ígrundaðan hátt. Í kjölfar umræðna á Alþingi um fyrirhugaðar breytingar, að drengir ættu að koma inn í textílmenntina, fór hún þess á leit við yfirmenn sína að hún fengi leyfi til að byrja strax að taka yngstu drengina inn í textílmenntina áður en löggin tækju gildi. Þannig yrðu þeir vanir að stunda nám í textíl og hefðu fengið nám í grunnundirstöðunum í greininni. Þannig mætti jafnframt koma í veg fyrir þau vandræði er hlytust við aðlögunina af því að drengjunum hefði vantað grunnkunnáttu til að vinna þau verkefni er til var ætlast af þeim.

4.3.4 Þarfir nemenda í fyrirrúmi - skóli án aðgreiningar

Fram kom að breytingar eins og einstaklingamiðað nám og skóli án aðgreiningar sem komu í kjölfar nýrra aðalnámskráa hefðu haft í för með sér breytingar í kennslunni er snéru að þörfum nemenda. Með námskránni frá 1977 var farið að huga meira að þörfum nemandans og við setningu aðalnámskrár árið 1999 skyldu allir grunnskólanemar hafa rétt á að stunda nám í sínum hverfisskóla.

Brynja talaði um að það yrði að fara til hliðar með námskrána til að geta komið til móts við alla. Lára talaði um að erfitt gæti verið að fara eftir öllu í námskránni „og svo eru alls konar hegðunarvandamál og þú getur ekki haft þetta eins og þú ætlaðir. Það eru alls konar brestir sem þarf að sinna líka sem er ekki síður hlutverk þitt sem kennari“. Benti hún einnig á að með breytingunum sem komu með skóla án aðgreiningar hefði ekki verið unnið nógu markvisst að málunum og að betra utanumhald mætti vera um nemendur sem færi minnkandi með minna fjármangi í skólana. Talaði hún einnig um að nemendur sem ættu við vandmál að stríða taki tækju tíma frá

öðrum nemendum sem líka ættu rétt á að fá það nám sem þeim bæri samkvæmt lögum. Margrét talaði um að miklar breytingar og þróun hefðu átt sér stað í skólakerfinu „allar þessar breytingar sem við þessir gömlu kennarar höfðum aldrei heyrt um eins og ADHD og alls konar persónuleika-skerðingar og eineltið“.

4.4 Breyttar áherslur í kennaramenntun

Allir viðmælendur mínir tjáðu sig um menntun textílkennara og fram kom að þeir teldu að breytingar hefðu átt sér stað í náminu. Fram kom að þeir teldu að í dag fengju kennarar meiri menntun í kennslufræðinni en að hin verklega kennsla í faginu hefði minnkað með árunum.

4.4.1 Umhyggja fyrir námsgreininni textílmennt

Greina mátti í samtölum við textílkennarana að þeir bæru allir umhyggju fyrir námsgreininni og vildu henni allt hið besta. Þeir töldu mikilvægt að textílkennarar væru faglega sterkir í sinni grein og að þeir þyrftu að búa yfir mikilli kunnáttu í handverksþættinum til að geta kennt hann áfram. Höfðu þeir áhyggjur af því að halla færi á handverksþáttinn innan námsgreinarinnar vegna minnkandi áherslu á námsgreinina innan grunnskólanna og minni verklegar kennsla í kennaranáminu. „Það er eins og ég segi, það endar með að þið verðið komnar með eitt rúlluborð“. Töldu þeir hins vegar að þeir textílkennarar sem útskrifuðust í dag öðluðust góða grunnmenntun í náminu. Fimm af viðmælendunum töluðu um að þegar þær hefðu verið í textíleild Kennaraháskólans hefðu þær verið tvö ár í verklegri kennsla og að þær teldu það nauðsynlegan undirbúning:

Okkur kennurunum sem fóru í gegnum þetta nám finnst að það hafi ekkert veitt af því, til þess að þú getir verið öruggur kennari verður þú að hafa ákveðna hluti á færi þínu. Nú er verið að útskrifa stelpur sem eru með mjög góða grunnmenntun en hafa bara verið í fjarnámi í þrjú.

Áhyggjur textílkennaranna komu meðal annars fram á þann hátt að námsþættir eins og þrjón og hekl væri að þróast burt úr námsgreininni:

Ef þær treysta sér ekki til að kenna þrjón og námskráin er þannig í dag að þú getur komist hjá því. Þú getur valið annað því hún er svo opin að þú getur réttlætt það með bara mjög góðum rökum sem þú getur fundið að þú ætlir að kenna

eitthvað annað, það þarf mjög mikla hörku og færni til að kenna 12 - 14 manna hópum að þrjóna.

Brynja benti á að kennslan væri að breytast „kennslan á eftir að breytast, það er enginn að segja að það verði verri kennsla, hún verður bara öðruvísi, aðrar áherslur“. Áhyggjurnar beindust einnig að hegðunarvandamálum og handverksþættinum:

Og svo er með allar þessar greiningar og þessi erfiðu börn, ég finn til með ungum kennara með þennan vanmátt. Þetta er nógu erfitt fyrir okkur, þessa gömlu jaxla og við höfum einmitt rætt þetta, þessir gömlu jaxlar, að við höfum pínulitlar áhyggjur af þessari þróun, af því við höfum fylgst með þróuninni í kennaramenntun og þar er alltaf minni og minni kennsla til fagsins.

4.4.2 Endurmenntun og handverksnámskeið

Viðmælendur töldu allir að mikilvægt væri að sækja sér endurmenntun og þær töldu sig allar hafa verið duglegar við það. Allar nema ein höfðu tekið sér námsorlof á starfsferlinum, fjórar af þeim höfðu náð sér í frekari menntun í textíl á Norðurlöndunum og ein þeirra stundar nú, sem áður sagði, nám á mastersstigi í textíl. Töldu þær að námskeiðin sem þær hafa sótt í gengum tíðina hefðu nýst þeim faglega í kennslunni til að koma með nýjungar inn í námsgreinina og jafnframt til að vekja upp áhuga nemenda. Töldu þær um að ekki væri nægjanlegt framboð af námskeiðum í dag er tengdust textíl til að sækja sér endurmenntun.

Allar eru þær meðlimir í Félagi textílkennara og voru þær sammála um að það væri afar mikilvægt fyrir stéttina. Ekki höfðu þó allar verið sammála öllu því starfi sem þar hefði farið fram í gegnum árin og kom fram hjá einum viðmælenda að í kringum 1970 hefði henni ekki líkað þær áherslur sem einhverjir af eldri kennurum stéttarinnar stóðu þá fyrir, það er að segja hinni miklu stýringu á verkefnum og ofuráhersla á hina miklu vandvirkni af hálfu nemenda við gerð verkefnanna. Taldi hún að óraunhæfar kröfur hefðu verið gerðar til nemenda á þessum tíma sem samræmdust ekki þroska þeirra. Flestar höfðu þær einnig verið virkir meðlimir í Heimilisiðnaðarfélaginu á einhverjum tímapunkti og sótt sér námskeið þangað en fram kom að starfsemi félagsins væri um þessar mundir kröftug og mikið um námskeiðahald á þeirra vegum.

4.5 Samantekt

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þjóðlegt handverk birtist í textílmennt í grunnskólum hér á landi. Allir viðmælendur höfðu kennt um íslenska menningararfinn og um þjóðlegar handverksaðferðir. Þjóðlegt handverk birtist að mestu leyti sem kynning á handverkshefðunum og aðferðum að baki þeim. Fram kom að meiri áhersla væri lögð á handverksþáttinn eins og íslensku ullina, tóvinnu og þrjón heldur en að kynna gersemar eins og íslenska búninginn og gamlar íslenskar útsaumsgerðir.

Þegar spurt var af hverju textílkennarar kenna um þjóðlegt handverk taldi helmingur þátttakenda það vera mikilvægt. Tveir viðmælenda töluðu um að þeim bæri að gera það samkvæmt aðalnámskrá og einn nefndi áhrif frá kennaramenntun sinni og úr uppeldinu.

Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að textílkennararnir telji að greinin byggir á arfi frá á hinu gamla þjóðlega handverki og þá aðallega á þeim þætti hans sem býr að baki þess að fólk áður fyrr stundaði handverk sér til bjargar. Það sem viðmælendur töldu mikilvægast að nemendur lærðu í námsgreininni var grunntæknin til að geta bjargað sér með handverkinu. Að þeir hefðu rými til að skapa og vinna að fjölbreyttum verkefnum sem höfðuðu til áhugasviðs þeirra og að þeir upplifðu textílmennt sem ánægjulega námsgrein. Einnig kom fram að nemendur kysu fremur að verkefni hafi hagnýtt gildi fyrir þá.

Þegar aðalnámskráin og vettvangur voru skoðuð kom í ljós að helstu breytingar á umræddu tímabili eru á milli námskrárinnar frá 1960 og árinu 1977. Með námskránni frá 1977 komu drengirnir inni textílmenntina, það losnaði um hinu miklu stýringu á verkefnum nemenda og í kjölfarið fór að gæta meiri sköpunar í námsgreininni. Fram kom að þær breytingar sem komu með næstu aðalnámskrám hafi ekki haft veruleg áhrif á innihald námsgreinarinnar sem byggir á mikilvægum grunni og breytist ekki með komu nýrrar aðalnámskrá. Allir viðmælendur töldu erfitt um vik að kenna allt sem stendur í aðalnámskránni en telja þó að mikilvægt sé að reyna að fylgja henni eins og unnt er. Fram kom að aðalnámskráin er opin og því geta textílkennarar stýrt upp að einhverju marki hvað námsefni er kennt. Einnig kom fram að textílkennararnir hafa sjálfstæða skoðun á því hvernig kennslan á að fara fram í námsgreininni og að þeir séu ekki alltaf tilbúnir að fylgja öllum þeim breytingum sem aðalnámskrá kveður á um að gera skuli.

Textílkennararnir töldu mikilvægt að kennarar sem kenni námsgreinina séu faglega sterkir og að þeir hafi allir lagt mikið upp úr endurmenntun í

faginu. Þeir hafa áhyggjur af minnkandi áherslum á verklega þáttinn í námi verðandi textílkennara.

Helstu þættirnir sem nefndir voru sem hindrun fyrir því að kenna um íslenska menningararfinn og gömlu þjóðlegu handverksaðferðirnar í námsgreininni voru að erfitt væri um vik að kenna aðferðirnar sjálfar vegna meðal annars tímaleysis og að ekki væri rými í kennslunni til að fara í svo fínlega vinnu sem einhverjar af aðferðunum útheimta. Önnur atriði sem nefnd voru í þessu samhengi voru skortur á námsefni, mikill kostnaður, að erfitt væri að koma því við að fara með nemendum í safnaheimsóknir og lítill skilningur skólayfirvalda fyrir því.

5 Umræða

Markmiðið með rannsókninni var að skoða hvort og þá hvernig þjóðlegt handverk birtist í textílmenntakennslu í grunnskólum. Einnig var kannað hvernig þjóðlegt handverk birtist í aðalnámskrám og lögum um grunnskóla frá árinu 1960 til dagsins í dag, hvort breytingar hafi átt sér stað á þessu tímabili og hvernig það birtist í textílmenntakennslu viðmælenda.

Niðurstöður leiddu í ljós að þjóðlega handverkið er kennt í námsgreininni og þá fyrst og fremst með kynningu á handverkshefðunum og aðferðum er liggja þar að baki. Fram kemur í nógildandi aðalnámskrá fyrir námsgreinina textílmennt að námsgreinin byggir á rótgrónum handverkshefðum og að í list- og verkgreinum fái nemendur einstakt tækifæri á að kynnast og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Í lögum um grunnskóla kemur fram að aðalnámskrá er ætlað að útfæra nánar hvernig kennslunni er háttað (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hér verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar skoðaðar út frá fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar og leitast verður við að svara rannsóknarspurningunum.

5.1 Lög um grunnskóla og aðalnámskrár frá árinu 1960 til 2013

Námsgreinin textílmennt var gerð að skyldugrein árið 1936 með lögum um fræðslu barna en kennsla hófst þó mun fyrr. Textílmennt hefur borið heitin handavinna stúlkna, hannyrðir og textílmennt og hún verið flokkuð með mismunandi námsgreinum eftir að hún varð lögboðin. Í dag tilheyrir námsgreinin list- og verkgreinum og heyrir undir verkgreinar ásamt hönnun og smíði og heimilisfræði. Áhugavert er að í dag skuli menn vera komnir að sömu niðurstöðu um flokkun námsgreina er tilheyra verkgreinum og Guðmundur Finnbogason hafði í byrjun 20. aldar þar sem hann fjallaði um handavinnu í bók sinni *Lýðmenntun* og talar um í því samhengi smíði, hannyrðir og heimilisfræði (Guðmundur Finnbogason, 1944).

Í nógildandi aðalnámskrá byggir námsgreinin að miklu leyti á sama grunni og markmiðum og var að finna í fyrstu námskrám er komu út. Textílkennararnir sem rætt var við vinnslu verkefnisins höfðu þó allir upplifað breytingar með útgáfu nýrrar aðalnámskrár þau ár sem þeir höfðu starfað sem textílkennarar. Kennarar sem kenndu eftir námskránni frá árinu

1960 töldu sig hafa upplifað meiri breytingar en þeir sem byrjuðu kennslu eftir árið 1977. Hafi breytingarnar eftir þann tíma að mestu leyti snúist um framsetningu og leiðir að markmiðunum. Aðalnámskrárnar hafa að mati textilkennaranna ýmist verið opnar að því leyti að þær gæfu ákveðið frelsi til að ákveða hvað kennt væri eða lokaðar að því leyti að skýrt kæmi fram hvað kenna skyldi og töluðu þeir um að núgildandi aðalnámskrá væri fremur opin.

Textilkennararnir töldu að námsgreinin hefði uppeldislegt gildi fyrir nemandann og þeir upplifðu að nemendur hefðu þörf fyrir að stunda verklegt nám. Þeir töldu einnig mikilvægt að nemendur lærðu að nýta handverkið sér til bjargar og fram kom að nemendur vildu að verkefnin hefðu hagnýtt gildi. Fram kemur í núgildandi aðalnámskrá að í námsgreininni gefist nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hug og handar ásamt því að fá að upplifa og tjá sig. Þar kemur einnig fram að megintilgangur list- og verkgreina sé að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu og að mikilvægt sé að jafnvægi sé á milli bóklegs og verklegs náms sem stuðli að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum farveg og búi þá jafnframt undir daglegt líf (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Námsgreininni er því enn ætlað að gegna uppeldislegu hlutverki líkt og í upphafi þegar farið var að innleiða slöjd, eða skólaiðnað í handverkskennslu, í byrjun 20. aldarinnar og hugmyndir um skólastarf voru að þróast hér á landi. Áhrifa heimilisiðnaðarins og hugmynda Halldóru Bjarnadóttur, helsta talsmann fyrir því að námsgreinin yrði gerð að skyldunámsgrein í grunnskólum hér á landi, gætir enn í textílmennt. Halldóra taldi mikilvægt að handavinnan hefði hagnýtan tilgang og tengdist inn í hið daglega líf (Halldóra Bjarnadóttir, 1929). Einnig ætti námsgreinin að æfa bæði hug og hönd, þroska smekk og fegurðartilfinningu nemandans og stuðla að tilfinningu fyrir verklegum störfum. Þá talaði hún um að með því að kenna bæði bóklegt og verklegt námsefni yrði námið ekki eins einhæft og að það myndi höfða til fleiri nemenda. Halldóra taldi einnig mikilvægt að samin yrði námskrá fyrir námsgreinina handavinnu til að samræma kennsluna og gera hana markvissari (Halldóra Bjarnadóttir, 1919).

5.2 Þjóðlegar handverkshefðir í textílmennt

Ekki var farið að tala um íslenskan menningararf og þjóðlegt handverk í drögum að námskrá og aðalnámskrá í textílmennt fyrr en í aðalnámskránni sem kom út árið 1977. Síðan þá hefur menningararfurinn og handverkshefð þjóðarinnar verið talið mikilvægt í útgefnum aðalnámskrám.

Fram kom hjá viðmælendum að þeir hefðu allir kennt um íslenska menningararfinn og eins um þjóðlegar handverksaðferðir. Séríslenskir menningarþættir eins og handverkshefðin eru gjarnan hluti náms um þjóðararfinn í textílmennt (Bamford, 2011). Textílkennarar í rannsókn Guðrúnar Hannele Henttinen (2000) töldu þrjón til menningararfs sem væri hluti af verkmenningu Íslendinga og að því bæri að viðhalda.

Hjá viðmælendum var það handverkið og handverkshefðirnar eins og tóvinna, þrjón, útsaumur og vefnaður sem voru í aðalhlutverki og fór kennslan að mestu leyti fram sem kynning á aðferðunum. Minni áhersla var lögð á að kenna um gersemarnar hinar gömlu íslensku útsaumsgerðir og kvenbúningana sem bera með sér meira listrænt yfirbragð og mun flóknara handverk. Kom fram að í dag sé ekki eins mikið svigrúm fyrir slíka vinnu í námsgreininni eftir breytingarnar sem komu með námskránni frá 1977 þegar tíminn fyrir námsgreinina var minnkaður um helming með komu drengjanna inn í greinina.

Núgildandi aðalnámskrá er opin og ekki er tekið skýrt fram hvaða þjóðlega handverk skuli kenna, einungis að það sé mikilvægt að það sé kennt um það. Í aðalnámskrám frá 1999 og 2007 birtust ítarlegar útfærslur á því hvað af þjóðlega handverkinu skyldi kenna og hvað teldist til menningararfs.

Viðmælendur töldu að námsgreinin textílmennt byggji á arfi frá hinu gamla þjóðlega handverki og þeim menningararfi sem býr að baki þess að fólk áður fyrr stundaði handverk sér til bjargar og var jafnframt stór partur af lífsafkomu þeirra. Samræmist það því sem fram kemur í núgildandi aðalnámskrá þar sem talað er um að námsgreinin byggir á rótgróinni handverksaðferð sem á sér djúpar rætur í menningarsögunni. Talið er mikilvægt að koma aðferðinni áfram til komandi kynslóða og þróa í takt við breytta tíma og áherslur í menntun og uppeldi. Bamford (2011) benti einnig á að námsgreinin ætti sér djúpar rætur í handverkshefðinni.

Grimstad (2001) benti á að mikilvægt væri að nemendur fengju tækifæri til að prófa sig áfram og vinna með þær aðferðir sem lægju að baki handverkshefðunum. Viðmælendur töldu að nemendur þyrftu að öðlast skilning á því hvaðan handverkið kæmi og fá innsýn í það hvernig hlutirnir voru gerðir áður fyrr. Mason (2005) var sama sinnis og benti á að mikilvægt væri að samtvinna gamlar handverkshefðir sem stundaðar hefðu verið inni á heimilum við nám í list- og verkgreinum, til þess að nemendur öðluðust skilning á menningarlegum bakgrunni handverksins. Áhugavert er að fram kom hjá þremur af viðmælendum mínum að þeir legðu töluvert upp úr því að halda menningararfinum á lofti í orði, til dæmis með því að segja sögur

og nota gömul orðatiltæki er tengdust námsgreininni, sem sýndi að áhugi væri meðal textílkennaranna að koma menningarfinum áfram.

Fram kom að kennsla um íslenska menningararfinn og þjóðlegt handverk færi fram hjá almennum bekkjarkennurum í gegnum námsefnið *Ísland áður fyrr* sem alla jafna er kennt í 3. eða 4. bekk. Samkvæmt textílkennurunum fer kennslan um ullar- og tóvinnuna oft og tíðum fram í tengslum við eða í beinu framhaldi af námsefninu um *Ísland áður fyrr* í grunnskólanum. Einn viðmælandinn talaði um að hann hefði samþætt námsefnið um *Ísland áður fyrr* við textílmenntakennsluna og að þá hefðu nemendur unnið verkefni sem fólust meðal annars í tóvinnu, eins og að vefa og spinna. Athygli vakti að einungis einn viðmælenda talaði um samþættingu í þessu sambandi.

Áhugaverð sýn kom fram hjá viðmælendum í sambandi við hvað þeir teldu til íslensks menningararfs. Einn textílkennaranna talaði um að hann hefði blandað saman hugmyndum Sigrúnar Guðmundsdóttur um frjálstan útsaum við þjóðlegar handverksaðferðir eins og gamlar íslenskar útsaumsgerðir og notað bæði gamlan íslenskan efnivið í bland við nýjan. Annar viðmælandi nefndi að sjálfbærni og umhverfisvernd væru í hennar huga menningararfur og að nemendur hefðu gott af því að sjá hluti verða til og eins hugsa um hvaðan þeir kæmu. Einnig kom fram að listaverk sem væru máluð á veggjum grunnskólans, þar sem einn viðmælenda kenndi, væru notuð til að vekja upp áhuga á menningararfi nemenda.

Frá því í aðalnámskránni frá árinu 1977 hefur verið talað um að mikilvægt sé að nemendur væru fræddir um gildi og sögu verkmenningar og að heimsóknir á söfn og sýningar væru góðar leiðir til þess að kenna nemendum um menningararfinn. Það vakti því athygli í samtölum við viðmælendur að safnakennsla væri af skornum skammti í textílmenntakennslu þeirra. Viðmælendur töldu að það sem helst kæmi í veg fyrir að hægt væri að fara með nemendur í heimsóknir á söfn og sýningar væri þétt stundaskrá nemenda og eins var talað um skilningsleysi hjá skólayfirvöldum. Ólík sjónarmið komu þó fram þar sem einn viðmælandi hafði alla sína starfsævi nýtt sér þennan möguleika í kennslu á meðan aðrir gerðu það í litlum mæli.

5.3 Kennsluhættir námsgreinarinnar textílmennt

Að geta bjargað sér með handverkinu, fjölbreytileiki, sköpun og jákvæð upplifun er mikilvægur þáttur í námi í list- og verkgreinum. List- og verkgreinakennarar í grunnskólum Reykjavíkurborgar telja að mikilvægt sé fyrir nemendur að vinna með höndunum, að leita fjölbreyttra leiða að

lausnum, að skapa, að viðhalda menningararfinum og að list- og verkgreinar undirbúi nemendur fyrir fjölbreytt störf (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

Viðmælendur töluðu um að mikilvægt væri að nemendur lærðu grunnatriði námsgreinarinnar til þess að geta bjargað sér með handverkinu og að þeir lærðu að bera virðingu fyrir því. Námið þarf að fara fram á skapandi hátt, vera fjölbreytt og höfða til allra en umfram allt þurfa nemendur að upplifa námsgreinina textílmennnt á jákvæðan hátt. Niðurstöður Garber (2002) voru á svipuðum nótum þar sem hún komst að því í rannsókn sinni á handverkskennslu í grunnskólum í Finnlandi að helstu forsendurnar þess að kenna verkgreinar væru að nemendur lærðu grunntækni til að bjarga sér, leita lausna, vinna á skapandi hátt, auka sjálfstraust og að viðhalda finnskum handverkshefðum sem byggðu á sveitamenningu.

Textílkennararnir töldu mikilvægt að kennarar fylgdust með nýjungum til að þeir gætu aðlagð verkefni að nemendum. Mikilvægt væri að verkefni höfðu til nemenda og áhugasviðs þeirra og kom fram að þeir kysu fremur að verkefni hefðu hagnýtt gildi. Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að nemendur vilja hafa áhrif á verkefna og að verkefni hafi hagnýtt gildi (Erla Dís Arnardóttir, 2013).

Fram kom hjá viðmælendum að verkefni í námsgreininni textílmennnt hafa ekki alltaf verið þess eðlis að þau hafi höfðað til þroska og áhuga nemenda. Töluðu þeir um að fyrir námskrána sem kom út árið 1977 hafi þeir upplifað að verkefni hafi verið of krefjandi fyrir nemendur og ekki alltaf hæft þroska þeirra eða áhuga. Eitt verkefni sem nemendur í 10 ára bekk gerðu hjá Maríu var koddaver úr fínu lérefti sem var skreytt með útsaumi og heklud blúnda í kring. Talaði hún um að það hefði reynt nemendum erfitt „það var alveg skelfilegt að reyna að kenna þeim að hekla blúnduna með finni nál“.

Lítið hefur verið gefið út af námsefni fyrir námsgreinina í textílmennnt í gegnum tíðina þó það hafi aukist á allra síðustu árum og er námsefni um þjóðlegt handverk þar engin undantekning. Námsefni fyrir kennslu á þjóðlegu handverki í tóvinnu er til á þjóðminjasafninu en vegna kostnaðar er erfitt fyrir textílkennara að fá það lánað. Textílkennarar telja að skortur á námsefni hafi haft neikvæð áhrif á námsgreinina og að mikill tími og orka fari í það hjá þeim að útbúa sitt eigið efni. Textílkennararnir í rannsókn Guðrúnar Hannele Henttinen (2000) töluðu einnig um skort á námsefni fyrir námsgreinina og það sama kom fram hjá textílkennurunum sem tóku þátt í úttekt Reykjavíkurborgar á listfræðslu í borginni (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

Fram kom hjá viðmælendum mínum að ákveðinnar óþolinmæði gætti hjá nemendum gagnvart bóklegu námi í námsgreininni og að því hentaði hið hefðbundna fyrirlestraform illa. Nemendur hefðu hins vegar áhuga á námsefni eins og efnisfræðinni og þyrfti bóklegt nám því að fara fram á mjög markvissan hátt og einna helst í gegnum umræður á meðan á vinnu nemenda stæði. Kennararnir töldu flestir að þeir stæðu sig ekki nógu vel í að kenna efnisfræðina og eins um hinn sögulega þátt námsgreinarinnar. Fram kom að þeir teldu að vöntun væri á áhugaverðu efni til að kenna um þessa þætti.

Fram kemur í hæfniviðmiðum fyrir textílmennit að mikilvægt sé að nemendur læri að greina, meta og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og að þeir fái tækifæri á að tjá sig munnlega í námsgreininni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Komið hefur fram að nemendum í listgreinum skortir færni til að tjá sig um vinnu sína (Bamford, 2011). Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskóla* kom fram hjá list- og verkgreinakennurum að þeir leggi meira upp úr verklegum þáttum en þeim sem krefjast bóklegs náms eða munnlegrar tjáningu nemenda. Kristín Ólafsdóttir velti því upp hvort þetta gæti verið á kostnað þátta sem skilgreindir væru samkvæmt aðalnámskrá frá árinu 2007 sem greining og mat eða þekking á sögu og samfélagslegu samhengi námsgreinnanna sem í nútíðandandi aðalnámskrá eru skilgreindir sem menning og umhverfi (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011).

Samfélagslegra áhrifa hefur gætt á námsgreinina á tímabilinu 1960 til dagsins í dag. Viðmælendur greindu frá neikvæðum áhrifum frá samfélaginu í kjölfar þess að drengir fóru að stunda nám í textílmennit. Viðhorf sumra foreldra höfðu verið á þann hátt að textílvinnna væri kvennavinna og að það hefði valdið drengjunum erfiðleikum og gert kennurum erfiðara um vik að fá þá til að vinna. Textílkennararnir töldu að viðhorfin í dag væru jákvæð og að foreldrar væru almennt mjög jákvæðir gagnvart námsgreininni. Fram kom hjá viðmælendum að þjóðfélagið hefði unnið með námsgreininni undanfarin ár og að þegar menningaráhrifin í hönnun og handverki væru mikil endurspegladist það í viðhorfum og áhuga nemenda fyrir námsgreininni. Eins kom fram að kennsla í listfræðslu á Íslandi teldist góð á alþjóðlegan mælikvarða og að hún nyti víðtæks stuðning frá samfélaginu (Bamford, 2011).

Textílkennarar báru augljóslega hag námsgreinar sinnar fyrir brjósti og töldu mikilvægt að þeir væru faglega sterkir á sínu sviði. Komu fram áhyggjur af því að halla færi á handverkspáttinn innan námsgreinarinnar bæði vegna minnkandi áherslu á námsgreinina innan grunnskólanna og eins

minni verklegar kennslu í kennaranáminu. Núgildandi aðalnámskrá væri fremur opin og komu fram áhyggjur af því að auðveldlega væri hægt að velja sig frá þeim þáttum sem kennarar telja sig ekki ráða við og að hætta væri því á að ákveðnir handverksþættir hyrfu úr námsgreininni. Bamford (2011) komst einnig að þeirri niðurstöðu að dregið hefði úr listfræðslu í kennaramenntun og að margir lykju námi án nægrar þekkingar til þess að vera sterkir í sínu fagi.

Textílkennararnir höfðu allir lagt mikið upp úr að sækja sér endurmenntun, bæði hérlendis og á Norðurlöndunum, og töldu það nauðsynlegt til þess að styrkja sig faglega. Allir textílkennararnir eru meðlimir í félagi textílkennara og flestir höfðu verið virkir meðlimir í Heimilisiðnaðarfélaginu og sótt sér námskeið þangað. Töldu kennararnir að of lítið framboð væri á námskeiðum í dag fyrir textílkennara. Kennararnir í úttekt Reykjavíkurborgar á listgreinakenndu í borginni töluðu einnig um skort á námskeiðum (Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

5.4 Aðalnámskráin - breytingar og vettvangur

Gefnar hafa verið út sex aðalnámskrár á tímabilinu frá árinu 1960 til dagsins í dag sem þróast hafa í tak við nýja tíma og breyttar áherslur á menntun og uppeldi. Höfðu textílkennararnir í rannsókninni því gengið í gengum töluverðar breytingar á sínum kennsluferli. Núgildandi aðalnámskrá er viðamikil og inniheldur háleit markmið fyrir textílmenntakennsluna og jafnframt eru markmið hennar opin (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Niðurstöður leiddu í ljós að textílkennararnir töldu að ekki væri hægt að koma því við að kenna allt það sem fram kæmi í aðalnámskránni, en töldu þó að mikilvægt væri að reyna það. Textílkennarar í rannsókn Guðrúnar Hannele Henttinen (2000) töldu einnig að mikilvægt væri að fylgja námskránni eins og kostur væri.

Að sögn kennaranna var of litlum tíma ætlað í textílmenntakennsluna og hóparnir of stórir sem rekja mætti til sparnaðar í skólakerfinu. Því fylgdi að þeirra sögn mikið álag því að kenna 14 til 15 nemendum í einu og færi það eftir samröðun nemendahópsins hvernig kennslan tækist til og hvort kennarinn stæðist álagið. Hafa ofangreindir þættir mikil áhrif á hvernig tekst til að ná fram markmiðum aðalnámskrárinnar. Rannsóknir hafa sýnt að mjög margir textíl- og list- og verkgreinakenningar telja að erfitt sé að koma því við að kenna allt sem kemur fram í aðalnámskrá (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011; Menntasvið Reykjavíkur, 2009).

Með námskránni frá árinu 1977 breyttust áherslur í námsgreininni textílmennt úr því að vera með mikla stýringu í verkefnavali og þeim

aðferðum sem unnið var eftir í það að farið var frekar að huga að þörfum nemandans. Sköpunarþátturinn fór að koma inn í námsgreinina og áttu nemendur að hafa áhrif á verkefnaval og eins tjá sig um eigin hugmyndir. Jafnframt var náminu ætlað að auka sjálfstraust og sjálfstæði þeirra. Sú breyting sem einnig átti sér stað var að námsgreinin var gerð að skyldunámsgrein fyrir drengi. Breytingarnar höfðu þau áhrif að tíminn sem námsgrein hafði haft minnkaði um helming (Aðalnámskrá grunnskóla, 1977).

Breytingarnar kölluðu fram þörf fyrir endurskoðun á þeim verkefnum sem tíðkast höfðu í námsgreininni fyrir námskrána 1977. Að sögn viðmælenda tók tíma að koma breytingunum í viðunandi farveg en að það hafi nokkurn veginn tekist í kringum árið 1985. Kennsluhættir innan námsgreinarinnar hafi þróast á þann veg að verkefni væru einfaldari í dag en þau voru áður fyrir þegar helmingi meiri tíma var ætlað í námsgreinina. Ekki væri lengur rými til að kenna tæknina jafn markvisst og að það þurfi að viðhafa fjölbreytni í vinnu nemenda við verkefni. Fram kom hjá viðmælendum að meðal annars vegna þessara þátta væri ekki lengur hægt að kenna þrjón og gamlar íslenskar útsaumsgerðir jafn markvisst og gert var fyrir námskrána 1977. Ekki væri tekið tillit til þessara þátta þegar talað væri um að kennslan í textílmennt væri ekki eins markviss og hún var áður og að nemendur öðluðust minni færni í greininni í dag.

Niðurstöður úr rannsókninni sýna að textílkennararnir hafa mikla skoðun á þeim breytingum sem koma með nýrri aðalnámskrá. Þeir íhuga breytingarnar vel og stundum eru námskrárnar það opnar að hægt er að velja sig að ákveðnu marki frá þeim. Má því spyrja sig að því hvort að með þessu séu textílkennararnir að sýna fagmennsku. Þeir nýta sér það frelsi sem námskráin gefur þeim og velja út frá þáttum eins og hvað sé hentugt að kenna út frá eigin styrkleikum, samsetningu nemendahópa og því sem þeir telji að komi sér best fyrir nemendur. Eisner (2002) talaði um kennarar væru sjálfstæðar fagmanneskjur og að fagmennska þeirra gerði það að verkum að þeir aðlöguðu námskrána og námsefnið að aðstæðum hverju sinni.

Einnig mætti spyrja sig að því hvort að textílkennarar velji verkefni út frá hentugleika sökum þessu hversu umfangsmikil aðalnámskráin er og um leið lítill tími og of stórir hópar nemenda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að faggreinakennarar upplifi spennu við að uppfylla kröfur aðalnámskrár og að því velji þeir að kenna út frá því sem þeir ráða auðveldlega við (Allyson Macdonald, Meyvant Þórolfsson, og Eggert Lárusson, 2007). Niðurstöður Rúnars Sigþórssonar (2008) leiddu í ljós að þeir efnisþættir námskrána sem settu mestan svip á það sem birtist í kennslunni, það er að segja hina virku

námskrá, sé það sem væri auðveldast að kenna og gerði um leið minnstu kröfur til kennslufræðilegrar fagþekkingar kennara.

Textílmennit byggir á ákveðnum grunnaðferðum ásamt tækni sem ekki breytast með útgáfu nýrrar aðalnámskrár. Textílkennararnir töluðu um að þeir gerðu langtímaáætlanir um markmið fyrir nemendur þar sem ákveðnir þættir tækninnar væru kenndir í hverri bekkjardeild og að svo væri byggt ofan á þá kunnáttu eftir því sem liði á nám nemenda. Draga mætti út frá því þá ályktun að það skýrði að einhverju leiti hvers vegna textílkennarar fylgja síður aðalnámskrá en aðrir kennarar eins fram kom í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*. Þar kom einnig fram að þeir þróuðu að einhverju leyti sína eigin námskrá og færu eigin leiðir í kennslu (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2011). Guðrún Helgadóttir (1989) komst einnig að þeirri niðurstöðu að textílkennarar þróuðu eigin námskrá. Sama virðist eiga við á Norðurlöndunum en í finnskum grunnskólum semja kennarar upp einhverju marki sína eigin námskrá (Garber, 2001). Ákveðið bil er einnig á milli þess sem fram kemur í námskránni og þess sem fer fram á vettvangi í sænskum grunnskólum í námsgreinunum textílslöjd og tré- og málmslöjd sem rekja má til þess að kennarar koma með sýna eigin túlkun á námskránni (Johansson og Hasselskog, 2003).

5.5 Rannsóknarspurningum svarað

Hér verður greint frá svörum við rannsóknarspurningunum sem fengust með rannsókninni. Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með voru þessar:

- Hvernig birtist þjóðlegt handverk í aðalnámskrá um textílmennit og lögum um grunnskóla frá árinu 1960?
- Hvernig birtist þjóðlegt handverk í textílmennit í grunnskólanum frá 1960?
- Hvernig birtist það sem fram kemur í aðalnámskrá um þjóðlegt handverk í textílmennit í grunnskólanum?

Íslenskur menningararfur og þjóðlegar handverkshefðir voru fyrst nefndar í aðalnámskrá frá árinu 1977 og hafa verið talin mikilvægur þáttur í námi síðan. Fram kemur í núgildandi aðalnámskrá frá 2013 fyrir námsgreinina textílmennit að námsgreinin byggir á rótgrónum handverkshefðum og að í list- og verkgreinum fái nemendur einstakt tækifæri á að kynna og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma. Ekki er talað um þjóðlegt handverk í lögum um grunnskóla heldur kemur þar fram að aðalnámskrá er ætlað að útfæra nánar hvernig námi og kennslu er háttað.

Viðmælendur hafa allir kennt þjóðlegt handverk og sögu þess. Handverkið birtist að mestu leyti sem kynning á aðferðum að baki handverkshefðarinnar. Handverkið og handverkshefðir sem fólk stundaði sér til bjargar eins og tóvinnu, vefnaður, þrjón og útsaumur voru þar í aðalhlutverki. Kennslan fór að mestu fram sem kynning á aðferðunum en minni áhersla var lögð á gersemarnar á Þjóðminjasafninu eins og gamla íslenska útsauminn og kvenbúningana eða handverkshefðina sem ber með sér meira listrænt yfirbragð.

Niðurstöður leiddu í ljós að þrátt fyrir að textílkennararnir kenni um þjóðlegt handverk kenna þeir ekki allt það sem aðalnámskrá kveður á um að kenna skuli um íslenskan menningararf og þjóðlegt handverk. Það sem helst vantar upp á var að kennt væri um jurttalitur, íslensku kvenbúningana og að nemendur fengju tækifæri til þess að fara í heimsóknir á söfn og sýningar.

Þrátt fyrir að allir viðmælendur hefðu kennt um þjóðlegt handverk var greinilegur skoðanamunur á hversu vegna þeir kenndu um handverkshefðina. Þrjú viðmælendur töldu mikilvægt að miðla handverkinu áfram, tveir nefndu að það kæmi fram í aðalnámskrá og einn nefndi uppeldisáhrif og viðhorf sem hún öðlaðist í kennaranáminu. Eru niðurstöðurnar í samræmi við það sem Eisner (2002) benti á að kennarar væru sjálfstæðar fagmanneskjur. Jafnframt hafa aðrar rannsóknir sýnt fram á að textílkennarar byggju að einhverju leiti til sína eigin námskrá (Guðrún Helgadóttir, 1989) og að persónuleg viðhorf kennara úr æsku og kennaranáminu hefðu áhrif á hvað þeir kenna (Guðrún Helgadóttir, 1997).

6 Lokaorð

Fáar rannsóknir hafa farið fram hér á landi sem snúa eingöngu að námsgreininni textílmennt og lítið hefur verið rannsakað hvort það sem aðalnámskrá kveður á um að kenna skuli í textílmennt birtist í textílmenntakennslunni. Ekki hefur verið skoðað svo höfundur viti til sérstaklega hvort eða hvernig íslenskur menningararfur og þjóðlegt handverk birtist í námsgreininni. Er því hér um að ræða viðbót við rannsóknir á sviði textílmennta sem vonandi verður faginu til framdráttar.

Í rannsókninni var sjónum beint sérstaklega að þjóðlegu handverki og hvernig það birtist í textílmennt í grunnskólunum hér á landi frá árinu 1960. Einnig var kannað hvort það sem aðalnámskrá kveður á um að skuli kenna um þjóðlegt handverk birtist í textílmenntakennslunni hjá viðmælendum mínum.

Af rannsókn minni að dæma fer kennsla á þjóðlegu handverki fram í textílmennt hér á landi í grunnskólanum og fer hún fram að mestu sem kynning á handverksaðferðunum. Textílkennararnir telja að námsgreinin byggir á arfi frá hinu gamla þjóðlega handverki og þeim menningararfi sem býr að baki þess að fólk áður fyrr stundaði handverk sér til bjargar. Meirihluti þátttakenda í rannsókninni taldi mikilvægt að kenna um þann menningararf sem þjóðlega handverkið er. Núgildandi aðalnámskrá er viðamikil og markmið hennar opin. Fram kom hjá viðmælendum að ekki væri rými í kennslunni til að framfylgja öllum þeim markmiðum sem þar er að finna í textílmennt og gaf rannsóknin til kynna að það sama ætti við um íslenskan menningararf og þjóðlegt handverk.

Rannsóknin hefur þær takmarkanir að hún gefur einungis litla mynd af því hvernig kennsla á þjóðlegu handverki fer fram þar sem hún lítur eingöngu að kennsluháttum þeirra sex textílkennara sem um ræðir í rannsókninni. Áhugavert hefði einnig verið að taka viðtöl við yngri textílkennara til að komast að því hver þeirra sýn er á að kenna þjóðlegt handverk í textílmennt sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu að minni áhersla er nú lögð á verklega þáttinn í námi textílkennara. Áhugavert væri í framhaldinu að rannsaka hvernig námið sem fram fer á íslenskum menningararfi og þjóðlegu handverki birtist nemendum í textílmennt í grunnskólanum og hvort það sé að vekja áhuga þeirra.

Mat höfundar er að þjóðlegi handverkspátturinn sem greinin byggir á sé mikilvægur og að honum eigi að halda á lofti innan námsgreinarinnar. Námsgreinin textílmennt byggir á grunni handverkshefðarinnar og hefur lítið breyst frá því farið var að kenna textílmennt hér á landi, þrátt fyrir að margvíslegar breytingar hafi átt sér stað innan námsgreinarinnar og hún tekið breytingum í takt við áherslur í uppeldi og menntun hvers tíma. Fram kemur í nágildandi aðalnámskrá frá 2013 að hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein sé að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar og kenna verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögum og hjálpa honum að raungera hugmyndir sínar. Ljóst er að eigi textílkennarar að vera faglega sterkir í sinni námsgrein og kenna samkvæmt því sem fram kemur í aðalnámskrá verði þeir að búa yfir góðri handverkskunnáttu þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að handverkspátturinn sé valinn burt eins og áhyggjuraddir eru um meðal margra textílkennara í dag.

Samkvæmt aðalnámskrá ber að kenna um þjóðlegu handverkshefðirnar sem eru hluti af íslenska menningararfinum í textílmennt. Námskráin er hins vegar viðamikil og til þess að kennsla á þjóðlegu handverki fari fram í textílmennt eins og námskráin kveður á um þurfa margir þættir að spila saman. Má þar nefna þætti eins og áhuga og vilja kennara, að þjóðlegt handverk þarf að vera hluti af menntun textílkennara og að aðgengi kennara að námsefni um íslenskan menningararf og þjóðlegt handverk þarf að vera fyrir hendi. Aukin skilningur og áhugi skólayfirvalda á þörfum námsgreinarinnar til að kenna um handverkshefðina þarf að vera til staðar og enn fremur er mikilvægt að kennsla á þjóðlegu handverki fari fram þannig að það vekji áhuga nemenda.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla 1977: Mynd- og handmennt/1977.
- Aðalnámskrá grunnskóla 1989: Mynd- og handmennt/1989.
- Aðalnámskrá grunnskóla 1999: Listgreinar/1999.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2007: Almennur hluti 2007.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2007: Listgreinar/2007.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Akker, J. J.H. Van den. (2003). Curriculum perspectives: an introduction. Í J. van den Akker, W. Kuiper & U. Hameyer (ritsjórar.), *Curriculum Landscape and trends* (1-10). Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Allyson Macdonald, Meyvant Þórólfsson, og Eggert Lárusson. (2007). Sýn fimm grunnskólakennara á nám og kennslu í náttúruvísindum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 83-99.
- Andri Ísaksson. (1983). Námskrárgerð og námskráfræði. Í Sigurjón Björnsson (ritstjóri) *Athöfn og orð: Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttæðum* (bls. 25-44). Reykjavík: Mál og menning.
- Arngunnur Sigurþórsdóttir. (2011). *Textílmennt kennd í lotukerfi* (óútfingin meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/10265/25522/1/M.Ed._Arngunnur.pdf
- Ármann Halldórsson. (2001). *Saga barnaskóla í Reykjavík til 1930*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands. (Þuríður J. Kristjánsdóttir bjó til útgáfu).
- Ársæl Már Arnarsson Rúnar og Helgi Andrason. (2013). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 497-509). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ásdís Skúladóttir. (1970). Verkleg kennsla á skyldunámsstiginu. *Menntamál*, 43(5), 174–180.

- Áslaug Sverrisdóttir. (2011). *Mótun hugmynda um íslenskt handverk 1850-1930. Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndahreyfinga*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Akker, J. J.H. Van den. (2003). Curriculum perspectives: an introduction. Í J. van den Akker, W. Kuiper & U. Hameyer (ritsjórar.), *Curriculum Landscape and trends* (1-10). Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5966>
- Björn Th. Björnsson. (1979). Annáll skólans 1939-1979. Í Árni Páll Jóhansson, Björgvin Sigurgeir Haraldsson, Björn Th. Björnsson, Einar Hákonarson og Gísli B. Björnsson (ritnefnd), *Myndlista- og Handiðaskóli Íslands*. Reykjavík: Myndlista- og Handiðaskóli Íslands.
- Brynjar Ólafsson. (2009). „... að mennta þá í orðsins sanna skilningi“ Um sögu, þróun og stöðu handmennta í grunnskólum á Íslandi 1970–2007. *Netla - Tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/011/index.htm>
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2009). Design and craft education in Iceland, Pedagogical background and development: *A literature review*. *Design and Technology Education*, 14(2),10-24.
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2011). Hönnun og smíði. Hugmyndafræðilegur bakgrunnur og þróun námsgreinar. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 51-74.
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2012). Kennaraskólinn í Nääs og fyrstu íslensku nemendur hans í uppeldismiðaðri smíðakennslu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 9 (1), 33-59.
- Dewey, J. (2000/1938). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (upphafleg útgáfa 1938).
- Eisner. W. E. (2002). *The arts and the creation of mind*. London: Yale university Press/New Haven & London.
- Erla Dís Arnardóttir. (2013). *Viðhorf og væntingar nemenda á unglingsstigi til námsgreinarinnar textílmennt „Textílmennt er nauðsynleg nema maður vilji kannski ganga allsber“* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af

- <http://skemman.is/stream/get/1946/16065/36956/1/M.Ed-ErLaDisArnar.pdf>
- Eyrún Ingadóttir. (1992). *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur í 50 ár*. Reykjavík: Hússtjórnaðarskóli Reykjavíkur.
- Fríður Ólafsdóttir. (1999). *Íslensk karlmanna-föt 1748 -1850*. Reykjavík: Bókaútgáfan Óðinn ehf.
- Fræðslumálastjórinn. (1948). Drög að námskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla. Reykjavík.
- Garber, E. (2002). Craft Education in Finland: Definitions, Rationales, and the Future. *International Journal of Art & Design Education*, 21 (2), 132-145. doi:10.1111/1468-5949.00308
- Grimstad, I. (2001). Hvordan lære å sy og strikke? Norsk Håndarbeidsundervisnings metode sett i forhold til det mål og meninge 1889-1998. Í Nygren-Landsgärd, C. og Peltonen, J. (ritstjórar), *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik* (42-54). Vasa: Nordfo.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun: Hugleiðingar og tilögur* (2. útgáfa). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Loftur Guttormsson ritstjóri ritraðar, Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu: 1. bindi).
- Guðmundur Oddur Magnússon. (2011). Íslenska munstrið. Munstur úr íslenskum handritum frá 17. öld til 19. aldar. Í Birna Geirfinnsdóttir og Guðmundur Oddur Magnússon, (ritstjórar), *Íslensk sjónabók. Ornaments and patterns found in iceland*. Reykjavík: Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
- Guðrún Geirsdóttir. (1998). Gróska í námskrárumræðu. *Ný menntamál*, 16(1), 6-9.
- Guðrún Hannele Henttinen. (2000). *Textílmenn með augum textílkennara* (óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Guðrún Helgadóttir. (1989). *A survey of attitudes of Icelandic art and craft teachers toward curriculum and practice in their subject area* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <https://circle.ubc.ca/handle/2429/28233?show=full>
- Guðrún Helgadóttir. (1997). *Icelandic craft teachers' curriculum identity as reflected in life history* (óútgefin doktorsritgerð, The University of British

Columbia, Vancouver, Kanada). Sótt af
<https://circle.ubc.ca/handle/2429/6694>

Guðrún Helgadóttir. (2001). Art, sloyd and the good life. Í Nygren-Landsgård, C. og Peltonen, J. (ritstjórar), *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik* (140-149). Vasa: Nordfo.

Guðrún J. Briem, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Sigurðarson. (1927). *Álit og tillögur um fræðslu húsmæðra: Frá nefnd, er skipuð var af Búnaðarfélagi Íslands, 27. október 1927*. Reykjavík: Búnaðarfélagið.

Guðrún Sigurðardóttir. (1983). Handavinnukennsla í barnaskóla reykjavíkur, miðbæjarskólanum. *Hugur og hönd*, 40-41.

Gunnar M. Magnússon. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi, hátíðarit S. Í. B.* Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.

Halldóra Bjarnadóttir. (1912). Handavinnukennsla í skólum. *Skólablaðið*, 6(1), 6-10.

Halldóra Bjarnadóttir. (1917). Sambandsfjelag norðlenskra kvenna. *Hlín*, 1, 4-6.

Halldóra Bjarnadóttir. (1919). Handavinnukennsla í barnaskólum. *Hlín*, 3, 29-33.

Halldóra Bjarnadóttir. (1926). Handavinnan í barnaskólum. *Hlín*, 10, 86-88.

Halldóra Bjarnadóttir. (1928). Framtíðarhorfur. *Hlín*, 12, 52-58.

Halldóra Bjarnadóttir. (1929). Barnafræðsla í handavinnu. *Hlín*, 13, 60-62.

Halldóra Bjarnadóttir. (1931). Námskrá í handavinnu og skólasýning. *Hlín*, 15, 58-60.

Halldóra Bjarnadóttir. (1967). NOKKUR ÆFIATRIÐI. *Hlín*, 44(1), 35-37.

Háskóli Ísland. (e.d). Uglya Innri vefur. Sótt af
<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=70520520120>

Heimilisiðnaðarfélag Íslands. (e.d). Námskeið. Sótt af
<http://www.heimilisidnadur.is/index.php/namskeid-sp-1046507933>

Heimilisiðnaðarfélag Íslands. (e.d.). Saga félagsins. Sótt af
<http://www.heimilisidnadur.is/index.php/um-heimilisidnadarfelagid/saga-felagsins>

- Heimilisiðnaður. (1908). *Skólablaðið*, 2(23-24), 89.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helgi Elíasson (ritstjóri). (1944). *Lög og reglur um skóla- og menningarmál á Íslandi sem í gildi eru í marzlok 1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Helgi Elíasson (ritstjóri). (1945). *Stutt yfirlit um skólamálin á Íslandi 1874-1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Helgi Skúlason (2008). Í þröngum stakki. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947-2007* (bls. 60-88). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947-2007* (44-63). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Inga Lára Lárusdóttir. (1913). Heimilisiðnaðarfélag Íslands. *Kvennablaðið*, 19(7), 51-52.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008). Aðalnámskráin 1976-1977 og nútímaleg kennslufræði. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947-2007* (bls. 120-135). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Íslensk orðabók*. (2007). Mördur Árnason (ritstjóri), (4. útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda.
- Johansson, M. og Hasselskog, P. (2003). *Nationella utvärderingen av grundskolan 2003 (NU-03) Slöjd*. Sótt af http://www.skolverket.se/om-skolverket/visa-enskild-publikation?_xurl_=http%3A%2F%2Fwww5.skolverket.se%2Fwtpub%2Fws%2Fskolbok%2Fwpubext%2Ftrycksak%2FRecord%3Fk%3D1416
- Jón Þórarinsson. (1891). Um kennslu í skóla-iðnaði. Fyrirlestur, haldinn í hinu íslenska kennarafjelagi laugardaginn 6. des. 1890. *Tímarit um uppeldi- og menntamál*, 4(1), 3-20.
- Jónas Jónasson. (2010). *Íslenzkir þjóðhættir* (Einar ÓL. Sveinsson bjó til prentunar). Reykjavík: Bókaútgáfan Opna. (frumútgáfa 1934).

- Katrín Jakobsdóttir. (2003). Ísland í aðalhlutverki: Þjóðernisstefna Morgunblaðsins. Í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstjórar), *Þjóðerni í þúsund ár? (167-180)*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Á. Ólafsdóttir. (2011). „Indæl“ markmið en ógerningur að sinna þeim öllum. List- og verkgreinar – áætlað umfang og nýting námskráa við undirbúning kennslu. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/016.pdf>
- Kristín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjórar.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-135). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative Research in Education, A User's Guide* (Third edition). Los Angeles: SAGE Publications.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Almenningsfræðsla umfram skyldu. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 144-159). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Barnakennarar: Starfskjör, menntun og staða. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 126-141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls.75-89). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008d). Lagagrunnur og framkvæmdir 1926 – 1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls. 108-123). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lýður Björnsson. (1981). *Úr sögu kennaramenntunar á Íslandi*. (Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar). Reykjavík: Iðunn.
- Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.
- Lög um fræðslu barna nr. 40/1926.
- Lög um fræðslu barna nr. 94/1936.

- Lög um fræðslu barna nr. 34/ 1946.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla nr. 49/ 1991.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. nr. 87. 2008.
- Magnús Guðmundsson. (1988a). Verkafólk í ullariðnaði. Í Jón Böðvarsson (ritstjóri), *Ull verður gull: Ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld* (bls.287-318). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Magnús Guðmundsson. (1988b). Heimilisiðnaður. Í Jón Böðvarsson (ritstjóri), *Ull verður gull: Ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld* (bls.46-108). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Marsh, C.J. & Willis G. (2003). *Curriculum: Alternative approaches, Ongoing Issues*. New jersey: Merrill Prentice Hall.
- Mason, R. (2005). The Meaning and Value of Home-Based Craft. *International Journal of Art & Design Education*, 24(3), 262-268. doi:10.1111/j.1476-8070.2005.00449.x
- Menntasvið Reykjavíkur. (2009). *Listkennsla í grunnskólum Reykjavíkur*. Sótt af http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skyrslur/Listgreinafr__sla_-_sk_rsla.pdf
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. (e.d). Sótt af <http://www.mss.is/namskeid/1119.aspx>
- Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri /1960.
- Ólafur Rastrick. (2008). Námsgreinar og námsefni. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945* (bls.163-177). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ragnhildur Vigfúsdóttir (1990). Námskeið og aftur námskeið... Fyrir konur. *Vera*, 9(2), 25-26.
- Rúnar Sigþórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats. Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og*

Íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum (óútgefin doktorsritgerð).
Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Saumaskólinn. (1873). *Víkverji*, (20-33), 113-120.

Sigríður Halldórsdóttir (2013a). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239-249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigríður Halldórsdóttir. (2013 b). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í megindlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211-227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Blöndal. (1936). Umferðakensla í vefnaði á Austurlandi. *Hlín*, 20(1), 124.

Sigrún Einarsdóttir. (1986). Námsflokkar endurspegla samfélagið. *Vera, mál gagn kvenfrelsisbaráttu*, 5(1), 15-17.

Sigrún Helgadóttir. (2013). Formáli. Í Heiður Vigfúsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Þorgerður Hlökkversdóttir (ritstjórar), *Faldar og skart. Faldbúningar og aðrir íslenskir þjóðbúningar*. Reykjavík: Bókaútgáfan opna og Heimilisiðnaðarfélagið.

Sigrún Hrafnsdóttir. (1982). *Húsmæðraskólinn á Hallormsstað 1930-1980*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Reykjavík: Háskólinn á Akureyri.

Skýrsla um barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1924-1925. Reykjavík 1926.

Smith L. (2006). *Uses of heritage*. Routledge.

UNESCO. (2007). *Vegvísir fyrir listfræðslu. Heimsráðstefna um listfræðslu: Efling sköpunarkrafts á 21. öld, Lissabon, 6–9. mars 2006* (Jón Hrólfur Sigurjónsson þýddi fyrir Félag tónlistarkennara). Reykjavík: Félag tónlistarkennara. (fyrst kom ritið út 2006).

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. (1960). *Halldóra Bjarnadóttir. Ævisaga*. Reykjavík: Setberg.

Viðauki

Viðtalsrammi fyrir hálfopin viðtöl við textílkennara

1. Hvaða menntun hefurðu og hvar menntaðirðu þig?
2. Hversu lengi hefurðu starfað/starfaðirðu sem textílkennari?
3. Hvað telur þú vera það mikilvægasta sem nemendur læra í textílmennt?
4. Kennirðu/kenndirðu um gamalt hefðbundið íslenskt handverk eða handverksaðferðirnar sjálfar og þá hvað?
5. Hver er ástæðan fyrir því að þú kennir/kenndir handverkið og um það?
6. Hefurðu upplifað miklar breytingar á aðalnámskránni?
7. Hvernig tekst/tókst þér að ná fram markmiðum aðalnámsskrár?
8. Hvernig velurðu/valdirðu úr aðalnámsskrá hvað skuli kenna?
9. Ertu virkur meðlimur í félagi sem tengist handverki?
10. Er eitthvað annað sem þú vildir koma að sem ég hef ekki komið inn á ?

